# Stjórnartíðindi
# 2003 - B-deild - B71-74

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

## Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

## Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

## Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# Stjórnartíðindi

B 71-74
Nr. 443-479

2003

# Efnisyfirlit B 71–74 2003



| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 443 | 16. júní | Auglýsing um framlengingu banns við innflutningi frá Belgíu, Hollandi og Þýskalandi vegna Avian Influensu eða fuglaflensu | 1433 |
| 444 | 20. júní | Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti | 1434-1435 |
| 445 | 20. júní | Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á soðnum eggjum og eggjarauðum | 1435-1436 |
| 446 | 20. júní | Reglugerð um loðnuveiðar íslenskra skipa 2003/2004 | 1436-1437 |
| 447 | 20. júní | Reglugerð um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2003/2004 | 1437-1441 |
| 448 | 18. júní | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi | 1441 |
| 449 | 23. júní | Reglugerð um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2003 | 1442 |
| 450 | 20. júní | Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir raforku. Suðurnes og Hafnarfjörður | 1443-1447 |
| 451 | 20. júní | Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn. Suðurnes | 1448-1450 |
| 452 | 20. júní | Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir raforku. Vestmannaeyjar | 1450-1454 |
| 453 | 20. júní | Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar | 1454-1456 |
| 454 | 20. júní | Gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds í Fellahreppi | 1456-1457 |
| 455 | 15. júní | Samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi | 1457-1458 |
| 456 | 23. júní | Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar | 1458 |
| 457 | 23. júní | Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar | 1458 |
| 458 | 18. júní | Auglýsing um deiliskipulag í Eyja- og Miklaholtshreppi | 1459 |
| 459 | 20. júní | Reglugerð um útreikning gjaldþols vátryggingafélaga | 1459 |
| 460 | 16. júní | Reglugerð um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja | 1460-1490 |
| 461 | 22. maí | Reglugerð um slátrun og meðferð sláturafurða | 1490-1509 |
| 462 | 5. júní | Reglugerð um Ábyrgðasjóð launa | 1509-1517 |
| 463 | 11. júní | Reglugerð um merkingar búfjár | 1518-1524 |
| 464 | 20. júní | Samþykkt um hundahald í Fellahreppi | 1524-1526 |
| 465 | 10. júní | Reglur um (3.) breytingu á reglum nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands | 1526-1527 |
| 466 | 11. júní | Reglugerð um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila samkvæmt raforkulögum | 1527-1528 |
| 467 | 19. júní | Reglur um breyting á reglum nr. 6/2003, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2003 | 1528 |



Framhald á 3. kápusíðu.

# AUGLÝSING

**um framlengingu banns við innflutningi frá Belgíu, Hollandi og Þýskalandi vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.**

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá belgískum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu Avian Influensu í Belgíu, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur ekki greinst á Íslandi, er bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Belgíu sem sett var með auglýsingu nr. 313/2003, sbr. og auglýsingu nr. 338/2003 framlengt til mánudagsins 21. júlí 2003.

Jafnframt er framlengt til 21. júlí 2003 bann við innflutningi á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Hollandi sem sett var með auglýsingu nr. 167/2003, sbr. og auglýsingu nr. 267/2003 og bann við sams konar innflutningi frá Þýskalandi sem sett var með auglýsingu nr. 338/2003.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 21. júlí 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 16. júní 2003.*

F. h. r.
**Guðmundur B. Helgason.**

*Sigríður Norðmann.*



B 94
Gutenberg

# REGLUGERÐ
## um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| | Vara | Tímabil | Vörumagn | Verðtollur | Magntollur |
|---|---|---|---|---|---|
| *Úr tollnúmeri:* | | | kg | % | kr./kg |
| 0701.9000 | Kartöflur, bökunar 65 mm og stærri | 01.07.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 0 |
| *Tollnúmer:* | | | | | |
| 0701.9000 | Kartöflur, aðrar | 01.07.-14.09.03 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0701.9000 | Kartöflur, aðrar | 15.09.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 60 |
| 0703.9001 | Blaðlaukur | 01.07.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0704.1000 | Blómkál | 01.07.-06.07.03 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0704.1000 | Blómkál | 07.07.-13.07.03 | ótilgr. | 0 | 88 |
| 0704.1000 | Blómkál | 14.07.-20.07.03 | ótilgr. | 0 | 132 |
| 0704.1000 | Blómkál | 21.07.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 176 |
| 0704.9001 | Hvítkál | 01.07.-20.07.03 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0704.9001 | Hvítkál | 21.07.-27.07.03 | ótilgr. | 0 | 40 |
| 0704.9001 | Hvítkál | 28.07.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 79 |
| 0704.9002 | Rauðkál | 01.07.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0704.9003 | Kínakál | 30.06.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 206 |
| 0704.9004 | Spergilkál | 01.07.-13.07.03 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0704.9004 | Spergilkál | 14.07.-20.07.03 | ótilgr. | 0 | 141 |
| 0704.9004 | Spergilkál | 21.07.-27.07.03 | ótilgr. | 0 | 197 |
| 0704.9004 | Spergilkál | 27.07.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 282 |
| 0706.1000 | Gulrætur og næpur | 01.07.-27.07.03 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0706.1000 | Gulrætur og næpur | 28.07.-03.08.03 | ótilgr. | 0 | 68 |
| 0706.1000 | Gulrætur og næpur | 04.08.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 136 |
| 0706.9001 | Gulrófur | 01.07.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0706.9002 | Rauðrófur | 01.07.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.4000 | Selja, önnur en seljurót | 01.07.-27.07.03 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.4000 | Selja, önnur en seljurót | 28.07.-03.08.03 | ótilgr. | 0 | 83 |
| 0709.4000 | Selja, önnur en seljurót | 04.08.-10.08.03 | ótilgr. | 0 | 138 |
| 0709.4000 | Selja, önnur en seljurót | 11.08.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 193 |
| 0709.5100 | Sveppir | 01.07.-30.09.03 | ótilgr. | 0 | 80 |

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. september 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 2003.*

F. h. r.
**Ólafur Friðriksson.**

*Sigríður Norðmann.*

20. júní 2003 Nr. 445

# REGLUGERÐ

## um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á soðnum eggjum og eggjarauðum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| | **Vara** | **Tímabil** | **Vörumagn** | **Verðtollur** | **Magntollur** |
|---|---|---|---|---|---|
| *Úr tollnúmeri:* | | **kg** | **%** | **kr./kg** | |
| 0408.1900 | Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihald í ≥ 5 kg umbúðum | 01.07.03-31.12.03 | ótilgr. | 0 | 39 |
| *Úr tollnúmeri:* | | | | | |
| 0408.9900 | Egg, soðin í ≥ 10 kg umbúðum | 01.07.03-31.12.03 | ótilgr. | 0 | 91 |

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 416/2002, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 2003.*

F. h. r.
**Ólafur Friðriksson.**

*Sigríður Norðmann.*

Nr. 446 20. júní 2003

# REGLUGERÐ

## um loðnuveiðar íslenskra skipa 2003/2004.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa á tímabilinu frá og með 20. júní 2003 til og með 30. apríl 2004.

2. gr.

Aðeins skipum sem hafa aflamark í loðnu er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni 2003/2004 er 362.345 lestir.

3. gr.

Veiðar eru heimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands með þeirri takmörkun að allar loðnuveiðar eru bannaðar á tímabilinu 16. ágúst – 15. september 2003.

4. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuafla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar afla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn.

Óheimilt er að dæla afla úr nót veiðiskips um borð í flutningaskip. Þá er óheimilt að flytja óvigtaðan afla milli skipa nema með sérstöku leyfi Fiskistofu. Fái loðnuskip það stórt kast, að skipið beri ekki allan þann afla sem er í nótinni er þó heimilt að dæla eftirstöðvum aflans úr nótinni um borð í annað veiðiskip, enda hafi bæði skipin aflamark í loðnu.

5. gr.

Einungis er heimilt að stunda loðnuveiðar með nót. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, leyft loðnuveiðar með vörpu í tilraunaskyni.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall loðnu, smærri en 14 cm, yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

6. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júní 2003.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

20. júní 2003 Nr. 447

# REGLUGERÐ

## um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2003/2004.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða norskra og færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á loðnuvertíðinni 20. júní 2003 til 30. apríl 2004.

2. gr.

Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um borð í veiðiskipi skal vera leyfi til loðnuveiða eða afrit af því og reglur sem um loðnuveiðar gilda.

Skip sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í brúttótonnum, burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki. Skip sem afsala sér veiðileyfi skulu tilkynna það Fiskistofu, og komi sömu upplýsingar fram og í umsókninni.

3. gr.

Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 13.980 lestir í efnahagslögsögu Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í efnahagslögsögu Íslands til 15. febrúar 2004 og norðan við 64°30′N.

Færeyskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samtals 30.000 lestir.

Allar veiðar eru bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands tímabilið 16. ágúst - 15. september 2003. Erlend veiðiskip skulu hlíta þeim verndaraðgerðum sem stjórnvöld og Hafrannsóknastofnun kunna að grípa til.

4. gr.

Færeyskum og norskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Færeyskum skipum sem stunda loðnuveiðar eftir 15. febrúar 2004 í fiskveiðilandhelgi Íslands er óheimilt að landa loðnuafla utan Íslands nema til bræðslu.

5. gr.

Ekki fleiri en 5 norsk skip stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelginni samtímis.

Ekki skulu fleiri en 10 færeysk skip stunda loðnuveiðar samtímis.

Óheimilt er að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

Ekki skulu fleiri loðnuveiðiskip frá hverri þjóð vera í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni, en hlotið hafa staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 12. gr.

6. gr.

Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um einn af eftirfarandi athugunarstöðum:

a) 65°00′N – 10°00′V
b) 66°15′N – 09°00′V
c) 67°30′N – 10°00′V
d) 68°30′N – 11°00′V
e) 69°15′N – 13°00′V
f) 68°40′N – 16°30′V
g) 68°00′N – 20°00′V

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að ákveða hvaða athugunarstað veiðiskip siglir um. Heimilt er með samþykki Landhelgisgæslunnar að halda til annarra athugunarstaða en tilgreindir eru í 1. mgr.

Óheimilt er að yfirgefa athugunarstað áður en tilkynntur komutími er liðinn, skv. 8. og 11.gr., nema að fengnu samþykki Landhelgisgæslunnar.

7. gr.

Skip sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða sbr. 2. gr. skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu.

8. gr.

Tilkynna skal Landhelgisgæslunni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu og komutíma á athugunarstað með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning" (entry report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Athugunarstað sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

9. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 00.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning" (catch report).

Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Afli síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða.

10. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „lokatilkynning“ (exit report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Afli síðan síðasta aflatilkynning var send.

11. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma á athugunarstað með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „athugunartilkynning“ (control report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstaðar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

Heimilt er að senda saman tilkynningu um lok veiða, sbr. 10. gr. og um komu á athugunarstað. Við sendingu slíkrar tilkynningar eiga við ákvæði þessarar greinar að öðru leyti en því að í stað orðsins: „athugunartilkynning“ (control report) koma orðin: „loka- og athugunartilkynning“ (exit og control report).

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa staðfestingu Landhelgisgæslunnar, sbr. 3. mgr. 5. gr., heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda tilkynni þau til Landhelgisgæslunnar um komu sína í fiskveiðilandhelgina, eða brottför úr íslenskri höfn, með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „In“.
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar sigling út úr lögsögunni er áætluð.

Á 12 klukkustunda fresti skal síðan senda tilkynningu um staðsetningu skipsins til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Staðsetningartilkynning“ (position report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími, stefna, hraði og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Þegar skip siglir út úr íslenskri fiskveiðilandhelgi skal það tilkynnt til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Out“.

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar skip siglir út úr lögsögunni.

13. gr.

Skipstjórum erlendra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í erlend loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og ennfremur greiða allan kostað af veru þeirra um borð í skipinu.

Í afladagbók, sem skal vera innbundin, með númeruðum síðum og í tvíriti, skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Nafn skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar nótinni er kastað og afla í hverju kasti í tonnum, áður en nótinni er kastað á ný. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í fiskveiðilandhelgi Íslands, stærð nótar og möskvastærð. Þá skal skipstjóri undirrita hverja síðu. Jafnframt skal Hafrannsóknastofnuninni sent afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:

Afladagbók.

Skipsdagbók.

Mælibréfi.

Teikningum af skipi.

Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afriti af því.

Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.

Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðibrota.

Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað við 10 sentímetra millibil frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

14. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót.

15. gr.

Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Hafrannsóknastofnunarinnar, sbr. 8.-11. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

16. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 6. gr. og 8.-11. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

17. gr.

Tilkynningar skv. 7.-11. gr. skal senda á íslensku eða ensku, og skulu tímasetningar vera miðaðar við íslenskan tíma, UTC.

Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa, gegn reglugerð þessari.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júní 2003.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

18. júní 2003 Nr. 448

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo: Til 31. ágúst 2003 eru veiðar með fiskibotnvörpu heimilar á svæði samkvæmt 1. gr. togbátum sem eru 26 metrar að mestu lengd eða styttri, enda séu vörpur þeirra búnar leggglugga í samræmi við ákvæði 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 24. júní 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. júní 2003.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

# REGLUGERÐ

**um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2003.**

1. gr.

Á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur sem hér segir á árinu 2003:

a) Í júlí 2003 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
b) Í desember 2003 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 431/2002.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. júní 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*



Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 2003

20. júní 2003 1443 Nr. 450

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir raforku.**
**Suðurnes og Hafnarfjörður.**

RAFORKUGJÖLD

**A. Almennir taxtar.**

A. 1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 5,84 | (7,27) | kr./kWst |
| Fastagjald | 2.652,00 | (3.301,74) | kr./ár |

A. 11 Verð á rafmagni til heimilisnotkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 5,84 | (7,27) | kr./kWst |
| Fastagjald | 2.652,00 | (3.301,74) | kr./ár |

A. 3 Verð á rafmagni til endursölu í höfnum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 5,04 | (6,27) | kr./kWst |
| Fastagjald | 2.652,00 | (3.301,74) | kr./ár |

A. 4 Verð á rafmagni til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A. 1 ef hagkvæmara þykir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 4,35 | (5,41) | kr./kWst |
| Fastagjald | 10.609,00 | (13.208,21) | kr./ár |

A. 5 Verð á rafmagni til notkunar í brauðgerðum, tímaháður taxti. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A. 1 ef hagkvæmara þykir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald, daggjald | 5,84 | (7,27) | kr./kWst |
| Orkugjald, næturgjald | 3,29 | (4,09) | kr./kWst |
| Fastagjald | 10.609,00 | (13.208,21) | kr./ár |

A. 6 Verð á rafmagni til samfeldrar notkunar, tímaháður taxti. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A. 1 ef hagkvæmara þykir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald, lágverð | 3,61 | (4,49) | kr./kWst |
| Orkugjald, miðverð | 6,23 | (7,76) | kr./kWst |
| Orkugjald, háverð | 14,19 | (17,67) | kr./kWst |
| Fastagjald | 123.358,00 | (153.588,65) | kr./ár |

**B. Afltaxtar.**

B. 1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald, vetur (október-apríl) | 3,20 | (3,98) | kr./kWst |
| Orkugjald, sumar (maí-september) | 1,60 | (1,99) | kr./kWst |
| Fastagjald | 10.609,00 | (13.208,21) | kr./ár |
| Aflgjald | 8.487,00 | (10.566,56) | kr./kW/ár |

Aflgjaldið greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki hitaveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni. Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

B. 21 Verð á rafmagni til úti- og götulýsingar innan eignarsveitarfélaganna, samkvæmt uppsettu afli:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflgjald | 16.444,00 | (20.473,00) | kr./kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 17.505,00 | (21.794,00) | kr./kW/ár |

B. 22 Verð á rafmagni til þjóðvegalýsingar Vegagerðar og önnur rofin útilýsing (t.d. bílastæði o.fl.), samkvæmt uppsettu afli:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflgjald | 20.157,00 | (25.096,00) | kr./kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 0,00 | (0,00) | kr./kW/ár |

B. 23 Verð á rafmagni, önnur órofin útilýsing (magnarar í fjarskiptakerfum, umferðarljós o.fl.) samkvæmt uppsettu afli:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflgjald | 35.916,00 | (44.716,00) | kr./kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 0,00 | (0,00) | kr./kW/ár |

B. 24 Verð á rafmagni, önnur rofin útilýsing, með viðhaldsgjaldi og samkvæmt uppsettu afli:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflgjald | 20.157,00 | (25.096,00) | kr./kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 21.218,00 | (26.416,00) | kr./kW/ár |

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

### C. Hitun.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| C. 1 | Órofin húshitun | 5,84 | (6,66) | kr./kWst |
| C. 2 | Daghitun, húshitun rofin | 3,82 | (4,36) | kr./kWst |
| C. 3 | Næturhitun, húshitun rofin | 2,12 | (2,42) | kr./kWst |
| | Fastagjald C. 1 | 2.652,00 | (3.024,00) | kr./ár |
| | Fastagjald C. 2 og C. 3 | 9.548,00 | (10.885,00) | kr./ár |

### D. Rofnir taxtar.

Orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári. Orkuafhending rofin allt að 2x2 klst. á dag innan roftímabils:

R. 1 Rofið desember – mars:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 3,20 | (3,98) | kr./kWst |
| Fastagjald | 9.548,00 | (11.887,00) | kr./ár |

R. 11 Rofið desember og febrúar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 3,48 | (4,33) | kr./kWst |
| Fastagjald | 9.548,00 | (11.887,00) | kr./ár |

R. 12 Rafhitun. Rofið október – apríl:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 3,20 | (3,65) | kr./kWst |
| Fastagjald | 9.548,00 | (10.885,00) | kr./ár |

Orkunotkun 200.000 kWst á ári eða meira. Orkuafhending rofin allt að 2x2 klst. á dag innan roftímabils:

R. 2 Rofið desember – mars:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald, vetur (október-apríl) | 3,99 | (4,96) | kr./kWst |
| Orkugjald, sumar (maí-september) | 2,00 | (2,49) | kr./kWst |
| Fastagjald | 9.548,00 | (11.887,00) | kr./ár |

R. 21 Rofið desember og febrúar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald, vetur (október-apríl) | 4,52 | (5,63) | kr./kWst |
| Orkugjald, sumar (maí-september) | 2,00 | (2,49) | kr./kWst |
| Fastagjald | 9.548,00 | (11.887,00) | kr./ár |

Orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári. Orkuafhending rofin allt að 12 klst. á dag innan roftímabils:

R. 3 Næturnotkun, rof allt árið:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 3,29 | (4,09) | kr./kWst |
| Fastagjald | 9.548,00 | (11.887,00) | kr./ár |

Orkunotkun 200.000 kWst á ári eða meira. Orkuafhending rofin allt að 12 klst. á dag innan roftímabils:

R. 4 Næturnotkun, rof allt árið:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald, vetur (október-apríl) | 3,22 | (4,01) | kr./kWst |
| Orkugjald, sumar (maí-september) | 1,61 | (2,00) | kr./kWst |
| Fastagjald | 9.548,00 | (11.887,00) | kr./ár |

## E. Ótryggð orka.

Ót – 1. þrep

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 1,3874 | (1,73) | kr./kWst |
| Fastagjald | 163.060,00 | (203.010,00) | kr./ár |

Ót – 2. þrep

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 1,7972 | (2,24) | kr./kWst |
| Fastagjald | 163.060,00 | (203.010,00) | kr./ár |

Ót – 3. þrep

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | (4,0273)* | (5,01) | kr./kWst |
| Fastagjald | 163.060,00 | (203.010,00) | kr./ár |

Kaupandi ótryggðs rafmagns skal einnig greiða allan kostnað vegna sérstaks úttaks ef hann þarf það vegna kaupa á ótryggðu rafmagni.

* Orkugjald þriðja verðþreps tekur mið af verði svartolíu eins og það er á hverjum tíma, sbr. verðskrá Landsvirkjunar.

**F. Mælileiga.**

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| D. 1 | Af einfasa mælum | 1.061,00 | (1.209,43/1.320,82) | kr./ár |
| D. 2 | Af þrífasa mælum upp að 50 A | 4.244,00 | (4.837,70/5.283,28) | kr./ár |
| D. 3 | Af þrífasa mælum 50 A og ofar | 6.365,00 | (7.256,56/7.924,92) | kr./ár |
| D. 4 | Af álagsstýringarliðum | 6.365,00 | (7.256,56/7.924,92) | kr./ár |
| D. 5 | Af aflmælum | 10.609,00 | (12.094,00/13.208,00) | kr./ár |

Mælaleiga reiknast ekki af A1, A11, A3 og C1. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun hitaveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

**Heimtaugargjald.**

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

| *Málstraumur* | | *Heimtaugargjöld* | | |
|---|---|---|---|---|
| 63A | 1 - fasa | 63.017,00 | ( 78.457,00) | kr. |
| 63A | 3 - fasa | 69.701,00 | ( 86.778,00) | kr. |
| 100 A | 3 - fasa | 111.501,00 | ( 138.818,00) | kr. |
| 200 A | 3 - fasa | 220.243,00 | ( 274.202,00) | kr. |
| 300 A | 3 - fasa | 331.001,00 | ( 412.096,00) | kr. |
| 400 A | 3 - fasa | 449.928,00 | ( 560.160,00) | kr. |
| 600 A | 3 - fasa | 664.336,00 | ( 827.098,00) | kr. |
| 900 A | 3 - fasa | 996.503,00 | (1.240.647,00) | kr. |
| 1.200 A | 3 - fasa | 1.331.005,00 | (1.657.101,00) | kr. |
| 1.800 A | 3 - fasa | 1.986.111,00 | (2.472.708,00) | kr. |
| 2.400 A | 3 - fasa | 2.651.613,00 | (3.301.259,00) | kr. |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Bráðabirgðatenging.

| *Málstraumur:* | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 63 A | 1 - fasa | 12.625,00 | ( 15.718,00) | kr. |
| 63 A | 3 - fasa | 17.399,00 | ( 21.661,00) | kr. |
| 100 A | 3 - fasa | 18.566,00 | ( 23.114,00) | kr. |
| 200 A | 3 - fasa | 70.338,00 | ( 87.570,00) | kr. |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Heimtaugargjöld fyrir sumarhús í skipulögðu sumarhúsahverfi eru að lágmarki kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 x 63 A | 211.543,00 | ( 263.372,00) | kr. |
| 3 x 63 A | 239.551,00 | ( 298.241,00) | kr. |

Fyrir einstök sumarhús er heimtaugargjaldið ávallt samkvæmt kostnaði, þó aldrei lægra en ofangreint lágmarksgjald.

Smáheimtaugar.
Smáheimtaugar eru fyrir magnara í fjarskiptakerfum
3 x 16 A ...................................... 47.602,00 ( 59.265,00) kr.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, hitaveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

## Ýmis ákvæði.

1. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo og landtengingu skipa, skal greiða gjald ............................ 5.305,00 ( 6.604,00) kr.

2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum af veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 3.183,00 ( 3.962,00) kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi hitaveitunnar.

4. gr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun þar sem virðisaukaskatturinn er 14%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf., sbr. lög nr. 10, frá 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja hf. og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 703, 21. september 2001, með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn.**
**Suðurnes.**

I. KAFLI
1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI
3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli:

| | | |
|---|---|---|
| fyrir hvern mínútulítra á ári | 21.642,00 | (24.672,00) kr. |
| fyrir hvern mínútulítra á dag | 59,30 | ( 67,60) kr. |

Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli pr. tonn:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Til húshitunar | 60,74 | ( 69,24) | kr. pr. tonn |
| Til annarra nota | 60,74 | ( 75,62) | kr. pr. tonn |
| Til iðnaðar, sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar | 33,42 | ( 41,61) | kr. pr. tonn |

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a) | Fyrir mæla eða hemla allt að 3/4″ | 318,00 | ( 262,83/ 396,25) kr. |
| | kr. pr. dag | 10,4637 | ( 11,93/ 13,03) kr. |
| b) | Fyrir mæla eða hemla 1″ – 2″ | 637,00 | ( 725,66/ 792,49) kr. |
| | kr. pr. dag | 20,9273 | ( 23,86/ 26,05) kr. |
| c) | Fyrir mæla eða hemla 3″ og stærri | 1.273,00 | ( 1.451,31/1.584,98) kr. |
| | kr. pr. dag | 41,8547 | ( 47,71/ 52,11) kr. |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| *Rúmmál húss utanmál ($m^3$)* | *Heimæðargjald* | | |
|---|---|---|---|
| Allt að 400 | kr. 106.090,00 (120.943,00) | | |
| 400 - 2.000 | kr. 106.090,00 (120.943,00) | fyrir | 400 $m^3$ + 86,57 (98,69) kr./$m^3$ þar yfir. |
| 2.000 - 6.000 | kr. 244.604,00 (278.849,00) | fyrir | 2.000 $m^3$ + 71,19 (81,16) kr./$m^3$ þar yfir. |
| 6.000 -10.000 | kr. 529.389,00 (603.504,00) | fyrir | 6.000 $m^3$ + 62,99 (71,81) kr./$m^3$ þar yfir. |
| Yfir 10.000 | kr. 781.353,00 (890.742,00) | fyrir | 10.000 $m^3$ + 54,80 (62,47) kr./$m^3$ þar yfir. |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða ...................................................... 13.155,00 (14.997,00) kr. í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga og einnig er heimilt að veita lengri gjaldfrest sé ekki áformað að hita hluta húsnæðis. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur 3.183,00 (3.628,00) kr. hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Virðisaukaskattur, 14,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

## IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja hf. og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15,

20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 702, 21. september 2001, með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 452 20. júní 2003

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir raforku.**
**Vestmannaeyjar.**

RAFORKUGJÖLD

**A. Almennir taxtar.**

A1V Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 6,36 | (7,91) | kr./kWst |
| Fastagjald | 2.652,00 | (3.301,74) | kr./ár |

A3V Verð á rafmagni til endursölu í höfnum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 5,49 | (6,83) | kr./kWst |
| Fastagjald | 2.652,00 | (3.301,74) | kr./ár |

A4V Verð á rafmagni til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A1V ef hagkvæmara þykir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 4,74 | (5,90) | kr./kWst |
| Fastagjald | 10.609,00 | (13.208,21) | kr./ár |

A5V Verð á rafmagni til notkunar í brauðgerðum, tímaháður taxti. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A1V ef hagkvæmara þykir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald, daggjald | 6,36 | (7,91) | kr./kWst |
| Orkugjald, næturgjald | 3,58 | (4,46) | kr./kWst |
| Fastagjald | 10.609,00 | (13.208,21) | kr./ár |

**B. Afltaxtar.**

B1V Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald, vetur (október-apríl) | 3,49 | (4,35) | kr./kWst |
| Orkugjald, sumar (maí-september) | 1,75 | (2,18) | kr./kWst |
| Fastagjald | 10.609,00 | (13.208,21) | kr./ár |
| Aflgjald | 10.158,00 | (12.646,54) | kr./kW/ár |

Aflgjaldið greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki hitaveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni. Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi

skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

B21V Verð á rafmagni til úti og götulýsingar innan eignarsveitarfélaganna, samkvæmt uppsettu afli:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflgjald | 17.924,00 | (22.315,00) | kr./kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 17.505,00 | (21.794,00) | kr./kW/ár |

B22V Verð á rafmagni til þjóðvegalýsingar Vegagerðar og önnur rofin útilýsing (t.d. bílastæði o.fl.), samkvæmt uppsettu afli:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflgjald | 21.971,00 | (27.354,00) | kr./kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 0,00 | (0,00) | kr./kW/ár |

B23V Verð á rafmagni, önnur órofin útilýsing, (magnarar í fjarskiptakerfum, umferðarljós o.fl.) samkvæmt uppsettu afli:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflgjald | 39.148,00 | (48.740,00) | kr./kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 0,00 | (0,00) | kr./kW/ár |

B24V Verð á rafmagni, önnur rofin útilýsing, með viðhaldsgjaldi og samkvæmt uppsettu afli:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflgjald | 21.971,00 | (27.354,00) | kr./kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 21.218,00 | (26.416,00) | kr./kW/ár |

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

## C. Hitun.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| C1V | Órofin húshitun íbúðarhús | 4,73 | (5,39) | kr./kWst |
| | Niðurgreitt allt að 50.000 kWst. | | | |
| C11V | Órofin húshitun önnur hitun | 4,08 | (4,65) | kr./kWst |
| | Fastagjald C1V og C11V | 4.030,00 | (4.594,00) | kr./ár |

## E. Ótryggð orka.

ÓtV – 1. þrep

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 1,4221 | (1,77) | kr./kWst |
| Fastagjald | 185.658,00 | (213.144,00) | kr./ár |

ÓtV – 2. þrep

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 1,8422 | (2,29) | kr./kWst |
| Fastagjald | 185.658,00 | (213.144,00) | kr./ár |

ÓtV – 3. þrep

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | (4,1280)* | (5,14) | kr./kWst |
| Fastagjald | 185.658,00 | (213.144,00) | kr./ár |

ÓtV – 4. þrep

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 1,5383 | (1,92) | kr./kWst |
| Fastagjald | 185.658,00 | (213.144,00) | kr./ár |

---

* Orkugjald þriðja og sjötta verðþreps tekur mið af verði svartolíu eins og það er á hverjum tíma, sbr. verðskrá Landsvirkjunar.

ÓtV – 5. þrep

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 1,9627 | (2,44) | kr./kWst |
| Fastagjald | 185.658,00 | (213.144,00) | kr./ár |

ÓtV – 6. þrep

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | (4,1906)* | (5,22) | kr./kWst |
| Fastagjald | 185.658,00 | (213.144,00) | kr./ár |

Kaupandi ótryggðs rafmagns skal einnig greiða allan kostnað vegna sérstaks úttaks ef hann þarf það vegna kaupa á ótryggðu rafmagni.

**F. Mælileiga.**

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| D. 1 | Af einfasa mælum | 1.061,00 | (1.209,43/1.320,82) | kr./ár |
| D. 2 | Af þrífasa mælum upp að 50 A | 4.244,00 | (4.837,70/5.283,28) | kr./ár |
| D. 3 | Af þrífasa mælum 50 A og ofar | 6.365,00 | (7.256,56/7.924,92) | kr./ár |
| D. 4 | Af álagsstýringarliðum | 6.365,00 | (7.256,56/7.924,92) | kr./ár |
| D. 5 | Af aflmælum | 10.609,00 | (12.094,00/13.208,00) | kr./ár |

Mælaleiga reiknast ekki af A1V, A3V, C1V og C11V. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun hitaveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

**Heimtaugargjald.**

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

| *Málstraumur* | | *Heimtaugargjöld* | | |
|---|---|---|---|---|
| 63A | 1 - fasa | 63.017,00 | ( 78.457,00) | kr. |
| 63A | 3 - fasa | 69.701,00 | ( 86.778,00) | kr. |
| 100 A | 3 - fasa | 111.501,00 | ( 138.818,00) | kr. |
| 200 A | 3 - fasa | 220.243,00 | ( 274.202,00) | kr. |
| 300 A | 3 - fasa | 331.001,00 | ( 412.096,00) | kr. |
| 400 A | 3 - fasa | 449.928,00 | ( 560.160,00) | kr. |
| 600 A | 3 - fasa | 664.336,00 | ( 827.098,00) | kr. |
| 900 A | 3 - fasa | 996.503,00 | (1.240.647,00) | kr. |
| 1.200 A | 3 - fasa | 1.331.005,00 | (1.657.101,00) | kr. |
| 1.800 A | 3 - fasa | 1.986.111,00 | (2.472.708,00) | kr. |
| 2.400 A | 3 - fasa | 2.651.613,00 | (3.301.259,00) | kr. |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Bráðabirgðatenging.
*Málstraumur:*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 63 A 1 - fasa | 12.625,00 | ( 15.718,00) | kr. |
| 63 A 3 - fasa | 17.399,00 | ( 21.661,00) | kr. |
| 100 A 3 - fasa | 18.566,00 | ( 23.114,00) | kr. |
| 200 A 3 - fasa | 70.338,00 | ( 87.570,00) | kr. |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.
Heimtaugargjöld fyrir sumarhús í skipulögðu sumarhúsahverfi eru að lágmarki kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 x 63 A | 211.543,00 | ( 263.372,00) | kr. |
| 3 x 63 A | 239.551,00 | ( 298.241,00) | kr. |

Fyrir einstök sumarhús er heimtaugargjaldið ávallt samkvæmt kostnaði, þó aldrei lægra en ofangreint lágmarksgjald.

Smáheimtaugar.
Smáheimtaugar eru fyrir magnara í fjarskiptakerfum

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3 x 16 A | 47.602,00 | ( 59.265,00) | kr. |

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, hitaveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

## Ýmis ákvæði.

1. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo og landtengingu skipa, skal greiða gjald ............................ 5.305,00 ( 6.604,00) kr.

2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum af veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 3.183,00 ( 3.962,00) kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi hitaveitunnar.

4. gr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun þar sem virðisaukaskatturinn er 14%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf., sbr. lög nr. 10, frá 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja hf. og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 598, 20. júlí 2001 og gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku, nr. 598, 20. júlí 2001.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 453 20. júní 2003

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn.**
**Vestmannaeyjar.**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu mælt með þar til gerðum magnmælum.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnmæli.

Þar til mælir hefur verið settur upp eða ef mælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Til húshitunar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| VM1 | 169,29 | (192,99) | kr. pr. tonn |
| Niðurgreitt allt að 1.111 $m^2$ | 91,80 | | |
| VM2 $m^3$ | 42,33 | ( 48,26) | kr. pr. tonn |
| Niðurgreitt á $m^2$ | 22,95 | | |
| VM2 kWh | 2,82 | ( 3,22) | kr. pr. tonn |
| Niðurgreitt á kWh | 1,53 | | |

Til annarra nota:

| | | |
|---|---|---|
| VM3 $m^3$ ........................................................ | 117,57 | (134,03) kr. pr. tonn |
| VM4 $m^3$ ........................................................ | 29,41 | ( 33,52) kr. pr. tonn |
| VM4 kWh ........................................................ | 1,96 | ( 2,23) kr. pr. tonn |

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á ári:

| | | | |
|---|---|---|---|
| MV1 | Fyrir mæla allt að 3/4″ ......................... | 9.585,00 | (10.927,00) kr. |
| MV2 | Fyrir mæla eða hemla 1″ – 2″ .............. | 19.096,00 | (21.770,00) kr. |
| MV3 | Fyrir mæla eða hemla 3″ og stærri ....... | 38.284,00 | (43.644,00) kr. |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| *Rúmmál húss utanmál ($m^3$)* | *Heimæðargjald* | | |
|---|---|---|---|
| Allt að 400 | kr. 106.090,00 (120.943,00) | | |
| 400 - 2.000 | kr. 106.090,00 (120.943,00) | fyrir | 400 $m^3$ + 86,57 (98,69) kr./ $m^3$ þar yfir. |
| 2.000 - 6.000 | kr. 244.604,00 (278.849,00) | fyrir | 2.000 $m^3$ + 71,19 (81,16) kr./ $m^3$ þar yfir. |
| 6.000 -10.000 | kr. 529.389,00 (603.504,00) | fyrir | 6.000 $m^3$ + 62,99 (71,81) kr./ $m^3$ þar yfir. |
| Yfir 10.000 | kr. 781.353,00 (890.742,00) | fyrir | 10.000 $m^3$ + 54,80 (62,47) kr./ $m^3$ þar yfir. |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða ........................................................ 13.155,00 (14.997,00) kr. í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest sé ekki áformað að hita hluta húsnæðis.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur .. 3.183,00 (3.628,00) kr. hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Virðisaukaskattur, 14,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja hf. og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 702, 21. september 2001, með síðari breytingum og gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn, nr. 597, 20. júlí 2001.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 454 20. júní 2003

# GJALDSKRÁ

## vegna hunda- og kattahalds í Fellahreppi.

1. gr.

Hunda- og kattaeigendur sem búsettir eru innan þéttbýlis í Fellahreppi, skulu greiða leyfisgjald skv. lið b, gr. 2.1 í samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald í Fellahreppi, sem staðfestar voru af umhverfisráðuneytinu 20. júní 2003.

2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjald skv. 1. gr. að upphæð kr. 9.000 á hvern hund við skráningu. Síðan skal innheimta hundaleyfisgjald að upphæð kr 6.500 á hvern skráðan hund á ári.

Af köttum skal innheimta kattaleyfisgjald skv. 1. gr. að upphæð kr. 7.500 á hvern kött við skráningu. Síðan skal innheimta kattaleyfisgjald að upphæð kr. 5.000 á hvern skráðan kött á ári.

Heimilt er að lækka hundaleyfis- og kattaleyfisgjald sem nemur ársiðgjaldi ábyrgðartryggingar dýrsins.

Innifalið í leyfisgjaldi er hreinsunargjald hjá dýralækni og ein örmerking hundar eða kattar hjá dýralækni.

3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald í Fellahreppi, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða kr. 4.000 og að auki kr. 1.000 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem dýr hefur verið í vörslu.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

4. gr.

Ofangreind galdskrá var samþykkt af sveitarstjórn Fellahrepps þann 28. maí 2003, á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

*Fellahreppi, 20. júní 2003.*

F.h. sveitarstjórnar Fellahrepps,

**Jens P. Jensen** sveitarstjóri.

15. júní 2003 Nr. 455

# SAMÞYKKT

## um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Frárennsli frá húseignum í Djúpavogshreppi, sem ekki er unnt að tengja við holræsakerfi, skal leiða gegnum rotþró og frekari hreinsun (alla jafnan siturlögn) samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar.

Hönnun, stærð og staðsetning rotþróa er háð samþykki heilbrigðisnefndar Austurlands.

2. gr.

Hreinsun og tæming rotþróa skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands. Eingöngu aðilar með starfsleyfi til holræsahreinsunar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega annast framkvæmdina.

Rotþró skal tæmd ekki sjaldnar en annað hvert ár. Rotþróarseyru skal fargað á viðurkenndan hátt, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþró.

3. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjald þetta skal lagt á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu.

Rotþróargjald skal lagt á og innheimt með fasteignagjöldum, í fyrsta sinn árið 2004.

4. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

5. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Samþykktin tekur gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 15. júní 2003.*

F. h. r.
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 456 23. júní 2003

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.**

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum, nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Akraness og Borgarfjarðar, nr. 753, 17. október 2002, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir fyrir varmaorku hækka um 3,4%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 23. júní 2003.*

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 457 23. júní 2003

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar.**

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum, nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, nr. 814, 18. nóvember 2002, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir fyrir varmaorku hækka um 3,4%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 23. júní 2003.*

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# AUGLÝSING

## um deiliskipulag í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Grímsárvirkjun.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hjarðarfelli, 18. júní 2003.*

F.h. hreppsnefndar,

**Guðbjartur Gunnarsson** oddviti.

20. júní 2003 Nr. 459

# REGLUGERÐ

## um útreikning gjaldþols vátryggingafélaga.

1. gr.

Í reglugerð þessari er að finna nánari útfærslu á útreikningi fjárhæða skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. og fjárhæða skv. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi.

2. gr.

Fjárhæðir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 33. gr. laganna skulu taka breytingum í fyrsta skipti þann 20. september 2003 og síðan hinn 31. desember ár hvert, í fyrsta skipti þann 31. desember 2004, í samræmi við breytingar á samræmdri vísitölu neysluverðs í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem birt er af Hagstofu Íslands frá gildinu 111,2 og breytingar á opinberu viðmiðunargengi evru, miðað við grunngengi 85 kr.

Framreiknaðar fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu hækkaðar upp í næstu fjárhæð sem er deilanleg með 10 milljónum.

Sé breyting vísitölunnar innan við 5% frá síðustu endurskoðun skulu fjárhæðir ekki taka breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 98. gr., sbr. og 1. mgr. 33. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Með reglugerð þessari er innleidd í íslenskan rétt grein 20 a í tilskipun 2002/12/EB og grein 17 a í tilskipun 2002/13/EB sem teknar voru upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar nr. 164/2002 og 165/2002 frá 6. desember 2002 með breytingu á IX. viðauka samningsins.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 494 22. júlí 1997 um eignir sem telja má til gjaldþols vátryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 20. júní 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Benedikt Árnason.*

# REGLUGERÐ

## um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja.

### I. KAFLI
### Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um styrki Tryggingastofnunar ríkisins til að afla hjálpartækja sem nauðsynleg eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta, skv. a-lið 1. mgr. 33. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðar þessarar. Í þeim tilgangi rekur stofnunin sérstaka hjálpartækjamiðstöð.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

Hjálpartæki er tæki sem ætlað er að draga úr fötlun, aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun.

### II. KAFLI
### Styrkir frá Tryggingastofnun ríkisins vegna hjálpartækja.

3. gr.

*Réttur til styrkja frá Tryggingastofnun ríkisins.*

Tryggingastofnun ríkisins greiðir styrki vegna hjálpartækja sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða til að auðvelda fólki að takast á við athafnir daglegs lífs. Einkum er um að ræða hjálpartæki til sjálfsbjargar og öryggis og í ákveðnum tilvikum til þjálfunar og meðferðar. Hjálpartækið verður jafnframt að teljast nauðsynlegt og hentugt til að bæta möguleika viðkomandi einstaklings til að sjá um daglegar athafnir. Styrkur er ekki greiddur ef hjálpartæki er eingöngu til nota í frístundum eða til afþreyingar (þ. á m. útivist og íþróttir). Þá er ekki veittur styrkur til að kaupa tæki sem fólk notar almennt nema þegar um er að ræða aukabúnað eða séraðlögun. Ennfremur er ekki veittur styrkur til að kaupa (auka)hjálpartæki til að hafa á heimili aðstandenda ef viðkomandi býr annars staðar eða á heimavist skóla.

Sjúkratryggðir eiga rétt á styrkjum vegna hjálpartækja frá Tryggingastofnun ríkisins. Sjúkratryggður telst sá sem verið hefur búsettur hér á landi í sex mánuði nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 32. gr. og 9. gr. a. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga.

Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar hvort einstaklingur telst sjúkratryggður. Að öðru leyti gildir, um það hverjir teljist sjúkratryggðir hér á landi, reglugerð nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá.

Þeir sem búa á sambýli og uppfylla skilyrði 2. mgr. eiga sama rétt og þeir sem búa á einkaheimilum til einstaklingsbundinna hjálpartækja, svo sem göngutækis, sérútbúins rúms, borðáhalda og hjálpartækja til að klæðast. Ef um er að ræða tæki sem geta nýst fleiri einstaklingum á sambýlinu, svo sem standbekk, lyftara og baðtæki, er aðeins veittur styrkur vegna eins slíks tækis á sambýlið. Umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins þarf að vera gerð fyrir tilgreindan einstakling á sambýlinu þó aðrir geti samnýtt þau. Ef einstaklingurinn flytur úr sambýlinu tekur hann tækin með sér og er þá unnt að sækja um fyrir annan aðila á sambýlinu sem þarf að nota slík tæki. Styrkir eru ekki veittir vegna veggfastra tækja og búnaðar, svo sem handfanga, handriða og lyftna.

Heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að veita styrki vegna tveggja hjálpartækja af sömu gerð til mikið fatlaðra einstaklinga sem vegna skólagöngu (leikskóla og grunnskóla) eða dvalar á þjálfunar- og dagvistunarstofnunum yrðu ella að vera án hjálpartækja sinna daglangt. Skal þá annað hjálpartækið vera til nota á heimili og hitt í skóla eða á stofnun. Hér er að jafnaði um að ræða sérhannaða stóla, standgrindur og göngugrindur.

4. gr.

*Hjálpartæki frá Tryggingastofnun ríkisins.*

Styrkir frá Tryggingastofnun ríkisins eru eingöngu veittir til kaupa á þeim hjálpartækjum sem tilgreind eru í fylgiskjali með reglugerð þessari enda sé réttur fyrir hendi skv. 3. gr. Í fylgiskjalinu er hjálpartækjunum raðað eftir flokkunarkerfi hjálpartækja EN ISO9999:2002. Getur styrkur Tryggingastofnunar ríkisins ýmist verið greiddur sem ákveðið hlutfall af verði hjálpartækis og/eða ákveðin fjárhæð til kaupa á hjálpartæki. Þegar um samninga Tryggingastofnunar ríkisins í kjölfar útboðs er að ræða, sbr. 41. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, er styrkur frá stofnuninni háður því að hjálpartæki sé fengið hjá tilteknu samningsbundnu fyrirtæki. Tryggingastofnun ríkisins skal veita upplýsingar um aðila sem hún hefur gert samninga við og um hvaða hjálpartæki er að ræða. Þar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur ekki gert samninga er leitað tilboða í einstök hjálpartæki og vörur eða gerðar verðkannanir og styrkveiting miðuð við það verð. Styrkur frá stofnuninni er því bundinn við tiltekna tegund og gerð hjálpartækis.

Tryggingastofnun ríkisins gefur út skírteini sem gilda ýmist í 1, 5 eða 10 ár eftir atvikum hverju sinni vegna einnota hjálpartækja, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari.

Styrkir vegna hjálpartækja í bifreiðar eru veittir samkvæmt reglugerð nr. 752/2002 um styrki og uppbætur Tryggingastofnunar ríkisins til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða.

III. KAFLI

**Sérreglur um hjálpartæki.**

5. gr.

*Hjálpartæki til þeirra sem eru á stofnunum.*

Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki styrki vegna hjálpartækja til þeirra sem vistast á sjúkrastofnunum. Hið sama gildir um öldrunarstofnanir. Í þeim tilvikum skal viðkomandi sjúkrahús eða stofnun sjá vistmönnum fyrir öllum hjálpartækjum, sbr. reglugerð nr. 422/1992 um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu. Tryggingastofnun ríkisins greiðir þó styrki til þeirra sem dveljast á sjúkrahúsi eða stofnun vegna hjólastóla með skilaskyldu að notkun lokinni. Einstaklingur sem útskrifast af sjúkrahúsi og býr í heimahúsi á rétt á styrk frá Tryggingastofnun ríkisins vegna kaupa á hjálpartækjum sem beinlínis er aflað til að viðkomandi geti útskrifast. Einstaklingum sem fara til vistunar á stofnunum ber að skila skilaskyldum hjálpartækjum til hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar ríkisins að undanskildum hjólastólum og göngugrindum. Hjólastólum og göngugrindum er skilað þegar einstaklingar þurfa ekki lengur á þeim að halda.

Um hjálpartæki fyrir börn yngri en 16 ára sem búa á heimili fyrir börn samkvæmt lögum um málefni fatlaðra gilda ákvæði þeirra laga.

6. gr.

*Hjálpartæki til heyrnar- og sjónskertra.*

Heyrnar- og talmeinastöð útvegar hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausa og þá sem eru með heyrnar- og talmein skv. lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Í þeim tilvikum sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur veitt

öðrum en Heyrnar- og talmeinastöð heimild til að annast útvegun hjálpartækja getur einstaklingur snúið sér til þess aðila vegna útvegunar á hjálpartæki. Um styrki til þeirra sem eru með heyrnarmein fer samkvæmt reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki fyrir þá sem eru með heyrnarmein.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra annast úthlutun sérhæfðra hjálpartækja fyrir sjónskerta, sbr. lög nr. 18/1984 um Þjónustu og endurhæfingarstöð sjónskertra.

7. gr.
*Hjálpartæki vegna náms og atvinnu.*

Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki styrki vegna kaupa á hjálpartækjum til náms og atvinnu. Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra annast afgreiðslu umsókna vegna hjálpartækja til náms eftir 16 ára aldur og atvinnu eftir 18 ára aldur, skv. 27. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og ákvæði grunnskólalaga, sbr. þó 4. mgr. 3. gr.

## IV. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

8. gr.
*Umsóknir til Tryggingastofnunar ríkisins.*

Sækja þarf um styrk frá Tryggingastofnun ríkisins til kaupa á hjálpartæki á sérstökum eyðublöðum stofnunarinnar og skal það gert áður en fest eru kaup á hjálpartæki. Við mat á umsókn skal leitast við að skoða heildarástand einstaklingsins. Læknir og/eða annar hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmaður, t.d. iðjuþjálfi eða sjúkraþjálfari, skal meta þörf fyrir hjálpartæki. Lýsing á færniskerðingu og rökstuðningur fyrir hjálpartæki þarf ávallt að fylgja umsókn. Við fyrstu umsókn verður læknir að veita umsögn. Ef breyting verður á sjúkdómsástandi/fötlun getur þurft nýtt læknisvottorð. Ætíð er krafist nýs læknisvottorðs með umsókn ef ekki er samræmi milli þeirra hjálpartækja sem um er sótt og þeirra læknisfræðilegu upplýsinga sem áður hafa borist með umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins. Stofnunin getur áskilið að lagt sé fram vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis. Sá heilbrigðisstarfsmaður sem hlut á að umsókn skal bera ábyrgð á að hjálpartækið nýtist sem best, t.d. með viðeigandi eftirfylgd og endurhæfingu. Eftir að Tryggingastofnun ríkisins hefur samþykkt styrk vegna hjálpartækis skal hjálpartækið leyst út innan árs frá samþykkt. Eftir þann tíma fellur samþykktin úr gildi.

Tryggingastofnun ríkisins skal veita umsækjendum ráðgjöf og upplýsingar um hjálpartæki, aðstoða við val á hjálpartækjum og við afgreiðsluferlið. Skal stofnunin sjá um endurnýtingu þeirra hjálpartækja sem við á. Jafnframt skal stofnunin annast uppsetningu, breytingar, sérsmíði og aðstoð við aðlögun hjálpartækja fyrir notendur eða sjá um að aðrir aðilar annist þessa þjónustu. Tryggingastofnun ríkisins skal annast nauðsynlegt viðhald og viðgerðir á hjálpartækjum í eigu stofnunarinnar eftir að ábyrgð seljenda er útrunnin.

9. gr.
*Skilaskylda.*

Að notkun lokinni ber að skila hjálpartækjum sem hægt er að endurnýta. Tækin eru í eigu stofnunarinnar og ber að fara vel með þau. Endurnýtanlegum hjálpartækjum öðrum en spelkum og gervilimum ber að skila til hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar ríkisins. Spelkum og gervilimum ber að skila til þeirra stoðtækjafyrirtækja sem hafa smíðað eða útvegað viðkomandi tæki.

10. gr.
*Kæra.*

Heimilt er að kæra afgreiðslu umsókna um hjálpartæki til úrskurðarnefndar almannatrygginga ef ágreiningur rís um grundvöll, skilyrði eða upphæð styrksins, sbr. 7. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 33. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 33. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi óbirtar reglur Tryggingastofnunar ríkisins um styrki til kaupa á hjálpartækjum og um styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði frá apríl 2002.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. júní 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

**Fylgiskjal.**

## Hjálpartæki frá Tryggingastofnun ríkisins.

*Skammstafanir og skýringar sem koma fram:*

| | |
|---|---|
| ATL: | Almannatryggingalög (lög nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum) |
| TR: | Tryggingastofnun ríkisins |
| 50/70/100%: | Þátttaka TR í greiðslu á hjálpartæki er 50%, 70% eða 100% |

*Skilgreiningar:*

| | |
|---|---|
| Lífeyrisþegi: | Sá sem hefur í gildi örorkuskírteini frá TR eða er 67 ára eða eldri. |
| Börn/unglingar: | Börn og unglingar yngri en 18 ára. |
| Hjálpartækjaskírteini: | Skírteini útgefið af TR vegna einnota hjálpartækja sem gilda ýmist í 1 ár, 5 ár eða 10 ár. |

## Efnisyfirlit.

**04 Hjálpartæki til meðferðar og þjálfunar**
04 03 Hjálpartæki við öndunarmeðferð
04 06 Hjálpartæki við blóðrásarmeðferð
04 12 Kviðslitsbelti
04 19 Hjálpartæki til lyfjaskömmtunar
04 24 Búnaður (tæki og efni) til mælinga (efnamælinga)
04 27 Raförvunartæki
04 33 Hjálpartæki til varnar legusárum
04 48 Hreyfi-, kraft- og jafnvægistæki

**06 Stoðtæki (spelkur, gervilimir og bæklunarskór) og gervihlutar aðrir en gervilimir**
06 03 Hryggspelkur
06 06 Spelkur fyrir efri útlimi
06 09 Spelkur fyrir efri útlimi, sem eru ekki bornar á líkamanum

06 12 Spelkur fyrir neðri útlimi
06 18 Gervihandleggir og hendur
06 24 Gervifótleggir og fætur
06 30 Gervihlutar aðrir en gervilimir (m.a. hárkollur og gervibrjóst)
06 33 Bæklunarskór

**09 Hjálpartæki við persónulega aðhlynningu og fatnaður**
09 03 Fatnaður
09 06 Hlífðartæki
09 09 Hjálpartæki til að klæða sig í og úr
09 12 Hjálpartæki við salernisferðir
09 15 Hjálpartæki vegna barkaskurðar
09 18 Stómahjálpartæki
09 21 Efni til húðvarnar og húðhreinsunar
09 24 Þvagleggir
09 27 Þvagpokar
09 30 Bleiur
09 31 Hjálpartæki vegna hægðaleka
09 33 Hjálpartæki við snyrtingu og böðun
09 36 Hjálpartæki við hand- og fótsnyrtingu
09 39 Hjálpartæki við hársnyrtingu
09 42 Hjálpartæki við tannhirðu
09 45 Hjálpartæki við andlitssnyrtingu

**12 Ferlihjálpartæki og hjálpartæki við flutning**
12 03 Stafir/hækjur
12 06 Göngugrindur
12 07 Fylgihlutir við gönguhjálpartæki
12 18 Hjól
12 21 Hjólastólar
12 24 Aukahlutir fyrir hjólastóla
12 27 Önnur farartæki
12 30 Hjálpartæki við flutning fólks
12 33 Snúningshjálpartæki
12 36 Tæki til að lyfta fólki

**15 Hjálpartæki við heimilishald**
15 03 Hjálpartæki við matargerð
15 06 Hjálpartæki við uppþvott
15 09 Hjálpartæki við borðhald
15 15 Hjálpartæki við saum og fataviðgerðir

**18 Húsbúnaður**
18 03 Borð
18 09 Stólar
18 12 Rúm
18 15 Aukabúnaður fyrir húsgögn
18 18 Stuðningsbúnaður
18 21 Dyra- og gluggaopnarar/lokarar

18 30 Stokkalyftur, hjólastólalyftur, sætislyftur í stiga og skábrautir
18 33 Öryggisbúnaður á heimili

**21 Hjálpartæki til tjáskipta, upplýsinga og viðvörunar**
21 10 Úttaksbúnaður fyrir tölvur
21 12 Tölvur
21 24 Skriftar- og teiknihjálpartæki
21 27 Lestrarhjálpartæki
21 39 Hljóðflutningskerfi
21 42 Samtalshjálpartæki
21 48 Viðvörunarhjálpartæki
21 51 Viðvörunarkerfi

**24 Hjálpartæki til að meðhöndla tæki eða hluti**
24 06 Opnarar
24 09 Stjórntæki
24 10 Inntaksbúnaður fyrir tölvur
24 12 Hjálpartæki til stjórnunar á umhverfi
24 18 Hjálpartæki vegna skertrar færni í höndum/fingrum
24 21 Tæki til framlengingar
24 24 Tæki til skorðunar
24 27 Búnaður til að hlutir renni ekki til
24 36 Hjálpartæki til að flytja hluti

## 04 Hjálpartæki til meðferðar og þjálfunar.

***0403 Hjálpartæki við öndunarmeðferð.***

TR hefur gert samning um framkvæmd og rekstur súrefnisþjónustu (súrefni á þrýstihylkjum, súrefnissíur og fylgihluti) fyrir einstaklinga í heimahúsum. Þá hefur TR gert samkomulag um ráðgjöf varðandi súrefnisþjónustu fyrir einstaklinga í heimahúsum. Einnig hefur TR gert samning um öflun, umsjón og rekstur CPAP-, BIPAP- og rúmmálsstýrðra öndunarvéla og ráðgjöf fyrir einstaklinga í heimahúsum.

Gómur vegna kæfisvefns er samþykktur að undangenginni svefnrannsókn. Er hann þá greiddur 70%, þó aldrei meira en kr. 25.000.

Hjálpartækjaskírteini er gefið út vegna fylgihluta við sogtæki. Við kaup þarf að framvísa skírteininu fyrir viðkomandi vöru. Lífeyrisþegar þurfa auk þess að framvísa viðeigandi skírteini/skilríkjum.

04 03 03 Lofthitarar 70% (til að hita innöndunarloft)
04 03 06 Innöndunartæki 70% (m.a. gómar vegna kæfisvefns með hámarki kr. 25.000, sbr. að ofan)
04 03 12 Öndunarvélar 100% (m.a. CPAP og BIPAP)
04 03 18 Súrefnisbúnaður 100%
04 03 21 Sogtæki 100%
04 03 27 Tæki til að bæta öndun 70% (m.a. grímur með inn- og útöndunarmótstöðu)
04 03 30 Öndunarmælar 70%
04 03 90 Viðgerðir á öndunartækjum 100%
04 03 91 Varahlutir í öndunartæki 100%
04 03 92 Fylgihlutir v/sogtækja 100%

***0406 Hjálpartæki við blóðrásarmeðferð.***

Aðeins er greitt fyrir þrýstisokka/þrýstibúnað vegna bruna og langvinnra alvarlegra bláæða/sogæðavandamála eða langvarandi og mikillar bjúgsöfnunar vegna lömunar. Fyrir börn í vexti er þrýstibúnaður 040606 greiddur 90%, en fyrir aðra 70%. Vegna afleiðinga slysa sem eru bótaskyld hjá TR er þessi búnaður greiddur 100%.

04 06 03 Loftfylltur þrýstibúnaður 70/100%

04 06 06 Þrýstisokkar/þrýstibúnaður fyrir handleggi, fætur og bol 70/90/100%

04 06 12 Loftdæla fyrir þrýstibúnað 70/100%

***0412 Kviðslitsbelti.***

TR hefur gert samninga um kaup á kviðslitsbeltum. Kviðslitsbelti (nýrnabelti) eru greidd ef skurðaðgerð kemur ekki til greina, síendurteknar aðgerðir bera ekki árangur eða ef um alvarlega nýrnasjúkdóma er að ræða. Kviðslitsbelti eru greidd 70% nema vegna afleiðinga slysa sem eru bótaskyld hjá TR en þá er þessi búnaður greiddur 100%.

04 12 09 Kviðslitsbelti 70/100%

***0419 Hjálpartæki til lyfjaskömmtunar.***

Hjálpartæki til lyfjaskömmtunar (sprautubúnaður) eru greidd vegna langvinnra alvarlegra sjúkdóma, s.s. sykursýki, krabbameins og parkinsonsjúkdóms. Greitt er 90% fyrir einnota sprautur, nálar og blóðhnífa fyrir börn og unglinga og lífeyrisþega, en 70% fyrir aðra. Greiðsla fyrir lyfjapenna og lyfjasprautubyssur er 50%. Almennt er greitt fyrir einn lyfjapenna á ári. Hjá þeim sem nota bæði hraðverkandi og langverkandi insulin má þó greiða fyrir tvo lyfjapenna á ári. Veitt er hjálpartækjaskírteini fyrir samþykktum vörum. Við kaup þarf að framvísa skírteininu. Lífeyrisþegar þurfa auk þess að framvísa viðeigandi skírteini/skilríkjum.

04 19 06 Nálabyssur 50%

04 19 09 Sprautur, einnota 70/90%

04 19 12 Blóðhnífar, einnota 70/90%

04 19 15 Einnota nálar 70/90%

04 19 91 Lyfjapennar 50%

04 19 96 Lyfjahylki, slöngur, nálar og tilheyrandi búnaður (plástur og rafhlöður) vegna lyfjagjafar með lyfjadælu 95%

04 19 24 Dæla vegna gjafar lyfs eða næringar í æð (útvortis) 100%

***0424 Búnaður (tæki og efni) til mælinga (efnamælinga).***

Einnota rannsóknarbúnaður er greiddur 90% fyrir börn og unglinga og lífeyrisþega en 80% fyrir aðra. Í sumum tilfellum er ákveðið hámark greiðslu: Blóðstrimlar eru samþykktir 90% fyrir börn, unglinga og lífeyrisþega og er hámark greiðslu fyrir pakkningu (50 stk.) kr. 4.500, en 80% fyrir aðra og er hámark greiðslu kr. 4.000. Mælar til blóðsykurmælinga eru greiddir 50%. Blóðsykurmælar eru að jafnaði greiddir á þriggja ára fresti. Veitt er hjálpartækjaskírteini fyrir samþykktum vörum. Við kaup þarf að framvísa hjálpartækjaskírteininu. Lífeyrisþegar þurfa auk þess að framvísa viðeigandi skírteini/skilríkjum.

04 24 03 Efni til þvagmælinga (þvagstrimlar) 80/90%

04 24 12 Efni til blóðmælinga (blóðstrimlar) 80/90% m/ákv. hámarki, sbr. að ofan

04 24 90 Mælar til blóðsykurmælinga 50%

*0427 Raförvunartæki.*

TR greiðir fyrir takmarkaðan fjölda af verkjastillandi raförvunartækjum, TNS (Transcutan Nerve Stimulation) tækjum. TR hefur gert samkomulag um vörslu og úthlutun TNS tækja (sem getur verið til lengri eða skemmri tíma) svo og um viðhald og rekstur þeirra.

04 27 06 Verkjastillandi raförvunartæki (TNS-tæki) 100%

*0433 Hjálpartæki til varnar legusárum.*

04 33 09 Sérstakur búnaður til varnar legusárum 100% (t.d. viðvörunarkerfi til varnar legusárum)

*0448 Hreyfi-, kraft- og jafnvægistæki.*

Tækin eru greidd vegna mikillar lömunar, s.s. vegna heilalægrar lömunar eða mænusköddunar til varnar vöðvastyttingu eða blóðþrýstingsfalli.

04 48 06 Standgrindur og standbretti 100%

04 48 91 Breytingar/viðgerðir á standgrindum 100%

**06 Stoðtæki (spelkur, gervilimir og bæklunarskór) og gervihlutar aðrir en gervilimir.**

TR hefur gert samninga um kaup á spelkum og gervilimum.

TR gefur út hefti sem hefur að geyma tæmandi yfirlit yfir allar þær tegundir spelkna og gervilima, sem TR tekur þátt í kaupum á fyrir þá sem eru slysa- eða sjúkratryggðir skv. ATL. Við hvert og eitt hjálpartæki í vörulistanum í heftinu kemur einnig fram hvaða fyrirtæki er með samning við TR um kaup á viðkomandi tæki.

*Almennar reglur um spelkur.*

Við notkun í þrjá til tólf mánuði eru spelkur greiddar 70%. Spelkur fyrir krabbameinssjúklinga, fólk með lamanir (t.d. hemiparesis, poliomyelitis) og hrörnunarsjúkdóma í tauga- og vöðvakerfi (t.d. MS, MND, Guillian Barre sjúkdómur, Parkinsonsjúkdómur) og liðagigt (RA) eru greiddar að fullu svo framarlega sem þær tengjast sjúkdómnum.

Tognanir: Tognanir eru flokkaðar eftir alvarleika. Almenna reglan er sú að spelkum er synjað vegna tognunar nema hún sé alvarleg.

stig 1: los, tognunareinkenni, þroti, blæðingar: greiðsluþátttaka TR er engin.

stig 2: mjúkvefjaslit, mjög alvarleg tognun: greitt 70%.

Slitbreytingar í liðum: Slitbreytingar í liðum eru flokkaðar í þrennt eftir alvarleika.

stig 1: grunur um slitbreytingar: greiðsluþátttaka TR er engin.

stig 2: staðfestar slitbreytingar sem valda langvarandi færniskerðingu: greitt 70%.

stig 3: mjög miklar slitbreytingar, aflaganir á liðum, slitgigt á mjög háu stigi sem skerðir færni mjög mikið: 100%.

Mjúkvefjaslit: (t.d. krossbandaslit), jafnvel eftir aðgerðir: greitt 70%.

*Gervilimir.*

Greitt er fyrir tvær innri hulsur á ári. Ef þörf er á fleiri hulsum er þörfin metin hverju sinni. Greinargerð með rökstuðningi þarf að fylgja umsókn ef sótt er um óvenju margar hulsur.

Greitt er fyrir einn gervilim eða eina harða ytri hulsu á ári, þó eftir mati hverju sinni. Beðið er um greinargerð ef sótt er um fleiri. Virkir einstaklingar eiga rétt á gervilim til skiptanna til að mæta viðgerðarþörf.

*Greiðslur vegna viðgerða.*
Fyrsta viðgerð á spelkum á ári er greidd að fullu, en síðari viðgerðir 70%. Fyrsta og önnur viðgerð á gervilimum á ári eru greiddar að fullu, en síðari viðgerðir 70%. Þátttaka í kostnaði við viðgerðir á tilbúnum bæklunarskóm og sérsmíðuðum skóm á eingöngu við ef slit á skóm er ótvírætt afleiðing sjúkdómsástands (t.d. gangandi einstaklingur með ataxíu vegna heilalægrar lömunar (CP)). Að hámarki er greitt fyrir fjórar viðgerðir á tilbúnum bæklunarskóm eða sérsmíðuðum skóm á ári fyrir hvern einstakling.
Breytingar/viðgerðir innan þriggja mánaða frá afhendingu tækis teljast að öllu jöfnu vera innifaldar í aðlögun frá seljanda og er því ekki greitt sérstaklega fyrir þær.

***0603 Hryggspelkur.***
Mjúkir hálskragar eru ekki greiddir af TR. Við notkun í þrjá til tólf mánuði eru spelkur greiddar 70%. Mjúk bakbelti (hryggspelkur) sem notuð eru við minni háttar bakkvillum eru greidd 70%. Hryggspelkur fyrir krabbameinssjúklinga, fólk með lamanir og hrörnunarsjúkdóma í tauga- og vöðvakerfi (t.d. MS, MND, Guillian Barre sjúkdómur, Parkinsonsjúkdómur) og liðagigt (RA) eru greiddar að fullu svo framarlega sem þær tengjast sjúkdómnum. Hryggspelkur vegna afleiðinga slysa sem eru bótaskyld hjá TR eru greiddar að fullu.
Fyrsta viðgerð á spelkum á ári er greidd 100%, en síðari viðgerðir 70%.
Hryggspelkur eru greiddar að fullu við eftirfarandi tilefni: hryggskekkja yfir 20 gr., eftir hryggbrot, eftir festingu (spondylodesis) sem er ótryggilega gróin, í tengslum við brjósklosaðgerð, stífir hálskragar eftir hálsaðgerð eða samsvarandi. Að öðru leyti eru hryggspelkur greiddar 70%, sbr. t.d. vegna krabbameins, lamana og hrörnunarsjúkdóma.
Spondylolysis (ekki komið skrið): greitt 70% ef alvarleg einkenni, ella engin greiðsluþátttaka.
Spondylolisthesis (komið skrið): greitt 70%, (jafnvel þótt beðið sé eftir aðgerð/spengingu), nema þörf sé á stífu bakbelti, þá greitt 100%.
Spinal stenosa: greitt 100% ef aðgerð, annars 70%.
Endurteknar spengingar: greitt 100%.
Scheuermann sjúkdómur: greitt 100% ef sótt er um stíft belti (þriggja punkta).
Samfallsbrot í baki (compressions fraktura) og álagsbrot (stressfraktura): greitt 100% ef brot er í akút fasa eða endurtekin samföll, greitt 70% ef gamalt/gróið brot eða eftir aðgerð vegna gamals brots.
Kviðslitsbelti/nýrnabelti: Kviðslits- og nýrnabeltum er almennt synjað nema ef ástand umsækjanda er þess eðlis að skurðaðgerð komi ekki til greina og um sé að að ræða krónískt ástand eða síendurteknar aðgerðir sem ekki bera árangur (sama kviðslitið skorið oftar en tvisvar). Einnig má samþykkja belti vegna alvarlegra nýrnasjúkdóma, t.d. vegna eins nýra sem þarf að vernda. Í þessum tilfellum eru beltin greidd 70%.
Mjóbaksverkir, lumbago, slæm/ur í baki o.þ.h.: Engin greiðsluþátttaka í bakbelti ef sjúkdómsgreining er óljós (t.d. mjóbaksverkir, lumbago, slæm/ur í baki o.þ.h.).
06 03 03 Mjaðmarspelkur (SIO) 70/100%
06 03 06 Mjóhryggjarspelkur (LSO) 70/100%
06 03 09 Brjóstkassa- og bolspelkur (TLSO) 70/100%
06 03 12 Hálsspelkur (CO) 100%
06 03 15 Háls- og brjóstkassaspelkur (CTO) 100%
06 03 18 Háls- og bolspelkur (CTLSO) 100%
06 03 90 Viðgerðir á hryggspelkum 70/100%

***0606 Spelkur fyrir efri útlimi, líkamsbornar.***

Við notkun í þrjá til tólf mánuði eru spelkur greiddar 70%. Spelkur fyrir krabbameinssjúklinga, fólk með lamanir (t.d. hemiparesis, poliomyelitis) og hrörnunarsjúkdóma í tauga- og vöðvakerfi (t.d. MS, MND, Guillian Barre sjúkdómur, Parkinsonsjúkdómur) og við aflögun liða vegna liðagigtar (RA) eru greiddar að fullu svo framarlega sem þær tengjast sjúkdómnum. Vegna afleiðinga slysa sem eru bótaskyld hjá TR eru þær einnig greiddar að fullu.

Fyrsta viðgerð á spelkum á ári er greidd 100%, en síðari viðgerðir 70%.

Engin greiðsluþátttaka er fyrir spelkur við: Dæmi: tendovaginitis, tenosynovitis, sinaskeiðabólgu, tennisolnboga, tendinita, bursitis, tognanir (stig 1), carpal tunnel, De Quervain, vefjagigt. Ekki er greitt fyrir fetil.

Greitt er 70% fyrir spelkur við: Dæmi: slitbreytingar í liðum (stig 2), alvarlegar tognanir (stig 2), Dupytren contracturur, rupturur, slys sem ekki eru bótaskyld, skammtímanotkun á spelkum (3-12 mán.), liðagigt (RA) á byrjunarstigi.

Greitt er 100% fyrir spelkur við: Dæmi: slitbreytingar í liðum (stig 3), liðagigt (RA) með aflögun liða, bótaskyld slys.

06 06 03 Fingurspelkur 70/100%
06 06 06 Handarspelkur 70/100%
06 06 09 Úlnliðsspelkur 70/100%
06 06 12 Úlnliðs- og handarspelkur 70/100%
06 06 15 Olnbogaspelkur 70/100%
06 06 18 Úlnliðs- og olnbogaspelkur 70/100%
06 06 21 Axlarspelkur 70/100%
06 06 24 Axlar- og olnbogaspelkur 70/100%
06 06 27 Axlar-, olnboga- og úlnliðsspelkur 70/100%
06 06 30 Axlar-, olnboga-, úlnliðs- og handarspelkur70/100%
06 06 90 Viðgerð á spelkum fyrir efri útlimi 70/100%

***0609 Spelkur fyrir efri útlimi, sem ekki eru bornar á líkamanum.***

Greitt er fyrir spelkur fyrir efri útlimi, sem ekki eru bornar á líkamanum, fyrir þá sem eru alvarlega fjölfatlaðir og nota að öllu jöfnu einnig sérmótaðan stuðning í sæti.

06 09 90 Sérmótaður stuðningur/dýnur 100%
(stuðningur til varnar alvarlegum skekkjum)

***0612 Spelkur fyrir neðri útlimi.***

Við notkun í þrjá til tólf mánuði eru spelkur greiddar 70%. Spelkur fyrir krabbameinssjúklinga, fólk með lamanir (t.d. hemiparesis, poliomyelitis) og hrörnunarsjúkdóma í tauga- og vöðvakerfi (t.d. MS, MND, Guillian Barre sjúkdómur, Parkinsonsjúkdómur) og við aflögun liða vegna liðagigtar (RA) eru greiddar að fullu svo framarlega sem þær tengjast sjúkdómnum. Vegna afleiðinga slysa sem eru bótaskyld hjá TR eru þær einnig greiddar að fullu.

Fyrsta viðgerð á spelkum á ári er greidd að fullu, en síðari viðgerðir 70%.

Virkur einstaklingur sem notar fótleggjarspelkur (061212 háar fótspelkur) á rétt á einni slíkri auka spelku til skiptanna.

TR er heimilt að greiða fyrir mest tvö pör af framleistaspelkum (innleggjum) á ári. Helstu tilefni fyrir greiðsluþátttöku TR á framleistaspelkum (innleggjum) eru: eftirmeðferð vegna klumbufótar, slæmt hælbrot (t.d. útflattur Böhlersvinkill), afleiðingar vegna liðagigtar (RA), laus liðbönd (ligamentum laxorum) með skriði í ökkla og afleiðingar sykursýki.

Greiðsluþátttaka TR til kaupa á framleistaspelkum er kr. 6.000 og gildir fyrir parið, ef samþykkt eitt innlegg í annan skóinn þá er styrkupphæð kr. 3.000.
*Engin greiðsluþátttaka er fyrir spelkur þegar um er að ræða:* Chondromalasia patellae, Osgood-Schlatter, Jumpers knee, bursitis, hallux valgus, tognanir (stig 1), calcaneal epiphysitis (beindrep/bólgur í vaxtarlínum) eða annað sambærilegt sjúkdómsástand.
*Greitt er 70% fyrir spelkur þegar um er að ræða:* Sublux. patellae, slit á liðböndum, alvarlegar tognanir (stig 2), dropfótarspelkur vegna annars en heilablæðingar sé ekki um varanlegt ástand að ræða, þó meira en 3 mán. (t.d. vegna brjóskloss), skammtímanotkun spelkna (þó 3-12 mán.), hnéspelkur vegna arthrosu í mjöðm (vörn gegn subluxation), sundspelkur (börn geta þó fengið sundspelkur greiddar að fullu í hæfingarskyni og þegar það er ótvíræður kostur að þau æfi sund vegna fötlunar sinnar) eða annað sambærilegt sjúkdómsástand.
*Greitt er 100% fyrir spelkur þegar um er að ræða:* slitbreytingar í liðum (stig 3), dropfótarspelkur vegna heilablæðingar og vegna varanlegs skaða, afleiðingar bótaskylds slyss, osteochondritis dissicans eða annað sambærilegt sjúkdómsástand. Börn geta fengið sundspelkur greiddar að fullu í hæfingarskyni og þegar það er ótvíræður kostur að þau æfi sund vegna fötlunar sinnar. Við krónískar aflaganir sem ekki lagast við aðgerðir (t.d. við endurteknar aðgerðir á hallux valgus).

*Raðmeðferðir:*
1. Hnéspelkur fyrir krossbandaslit: Samþykkja má 2 hnéspelkur með stuttu millibili, eina fyrir aðgerð (pre-op.) og eina eftir aðgerð (post-op.) til langtíma nota (ekki er þó alltaf þörf fyrir spelku eftir aðgerð (post-op. spelku)).
2. Klumbufótarspelkur: Heimilt er að samþykkja 2-3 spelkur með stuttu millibili fyrir börn (hraður vöxtur) þar sem oftast er um ákveðið meðferðarferli að ræða.
3. Spelkur vegna mjaðmaluxationar hjá kornabörnum eru greiddar að fullu: Samþykkja má þessar spelkur ört, a.m.k. 2-3 spelkur, enda oft um ákveðið ferli að ræða, þ.e. fyrst öflugri spelkur og síðar léttari til að styðja við.
4. Gipsspelkur (1-3) sem eru notaðar sem undanfari varanlegra spelkna vegna sérstakrar meðferðar.

(Skýring: Skammstafanir hér að neðan sem eru innan sviga við númerin standa fyrir enska skammstöfun, t.d. FO fyrir foot orthoses.)

| | |
|---|---|
| 06 12 03 | Framleistaspelkur (FO) (innlegg) 70%, hámark kr. 6.000 fyrir parið og kr. 3.000 fyrir eitt stk. |
| 06 12 06 | Ökklaspelkur (AFO) 70/100% |
| 06 12 09 | Hnéspelkur (KO) 70/100% |
| 06 12 12 | Fótleggjarspelkur (hné-, ökkla- og framleistaspelkur) (KAFO)70/100% |
| 06 12 15 | Mjaðmarspelkur (HIO) 70/100% |
| 06 12 18 | Fótleggjarspelkur með mjaðmarstuðningi (hné-, ökkla-, framleista- og mjaðmarspelkur) (HIKAFO) 70/100% |
| 06 12 90 | Viðgerðir á fótspelkum 70/100% |

### 0618 Gervihandleggir og hendur.

Fyrsta og önnur viðgerð á gervilimum á ári eru greiddar 100%, en síðari viðgerðir 70%. Samþykkt er hámark ein hörð hulsa (ytri hulsa) og tvær mjúkar hulsur (innri hulsur) á gervilim á ári eða eftir mati. Virkir einstaklingar eiga rétt á gervilim til skiptanna
Útlit getur verið með eftirfarandi hætti:

1. Svamp- og plastútlit í einum lit. Gildir fyrir bæði kyn.
2. Plastefni sprautað úr brúsa á svamp/plast til að fá ákveðið útlit. Gildir fyrir bæði kyn.
3. Silikon með ákveðnu (stöðluðu) útliti, þ.e. val um nokkra liti. Gildir fyrir bæði kyn.
4. Hágæða útlit (hágæða útlitssilikon með nákvæmri eftirlíkingu á húðlit notandans þ.e. sérstök málun eftir notandanum) á gervihöndum/gervihandarhlutum. Forsenda fyrir greiðslu TR er að fyrir liggi rökstudd staðfesting sérfræðings á viðkomandi sviði (t.d. geðlæknis, sálfræðings) á að þörf sé á þessu til að rjúfa einangrun.

06 18 06 Gervihandleggir frá úlnlið 100% (ytri hulsur, án liða, innri hulsa og handa/króka)
06 18 09 Gervihandleggir frá framhandlegg 100% (ytri hulsur, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
06 18 12 Gervihandleggir frá olnboga 100% (ytri hulsa, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
06 18 15 Gervihandleggir frá upphandlegg 100% (ytri hulsa, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
06 18 18 Gervihandleggir frá öxl 100% (ytri hulsa, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
06 18 21 Gervihandleggir frá bol 100% (ytri hulsa, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
06 18 24 Gervihendur 100%
06 18 27 Krókar og viðeigandi tæki fyrir gervihandleggi 100%
06 18 30 Gerviúlnliðir fyrir gervihandleggi 100%
06 18 33 Gerviolnbogaliðir fyrir gervihandleggi 100%
06 18 36 Gerviaxlarliðir fyrir gervihandleggi 100%
06 18 90 Viðgerðir á gervihandleggjum 70/100%
06 18 91 Mjúkar hulsur fyrir gervihandleggi (innri hulsur)100%
06 18 92 Harðar hulsur fyrir gervihandleggi (ytri hulsur)100%

***0624 Gervifótleggir og fætur.***

Fyrsta og önnur viðgerð á gervilimum á ári eru greiddar 100%, en síðari viðgerðir 70%. Greitt er fyrir hámark eina harða hulsu (ytri hulsu) og tvær mjúkar hulsur (innri hulsur) á gervilim á ári eða eftir mati. Virkir einstaklingar eiga rétt á gervilim til skiptanna.

Útlit getur verið með eftirfarandi hætti:

1. Svamp- og plastútlit í einum lit. Gildir fyrir bæði kyn.
2. Plastefni sprautað úr brúsa á svamp/plast til að fá ákveðið útlit. Gildir fyrir bæði kyn.
3. Silikon með ákveðnu (stöðluðu) útliti, þ.e. val um nokkra liti. Gildir að jafnaði einungis fyrir konur.

06 24 06 Gervifótleggir frá ökklalið 100% (ytri hulsur, án liða, innri hulsa og framleista)
06 24 09 Gervifótleggir frá kálfa 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsa og framleista)
06 24 12 Gervifótleggir frá hné 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsa og framleista)

| | |
|---|---|
| 06 24 15 | Gervifótleggir frá læri 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsa og framleista) |
| 06 24 18 | Gervifótleggir frá mjöðm 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsa og framleista) |
| 06 24 21 | Gervifótleggir frá bol 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsa og framleista) |
| 06 24 24 | Gervifótleggir frá hrygg 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsa og framleista) |
| 06 24 27 | Gervifætur (gerviframleistafætur) 100% |
| 06 24 30 | Gerviökklaliðir fyrir gervifótleggi 100% |
| 06 24 33 | Gervihnéliðir fyrir gervifótleggi 100% |
| 06 24 36 | Gervimjaðmarliðir fyrir gervifótleggi 100% |
| 06 24 39 | Harðar hulsur fyrir gervifótleggi frá kálfa 100% |
| 06 24 42 | Harðar hulsur fyrir gervifótleggi frá læri 100% |
| 06 24 90 | Viðgerðir á gervifótleggjum 70/100% |
| 06 24 91 | Stúfsokkar vegna gervifótleggja 100% |
| 06 24 92 | Gervibaðfótleggir frá kálfa 50%, þó aldrei hærri upphæð en kr. 80.000 |
| 06 24 93 | Gervibaðfótleggir frá læri 50%, þó aldrei hærri upphæð en kr. 115.000 |
| 06 24 96 | Mjúkar hulsur fyrir gervifótleggi 100% |

***0630 Gervihlutar aðrir en gervilimir.***

*Hárkollur:* TR veitir styrk til kaupa á allt að tveimur hárkollum á ári þegar um er að ræða varanlegt hárleysi, hárleysi vegna krabbameinsmeðferðar eða innkirtlameðferðar eða útbreiddan langvarandi blettaskalla (í meira en eitt ár). Styrkur er hámark kr. 43.000 á ári, óháð hvort um er að ræða eina eða tvær hárkollur á ári. Styrkur til kaupa á hárkollu er ekki veittur þegar um venjulegan karlmannaskalla er að ræða. Styrkurinn er veittur til eins eða tveggja ára í senn eftir eðli vandans.

*Gervibrjóst:* TR veitir styrk til kaupa á gervibrjóstum og/eða sérstökum brjóstahöldum fyrir gervibrjóst vegna brjóstmissis kvenna, að hámarki kr. 43.000 á ári (86.000 vegna missis beggja brjósta), hámarksfjöldi eitt gervibrjóst á ári (tvö ef bæði hafa verið fjarlægð), tvenn brjóstahöld á ári. Styrkurinn er veittur til eins eða tveggja ára í senn eftir eðli vandans.

*Gerviandlitshlutar* (inn í góm) sem gerðir eru utan sjúkrahúsa vegna krabbameins, klofins góms eða sambærilegra tilvika, s.s. slysa, falla einnig undir gerviandlitshluta.

| | |
|---|---|
| 06 30 03 | Hárkollur 100% m/ákv. hámarki kr. 43.000, sbr. framangreint |
| 06 30 18 | Gervibrjóst og eða sérstakir brjóstahaldarar fyrir gervibrjóst 100% m/ákv. hámarki kr. 43.000 (86.000), sbr. framangreint |
| 06 30 24 | Gervieyru 100% |
| 06 30 27 | Gervinef 100% |
| 06 30 30 | Gerviandlitshlutar (utan á eða innanvert í andlit) 100% |

***0633 Bæklunarskór.***

TR hefur með samningum viðurkennt ákveðin fyrirtæki til að smíða og selja bæklunarskó (tilbúna bæklunarskó, sérsmíðaða skó og sérsmíðaða hálftilbúna skó).

Með samþykki TR á umsókn um styrk til kaupa á bæklunarskóm getur umsækjandi ákveðið sjálfur við hvert af áðurnefndum fyrirtækum hann skiptir. Styrkur er veittur samkvæmt neðangreindum reglum TR og hámarksfjárhæð hans kemur fram við afgreiðslu umsóknar. Umsækjandi afhendir afgreiðsluseðil TR því fyrirtæki sem hann

kýs að skipta við og fyrirtækið fær greiðslu frá TR sem nemur andvirði styrksins. Ef umsækjandi kaupir dýrari skó en nemur fjárhæð styrksins greiðir hann fyrirtækinu mismuninn.
Skilgreiningar á hugtökum:
*Sérsmíðaðir skór:* Skór smíðaðir á leista sem eru gerðir sérstaklega fyrir ákveðinn einstakling. Leistinn er gerður eftir mismunandi aðferðum (málum, gifsmóti eða skönnun með tölvutækni). Þessir skór passa almennt ekki á annan en þann sem þeir eru gerðir fyrir og/eða uppfylla þarfir sem ekki er hægt að uppfylla með fjöldaframleiddum skóm. Innlegg teljast hluti af sérsmíðuðum skóm.
*Sérsmíðaðir hálftilbúnir skór:* Skór smíðaðir á leista sem er breytt sérstaklega að þörfum ákveðins einstaklings. Valið er um ákveðna gerð, yfirleður og liti. Þessir skór passa almennt ekki á annan en þann sem þeir eru gerðir fyrir og/eða uppfylla þarfir sem ekki er hægt að uppfylla með fjöldaframleiddum skóm. Innlegg teljast hluti af sérsmíðuðum hálftilbúnum skóm.
*Tilbúnir bæklunarskór:* Skór sérstaklega framleiddir með eiginleikum sem eru ekki í hefðbundnum skóm. Dæmi um eiginleika: Breiður leisti, sveigður leisti, aukin dýpt, auknar styrkingar um ökkla, veltisóli, aukin mýkt og löng opnun fram. Innlegg eru innfalin.
*Breytingar á hefðbundnum skóm:* Breytingar á skóm til að uppfylla þarfir einstaklings svo að komist verði hjá að nota tilbúna eða sérsmíðaða bæklunarskó.
*Þátttaka í kostnaði við viðgerðir á skóm* á eingöngu við ef slit á skóm er ótvírætt afleiðing sjúkdómsástands (t.d. gangandi einstaklingur með ataxíu vegna heilalægrar lömunar (CP)).
*TR greiðir ekki breytingar á sérsmíðuðum skóm,* þar sem þær falla að jafnaði undir aðlögun og eru því innifaldar í innkaupsverði skv. samningi TR við seljendur.

Umsóknum er skipt í þrjá flokka eftir sjúkdómsgreiningu:
*Flokkur 1: Ekki greitt af TR (litlar aflaganir):* Dæmi: ef ekkert er sagt til um fæturna sjálfa, tábergssig, sítt táberg, plattfótur (lig. laxorum á 1. stigi), pes plano valgus, breiðir fætur, hælspori, hallux valgus, Perthes sjúkdómur. Þetta á sérstaklega við ef fyrrgreind atriði standa ein sér, en ef einnig er hypotonia er möguleiki að greiða fyrir innlegg.
*Flokkur 2: TR greiðir fyrir tilbúna bæklunarskó (meiri aflaganir):* Dæmi: metatarsus varus og valgus (pes abd./add.), lig. laxorum art. talocrur. et subtalaris, exem á fótum, ofnæmi (t.d. nikkel), klumbufótur (pes cavus), torsio tibia, genu recurvatum meira eða jafnt og 10 gráður. Lig. laxorum (laus liðbönd): Ef um er að ræða pes plano valgus með skriði í ökkla þá er að jafnaði einungis greitt fyrir innlegg (annars þarf að liggja mat fyrir að innlegg dugi ekki). Ef um er að ræða aflögun liða við ástig með afstöðubreytingu milli beina sem leiðir til breytingar á göngulagi þá er greitt fyrir tilbúna bæklunarskó.
*Flokkur 3: TR greiðir fyrir sérsmíðaða skó (miklar aflaganir):* Dæmi: Alvarlegur pes equinovarus adductus (klumbufótur) sem ekki er hægt að mæta með aðgerðum, mikill spasmi eða spíssfótur, miklar aflaganir t.d. vegna lömunarsjúkdóma (t.d. poliomyelitis), hrörnunarsjúkdóma, vöðvarýrnunar og arthrodesis. Ætíð skal athuga hvort önnur lausn, svo sem tilbúnir bæklunarskór eða framleistaspelkur, sé nægjanleg áður en farið er út í sérsmíði.
*Fjöldi tilbúinna og sérsmíðaðra skópara á ári:* Fjöldi skópara á ári tekur til allra skógerða (flokka 063303, 063306, 063309, 063390 og 063392). Við fyrstu umsókn er greitt fyrir tvö pör, síðan eitt par á ári. Greidd eru tvö pör á ári fyrir börn og ung-

linga yngri en 16 ára (vegna vaxtar). Hægt er að fá eitt aukapar á ári ef fætur eru mjög afmyndaðir, einstaklingurinn er mjög virkur eða ef slit á skóm er ótvíræð afleiðing sjúkdómsástands (hjá gangandi einstaklingum með heilalæga lömun (CP) og ataxíu). Hér er átt við líkamlega virkni sem leiðir til mikils slits á skóm.
Túlkun á virkni: Þeir sem eru:
- í starfi; heilsdags- eða hlutastarfi.
- virkir í dagvistun, félagsstarfi, íþróttum, útivist o.s.frv.
- virkir í hjólastól, þ.e. ýta sér sjálfir með fótum/fæti.

Umsögn um virkni verður að koma fram á beiðni. Umsögnin verður að koma frá meðferðaraðila, t.d. frá lækni, sjúkraþjálfara eða iðjuþjálfa eða frá umsækjanda sjálfum. Að jafnaði er einungis samþykkt eitt par af skóm í einu. Fjöldi skópara á ári tekur til allra skógerða.
Við aðgerðir á fótum sem gera það að verkum að viðkomandi getur ekki notað eldri skó má horfa fram hjá fyrri greiðslum TR á árinu og greiða samkvæmt reglugerðinni. Slíkum umsóknum þarf að fylgja nákvæm lýsing sérfræðings sem framkvæmir aðgerð.
Ef TR tekur þátt í kaupum á sérsmíðuðum skóm getur umsækjandi nýtt greiðsluþátttökuheimildina til kaupa á fleiri pörum af sérsmíðuðum hálftilbúnum skóm eigi hann þess kost.

06 33 03 *Tilbúnir bæklunarskór.* TR greiðir 90% að hámarki kr. 26.000 í hverju skópari fyrir einstaklinga (án tillits til aldurs). Ekki er greitt sérstaklega fyrir breytingar á skónum svo þeir fái þessa eiginleika. Breytingar sem gera þarf á tilbúnum bæklunarskóm teljast að öllu jöfnu vera innifaldar í uppgefnu verði. Þó er greitt fyrir upphækkun á tilbúnum bæklunarskóm (meira en 2 cm).

06 33 06 *Sérsmíðaðir skór.* TR greiðir 90% að hámarki kr. 72.000 í hverju skópari fyrir börn yngri en 12 ára. TR greiðir 90% að hámarki kr. 111.000 í hverju skópari fyrir fullorðna. (Sjá þó sérreglu hér að framan ef unnt er að nýta sérsmíðaða hálftilbúna skó). Breytingar sem gera þarf á sérsmíðuðum skóm teljast vera innifaldar í uppgefnu verði.

06 33 09 *Breytingar á hefðbundnum skóm.* TR greiðir 90%. Mest er greitt fyrir tvö pör á ári. Aldrei er greitt fyrir sjálfa skóna sérstaklega.

06 33 90 *Hækkun á skóm, a.m.k. 2 cm.* TR greiðir 90%. Heimilt er að samþykkja upphækkun undir tvö pör á ári og þrjú pör hjá þeim sem eru mjög virkir.

06 33 92 *Misstórir skór.* TR greiðir 50%. Mest er greitt fyrir fjögur pör á ári, þannig að fáist tvö nothæf pör.

06 33 98 *Viðgerðir á tilbúnum bæklunarskóm.* Ef slit á skóm er ótvíræð afleiðing sjúkdómsástands hjá gangandi einstaklingum með ataxíu vegna heilalægrar lömunar (CP) greiðir TR hluta kostnaðar við viðgerðir. Hjá börnum, unglingum og lífeyrisþegum 85% þó að hámarki kr. 8.500 og hjá öðrum 70% þó að hámarki kr. 7.000. Að hámarki er greitt fyrir fjórar viðgerðir á ári.

06 33 99 *Viðgerðir á sérsmíðuðum skóm.* Ef slit á skóm er ótvíræð afleiðing sjúkdómsástands hjá gangandi einstaklingum með ataxíu vegna heilalægrar lömunar (CP) greiðir TR hluta kostnaðar við viðgerðir. Hjá börnum, unglingum og lífeyrisþegum 85% og hjá öðrum 70%. Að hámarki er greitt fyrir fjórar viðgerðir á ári.

**09 Hjálpartæki við persónulega aðhlynningu og fatnaður.**

TR hefur gert samninga um kaup á bað- og salernistækjum.

TR gefur út hefti sem hefur að geyma tæmandi yfirlit yfir allar þær tegundir hjálpartækja sem samningarnir hér að ofan ná til og sem TR tekur þátt í kaupum á fyrir þá sem eru sjúkratryggðir skv. ATL. Við hvert og eitt hjálpartæki í vörulistanum í heftinu kemur einnig fram hvaða fyrirtæki er með samning við TR um kaup á viðkomandi tæki. Þátttaka TR í kaupum á ákveðnu hjálpartæki er háð því að tækið sé fengið hjá tilgreindu samningsbundnu fyrirtæki.

***0903 Fatnaður.***

09 03 02 Hjólastóla- og kerrupokar 100%
09 03 03 Útislá/regnslá í hjólastóla/kerrur 100%
09 03 36 Varnarbuxur við böðun 100%
09 03 48 Hnappa- og festibúnaður (velcrobönd, rennilásar, teygjureimar o.fl. sem auðveldar hneppingu/festingu. Mittisstöng fyrir svuntur og önnur svipuð tæki) 100%

***0906 Hlífðartæki.***

TR greiðir tæki ef um langvarandi sjúkdómsástand er að ræða (a.m.k. 6 mánuðir).

09 06 03 Hjálmar og höfuðhlífar 100%
09 06 12 Olnbogahlífar 100%
09 06 15 Hlífðarhanskar og hlífðarvettlingar 100%
09 06 18 Hnéhlífar 100%
09 06 21 Hælhlífar 100%
09 06 24 Belti, ólar og vesti 100%
09 06 27 Öndunarhlíf (t.d. rykgríma, heygríma) 70%

***0909 Hjálpartæki til að klæða sig í og úr.***

09 09 03 Sokkaífærur 100%
09 09 09 Fatahaldarar 100%
09 09 12 Klæðnaðarpinnar/krókar 100%
09 09 15 Rennilásahjálpartæki 100%
09 09 18 Hnappakrókar 100%

***0912 Hjálpartæki við salernisferðir.***

TR hefur gert samninga um kaup á salernistækjum, sjá fremst í þessum kafla.

09 12 03 Salernisstólar með/án hjóla 100%
09 12 06 Salerni (kemisk) 50%
09 12 09 Salernissæti 100%
09 12 12 Salernisupphækkanir, frítt standandi 100%
09 12 15 Salernisupphækkanir, lausar 100%
09 12 18 Salernisupphækkanir, fastar 100%
09 12 27 Salernispappírstangir 100%
09 12 30 Salernispappírshaldarar 100%
09 12 33 Bekken 100%
09 12 36 Skol- og þurrkbúnaður á salerni 100%
09 12 90 Aukahlutir á salernishjálpartæki 100%

***0915 Hjálpartæki vegna barkaskurðar.***

Hjálpartæki vegna barkaskurðar eru veitt á grundvelli hjálpartækjaskírteinis og gildir það eftir atvikum til eins, fimm eða tíu ára í senn. Grisjur fyrir stóma og húðverjandi krem sjá 091890 og 092118.

09 15 03 Barkarennur 100%
09 15 06 Barkastómahlífar 100%
09 15 90 Barkastómasíur 100%
09 15 91 Barkastómaventlar 100%
09 15 92 Fylgihlutir v/barkastóma, þ.e. hreinsiburstar fyrir ventil, hreinsipinnar fyrir barkastómaop 70%

***0918 Stómahjálpartæki.***

Stómavörur eru greiddar 100% eða 70%, sbr. neðangreint, þó með hámarki fyrir ákveðnar vörur. Hjálpartækjaskírteini er gefið út fyrir samþykktar vörur og gildir það eftir atvikum í eitt, fimm eða tíu ár. Við kaup þarf að framvísa skírteini sem nær til viðkomandi vara. Einstök kaup notenda skulu miðast við mest þriggja mánaða birgðir.

09 18 04 Colostómapokar samfelldir (í einum hluta), lokaðir 100%, hámark pr. stk. kr. 484 fyrir almenna poka/poka með filter og hámark pr. stk. kr. 908 fyrir poka með convexhring
09 18 05 Colostómapokar samsettir, lokaðir 100%, hámark pr. stk. kr. 248 fyrir almenna poka og poka með filter, hámark pr. stk. kr. 280 fyrir poka með lokunarbúnaði og með límingu fyrir plötu og hámark pr. stk. kr. 306 fyrir poka með innbyggðum lokunarbúnaði og með límingu fyrir plötu fyrir stórar stómíur
09 18 07 Þvagstómapokar samfelldir (í einum hluta) 100%, hámark pr. stk. kr. 776 fyrir almenna poka og hámark pr. stk. kr. 1.694 fyrir poka með convexhring
09 18 08 Þvagstómapokar samsettir 100%, hámark pr. stk. kr. 517
09 18 13 Stómafestibúnaður (s.s. belti) 100%
09 18 14 Stómaplötur, álímdar 100%, hámark pr. stk. kr. 616 fyrir almennar plötur, hámark pr. stk. kr. 1.001 fyrir plötur með auka límí og rakadrægni, hámark pr. stk. kr. 910 fyrir plötur þar sem poki límist á plötu og hámark pr. stk. kr. 1.826 fyrir plötur m/innbyggðum convexhring
09 18 15 Stómaklemmur 100%
09 18 18 Lykteyðandi efni (t.d. sett í poka) 100%
09 18 21 Hlífðarpokar fyrir stómapoka 70%
09 18 24 Stómaskolunarsett 70%
09 18 30 Stómaþéttibúnaður (s.s. kítti, þéttihringir) 100%
09 18 33 Stómatæmibúnaður (fyrir innbyggða safnpoka) 70%
09 18 36 Stómaskolunarsprautur (fyrir innbyggða safnpoka) 70%
09 18 39 Ileostómapokar samfelldir (í einum hluta), tæmanlegir 100%, hámark pr. stk. kr. 462 fyrir almenna poka, hámark pr. stk. kr. 539 fyrir poka með filter og klemmu, hámark pr. stk. kr. 583 fyrir poka með filter og innbyggðum lokunarbúnaði, hámark pr. stk. kr. 1.524 fyrir poka með convexhring, hámark pr. stk. kr. 1.652 fyrir poka með convexplötu og innbyggðum lokunarbúnaði og hámark pr. stk. kr. 2.910 fyrir poka vegna fistil/stór stóma
09 18 42 Ileostómapokar samsettir, tæmanlegir 100%, hámark pr. stk. kr. 253 fyrir almenna poka, hámark pr. stk. kr. 363 fyrir poka með filter og klemmu,

hámark pr. stk. kr. 418 fyrir poka með filter og innbyggðum lokunarbúnaði, hámark pr. stk. kr. 411 fyrir poka með lokunarbúnaði og með límingu fyrir plötu og hámark pr. stk. kr. 435 fyrir poka með innbyggðum lokunarbúnaði og með límingu fyrir plötu fyrir stórar stómíur og hámark pr. stk. kr. 1.106 fyrir poka fyrir mikinn útskilnað

09 18 90 Grisjur vegna stóma 70%

09 18 91 Næturþvagpoki vegna stóma fyrir mikinn útskilnað 100%, hámark pr. stk. kr. 781.

***0921 Efni til húðvarnar og húðhreinsunar.***

Húðvarnarkrem er greitt að fullu fyrir stómaþega. Húðvarnarkrem fyrir stómaþega er veitt á grundvelli hjálpartækjaskírteinis og gildir það eftir atvikum til eins, fimm eða tíu ára í senn eins og stómavörur. Önnur neðangreind efni eru veitt á grundvelli hjálpartækjaskírteinis til eins árs. TR greiðir neðangreind efni þegar um langvarandi sáravandamál (a.m.k. í þrjá mánuði) er að ræða.

09 21 09 Sótthreinsandi þurrkur 70%
09 21 12 Sáravarnarbúnaður 70%
09 21 18 Húðvarnarkrem 100%
09 21 85 Grisjur 70%
09 21 87 Zinkbindi fyrir fótasár 70%
09 21 88 Opsite á sár 70%
09 21 91 Plötur fyrir fótasár 70%

***0924 Þvagleggir.***

Þvagleggir eru veittir á grundvelli hjálpartækjaskírteinis til eins, fimm eða tíu ára í senn. TR hefur gert samninga um kaup á ákveðnum þvagleggjum. Greiðsluþátttaka TR í kaupum á þvagleggjum er háð því að þeir séu fengnir hjá tilgreindu samningsbundnu fyrirtæki.

09 24 03 Þvagleggir, langtíma 100%
09 24 06 Þvagleggir, einnota 100%
09 24 09 Þvagsafnarar, (uridom) 100%
09 24 90 Þvagklemmur 100%
09 24 92 Skolbakki v. uridoms 70%
09 24 93 Festibúnaður v. uridoms 100%
09 24 94 Blöðrutæmingarsett 70%
09 24 95 Ventlar/tappar á þvagleggi 100%

***0927 Þvagpokar.***

Þvagpokar eru veittar á grundvelli hjálpartækjaskírteinis til eins, fimm eða tíu ára í senn. TR hefur gert samninga um kaup á ákveðnum þvagpokum. Greiðsluþátttaka TR í kaupum á þvagpokum er háð því að þeir séu fengnir hjá tilgreindu samningsbundnu fyrirtæki.

09 27 04 Þvagpokar, líkamsbornir, lokaðir 100%
09 27 05 Þvagpokar, líkamsbornir, opnir 100%
09 27 07 Þvagpokar, rúmpokar, lokaðir 100%
09 27 08 Þvagpokar, rúmpokar, opnir 100%
09 27 09 Þvagflöskur 100%
09 27 90 Festibúnaður fyrir þvagpoka 100%

***0930 Bleiur.***

Bleiur eru veittar á grundvelli hjálpartækjaskírteinis til eins, fimm eða tíu ára í senn. TR hefur gert samninga um kaup á ákveðnum bleium og tengdum vörum. Að jafnaði greiðir TR ekki bleiur fyrir börn yngri en þriggja ára en yngri börn en þriggja ára geta þó fengið undanþágu vegna sómaaðgerðar eða klofins hryggs. Greiðsluþátttaka TR í kaupum á bleium og tengdum vörum er háð því að þær séu fengnar hjá tilgreindu samningsbundnu fyrirtæki.

Bleiur eru veittar sem hjálpartæki við þvagleka/saurleka þegar um er að ræða fjölfötlun/alvarlega fötlun, stroke/umtalsverðan miðtaugakerfisskaða, alvarlega þroskaheftingu, einhverfu (autismi), alsheimer/dementsia, blöðrukrabbamein/blöðruhálskirtilskrabbamein, margendurteknar eða mjög langvarandi þvagfærasýkingar, blöðrusig/legsig sem verulegt vandamál (aðgerð ekki ráðlögð/ekki árangur), aldraða eldri en 70 ára með veruleg vandamál vegna þvagleka, afleiðingu mikillar lyfjatöku (vegna t.d. geðsjúkdóma) og veruleg vandamál og vegna þvagleka.

Bleiur eru ekki veittar vegna áreynsluþvagleka (stressþvagleka) án aðgerðar, smáleka, enuresu, barnsfæðinga, geðsjúkdóma og slitgigtar.

09 30 04 Bleiur 100%

***0931 Hjálpartæki vegna hægðaleka.***

TR er heimilt að greiða endaþarmstappa til þeirra sem eiga við hægðaleka að stríða vegna alvarlegs skaða í miðtaugakerfi (s.s. mænuskaða vegna klofins hryggjar) eða annars sambærilegs, alvarlegs sjúkdómsástands. Greiðsluþátttakan nær einungis til þeirra er stunda sund í hæfingarskyni þegar það er ótvíræður kostur að sundþjálfun sé stunduð vegna viðkomandi fötlunar. TR greiðir 90% þó að hámarki kr. 800 pr. stk. Miðað er við hámark 250 stk. á ári.

TR greiðir endaþarmsrör að fullu vegna alvarlegs og langvarandi vandamáls við hægðalosun. Veitt á grundvelli hjálpartækjaskírteinis til eins, fimm eða tíu ára í senn, þó að hámarki kr. 1.600 pr. stk. Miðað er við hámark 7 stk. á ári.

09 31 06 Endaþarmstappar 90% að hámarki kr. 800 pr. stk

09 31 90 Endaþarmsrör (rectalrör) 100% að hámarki kr. 1.600 pr. stk.

***0933 Hjálpartæki við snyrtingu og böðun.***

TR greiðir fyrir hjálpartæki við snyrtingu og böðun fyrir þá sem hafa verulega færniskerðingu eða verulega skert jafnvægi. Skiptiborð eru greidd fyrir fjölfatlaða einstaklinga þar sem þörfin er ótvíræð.

TR hefur gert samninga um kaup á baðtækjum, sjá fremst í þessum kafla.

09 33 03 Bað/sturtustólar með eða án hjóla 100%

09 33 12 Sturtuborð og skiptiborð 100%

09 33 36 Hjálpartæki til að þurrka sig 50%

09 33 39 Flothjálpartæki (sundbretti, baðkragar, uppblásanlegir baðhjálmar) 50%

09 33 90 Baðkersbretti 100%

09 33 91 Baðkerssæti 100%

09 33 98 Aukahlutir á baðhjálpartæki 100%

09 33 99 Breytingar á baðhjálpartækjum 100%

***0936 Hjálpartæki við hand- og fótsnyrtingu.***

09 36 03 Naglaburstar með haldara eða skafti/gripi 50%

09 36 06 Naglaþjalir með haldara eða skafti/gripi 50%

09 36 09 Naglaskæri/-klippur með haldara eða skafti/gripi 50%

*0939 Hjálpartæki við hársnyrtingu.*
09 39 03 Hárþvottatæki, t.d. hárþvottarenna 50%
09 39 06 Greiður/burstar með skafti/gripi 50%

*0942 Hjálpartæki við tannhirðu.*
09 42 03 Tannburstar með haldara eða skafti/gripi 50%
09 42 06 Rafmagnstannburstar 50%

*0945 Hjálpartæki við andlitssnyrtingu.*
09 45 03 Rakburstar og rakvélar með haldara eða skafti/gripi 50%

**12 Ferlihjálpartæki og hjálpartæki við flutning.**
TR hefur gert samninga um kaup á gönguhjálpartækjum, handdrifnum hjólastólum, sérsmíði í hjólastóla og ýmsum fylgi- og aukahlutum í hjólastóla svo og um kaup á lyfturum á hjólum.
TR hefur gert samninga um kaup á sjúkrarúmum og fylgihlutum (m.a. hjálpartæki við flutning fólks 1230 og snúningshjálpartækjum 1233).
TR gefur út hefti sem hefur að geyma tæmandi yfirlit yfir allar þær tegundir hjálpartækja sem framangreindir samningar ná til og sem TR tekur þátt í að greiða fyrir þá sem eru sjúkratryggðir samkvæmt ATL. Við hvert og eitt hjálpartæki í vörulistanum í heftinu kemur einnig fram hvaða fyrirtæki er með samning við TR um kaup á viðkomandi tæki. Greiðsluþátttaka TR í kaupum á ákveðnu hjálpartæki er háð því að tækið sé fengið hjá tilgreindu samningsbundnu fyrirtæki.

*1203 Stafir/hækjur.*
TR hefur gert samninga um kaup á gönguhjálpartækjum, sjá fremst í þessum kafla.
12 03 03 Stafir 100%
12 03 06 Olnbogahækjur 100%
12 03 09 Gigtarhækjur 100%
12 03 12 Axlarhækjur 100%
12 03 16 Þrí- eða fjórfótastafir 100%

*1206 Göngugrindur.*
TR hefur gert samninga um kaup á göngugrindum, sjá fremst í þessum kafla.
12 06 03 Göngugrindur án hjóla 100%
12 06 06 Göngugrindur á hjólum 100%
12 06 09 Göngustólar á hjólum með setstuðningi 100%
12 06 12 Háar göngugrindur á hjólum með framhandleggsstuðningi 100%
12 06 90 Viðgerðir á göngugrindum 100%
12 06 91 Breytingar á göngugrindum 100%

*1207 Fylgihlutir við gönguhjálpartæki.*
12 07 90 Aukahlutir á göngugrind (s.s. karfa, bakki) 100%
12 07 91 Stafa-/hækjuhaldarar 100%
12 07 92 Gúmmí t.d. á stafi/hækjur 100%
12 07 93 Ísbroddar t.d. á stafi/hækjur 100%

*1218 Hjól.*

TR greiðir einungis fyrir þríhjól. Þríhjól eru greidd fyrir fjölfatlaða ef ekki er hægt að nota tvíhjól með stuðningshjólum. TR greiðir að jafnaði ekki fyrir þríhjól fyrir börn yngri en tveggja ára.

12 18 06 Þríhjól með fótstigi 100%
12 18 09 Þríhjól, handknúin 100%
12 18 12 Þríhjól, sparkhjól 100%
12 18 21 Fylgihlutir á hjól 100%
(stuðningshjól, sérstakir hnakkar, fótabönd, fótstig o.fl.)
12 18 90 Viðgerðir á þríhjólum 100%
12 18 91 Breytingar á þríhjólum 100%

*1221 Hjólastólar.*

TR hefur gert samninga um kaup á handdrifnum hjólastólum, sérsmíði í hjólastóla og ýmsum fylgi- og aukahlutum í hjólastóla, sjá fremst í þessum kafla.

TR er heimilt að greiða fyrir tvo hjólastóla, innihjólastól og útihjólastól, vegna sama einstaklings. Einstaklingar með tvo rafknúna hjólastóla geta í undantekningartilvikum fengið að auki einn handdrifinn hjólastól, s.s. ef viðkomandi er mjög virkur (t.d. sækir skóla, vinnu, dagvistun) og er algjörlega háður hjólastól. Veiting hjólastóla er óháð búsetu í heimahúsi eða á stofnun.

Börn og unglingar yngri en 18 ára sem eiga rétt á rafknúnum hjólastól eiga kost á öflugri rafknúnum útihjólastól í stað venjulegs.

Metið er eftir færni og sjúkdómi hvort umsækjandi á rétt á hjólastól.

Tegund hjólastóls fer eftir færni og virkni viðkomandi. Dæmi: Léttir hjólastólar sem eru með auknum stillimöguleikum á hjólum/setstöðu og þar sem hægt er að taka hjól af eru frekar fyrir virka einstaklinga, einnig hugsanlega fyrir þá sem ekki ráða við annað vegna sjúkdóms og verða sjálfbjarga með léttari stól.

Einfaldir (standard) hjólastólar (þar sem hvorki er hægt að breyta hjólum né taka þau af) eru almennt frekar fyrir þá sem eru ekki eins virkir t.d. aldraða á dvalarstofnunum og þá sem ekki eru stöðugt háðir hjólastól.

Hjólastólar af lager hjálpartækjamiðstöðvar TR ganga fyrir nýkaupum á hjólastólum.

*Rafknúnir hjólastólar.*

Rafknúnir hjólastólar eru einungis drifnir með rafgeymum, hámarkshraði takmarkast við 10 km/klst. TR greiðir fyrir þá ef þeir leiða til aukinnar/bættrar færni. Rafknúinn hjólastóll er samþykktur vegna skaða, sjúkdóms og verulegrar minnkunar á almennri færni, ef talið er nauðsynlegt og hentugt að bæta möguleika viðkomandi til að annast daglegar athafnir sínar. Faglegur aðili þarf að meta þörf fyrirfram. Matið byggist fyrst og fremst á hvort viðkomandi hafi skertan kraft í handleggjum eða hvort handarfærni muni skaðast við not á handdrifnum hjólastól. Ennfremur er tekið tillit til heildargetu einstaklingsins. Rafknúnir hjólastólar eru jafnaði greiddir ef viðkomandi getur ekki notað handdrifinn hjólastól eða komist lengri ferða á handdrifnum hjólastól. TR ákvarðar hvaða rafknúnir hjólastólar, hleðslutæki og rafgeymar eru keyptir í hverju tilviki og úthlutar þeim síðan til notkunar meðan þörf einstaklingsins er fyrir hendi.

TR metur hverju sinni hvort greiða skuli fyrir rafknúinn hjólastól til nota utandyra (skóla/vinnu) og handdrifinn hjólastól til nota heima eða öfugt (t.d. einstaklingur virkur heima í rafknúnum hjólastól en er með handdrifinn hjólastól þegar hann fer út, t.d. í dagvistun eða heimsóknir sem hann fer aldrei einn í).

TR greiðir að jafnaði ekki fyrir rafknúinn hjólastól vegna einstaklinga sem eru með mænuskaða nema skaði sé ofar en við 6. hálshryggjarlið (ofar en C6). Ef skaði er neðar þarf auk þess að vera fyrir hendi önnur fötlun, sjúkdómar eða aldurstengd vandamál til þess að þessir einstaklingar geti fengið rafknúinn hjólastól, t.d. blóðrásarvandamál, slitgigt/stoðkerfisvandamál, beinþynning, hormónabreytingar, ofþyngd. TR greiðir að jafnaði ekki fyrir rafknúna hjólastóla vegna barna fyrr en frá og með 6. aldursári (við upphaf skólagöngu). Börn og unglingar yngri en 18 ára geta valið um öflugri rafknúinn útihjólastól eigi þeir rétt á rafknúnum hjólastól. Undir almenna rafknúna hjólastóla fyrir börn, geta fallið rafknúnir hjólastólar með sæti sem fer niður í gólf. TR er með viðgerðarþjónustu vegna öflugra rafknúinna útihjólastóla sem börn fá allt að 18 ára aldri. Ekki verða öflugri rafknúnir útihjólastólar endurnýjaðir hjá unglingum eftir 16 ára aldur. Almennt verður ekki gerð krafa um skilaskyldu við 17 ára aldur á öflugri rafknúnum útihjólastólum.

*Endurnýjun hjólastóls.*
TR metur hverju sinni hvort forsendur eru breyttar (t.d. líkamsstærð/sjúkdómur/færni) og hvort hagkvæmt er að gera við stól.

*Séraðlögun/sérsmíði.*
TR metur í einstökum tilvikum hvort þörf sé á séraðlögun og/eða sérsmíði til varnar frekari skaða/skekkju/aflögun og/eða til að viðhalda/auka færni.

*Viðgerðir á hjólastólum.*
Hjálpartækjamiðstöð TR sér um viðgerðir á hjólastólum notendum að kostnaðarlausu. Flutningskostnaður utan af landi/út á land er greiddur af TR.

*Fylgihlutir hjólastóla fyrir einstaklinga sem vistast á stofnunum.*
Tilheyrandi tæki í hjólastól fylgja í þessum tilvikum með hjólastólum ef þess þarf með, s.s. setpúði, bakpúði, hjólastólaborð, belti í hjólastól.

12 21 03 Handknúnir hjólastólar, stjórnað af aðstoðarmanni 100%
12 21 06 Handknúnir afturhjóladrifnir hjólastólar 100%
12 21 09 Handknúnir framhjóladrifnir hjólastólar 100%
12 21 12 Handknúnir vogarstangadrifnir hjólastólar 100%
12 21 15 Handknúnir hjólastólar, drifnir öðrum megin 100%
12 21 18 Handknúnir lágir hjólastólar 100%
12 21 24 Rafknúnir hjólastólar með handstýringu (stýri) 100%
12 21 27 Rafknúnir hjólastólar með mótorstýringu (pinna) 100%

***1224 Aukahlutir fyrir hjólastóla.***

12 24 03 Stýrikerfi fyrir hjólastóla 100%
(innifalið er stjórnbox og stjórnstöð fyrir hjólastóla)
12 24 09 Aflbúnaður fyrir hjólastóla 100%
(innifaldir eru mótorar í rafknúna hjólastóla og hjálparmótorar á handknúna hjólastóla)
12 24 12 Ljós á hjólastóla 100%
12 24 15 Hjólastólaborð, sem fest er á hjólastóla 100%
12 24 18 Bremsur fyrir hjólastóla 100%
12 24 21 Hjól og dekk fyrir hjólastóla 100%
12 24 24 Rafgeymar og hleðslutæki 100%

12 24 30 Belti í hjólastóla 100%
12 24 90 Viðgerðir á hjólastólum 100%
12 24 91 Breytingar á hjólastólum 100%
12 24 92 Töskur fyrir hjólastóla 100%
12 24 93 Hnakkapúðar fyrir hjólastóla 100%
12 24 94 Yfirbreiðslur á hjólastóla 100%
12 24 95 Hliðarstuðningur í hjólastóla 100%
12 24 96 Ýmsir fylgihlutir í hjólastóla 100%
(s.s. armar, fótafjalir, handhringir, hliðarhlífar, hælkappar, hjólastólaþrengjarar)
12 24 97 Ýmsir varahlutir í hjólastóla 100% (s.s. setur, bök)

***1227 Önnur farartæki.***

TR greiðir að jafnaði ekki kerrur og tilheyrandi fylgihluti fyrir börn yngri en tveggja ára. Kerrupokar og útislár í kerrur sjá 090302 og 090303.
12 27 03 Kerrur (sem krefjast aðstoðarmanns) 100%
12 27 06 Vagnar (sem krefjast aðstoðarmanns) 100%
12 27 90 Viðgerðir á kerrum 100%
12 27 91 Breytingar á kerrum 100%
12 27 92 Aukahlutir á kerrur 100% (s.s. borð, fótabönd)
12 27 97 Öryggisbelti í kerrur 100%
12 27 98 Skíði undir kerrur 50%

***1230 Hjálpartæki við flutning fólks.***

TR hefur gert samninga um kaup á frístandandi rúmgálgum, sjá fremst í þessum kafla.
12 30 03 Flutningsbretti og rennimottur 100%
12 30 06 Snúningsskífur 100%
12 30 09 Frístandandi rúmgálgar 100%
12 30 12 Rúmstigar og léttar 100%
12 30 15 Flutningsbelti (belti og/eða vesti með lyftihandfangi) 100%
12 30 90 Breytingar á flutningsbrettum 100%

***1233 Snúningshjálpartæki.***

TR hefur gert samninga um kaup á snúningslökum, sjá fremst í þessum kafla.
12 33 06 Snúningslök og snúningsmottur 100%

***1236 Tæki til að lyfta fólki.***

TR hefur gert samninga um kaup á lyfturum á hjólum, sjá fremst í þessum kafla.
12 36 03 Hreyfanlegir lyftarar með seglum 100%
(hjálpartæki til að lyfta og flytja hreyfihamlaða í sitjandi, hálfsitjandi eða liggjandi stöðu; burðarhluti úr segli)
12 36 04 Hreyfanlegir lyftarar fyrir standandi stöðu 100%
12 36 06 Hreyfanlegir lyftarar með föstum sætum 100%
(hjálpartæki til að lyfta og flytja hreyfihamlaða í sitjandi stöðu; burðarhluti er sæti eða setplata)
12 36 09 Lyftivagnar á hjólum 100%
(hjálpartæki til að lyfta eða flytja hreyfihamlaða í liggjandi stöðu; lyftivagninn hefur fastan burðarhluta, sem er stillanlegur í hæð, án möguleika á snúningi)

12 36 12 Fastir lyftarar, loft-, gólf- eða veggfastir 100%
(hjálpartæki til að lyfta og flytja hreyfihamlaða innan ákveðins svæðis; lyftari hefur lyftiblokk, sem festist í loft, gólf eða vegg)
12 36 15 Fastir lyftarar, sem festast á aðra hluti 100%
(Innifaldir eru lyftarar festir á baðker (lyftarar sem festast á salernisstól og í bifreiðar falla ekki hér undir)
12 36 18 Frístandandi lyftarar 100%
(Hjálpartæki til að lyfta og flytja hreyfihamlaða innan ákveðins svæðis)
12 36 21 Lyftisegl, sæti og börur 100%
(Innifalin eru segl og bönd fyrir hreyfanlega og fasta lyftara)
12 36 90 Viðgerðir á lyfturum 100%
12 36 91 Breytingar á lyfturum 100%
12 36 92 Uppsetning á lyfturum 100%
12 36 93 Varahlutir í lyftara 100%

**15 Hjálpartæki við heimilishald.**
Hjálpartæki í þessum flokki eru ætluð fólki sem hefur alvarlega og langvarandi færniskerðingu í höndum.

***1503 Hjálpartæki við matargerð.***
TR er einungis heimilt að greiða fyrir tölvuvog (15 03 03) vegna efnaskiptagalla, mest á fimm ára fresti, þó aldrei hærri upphæð en kr. 5.000.
15 03 03 Hjálpartæki til vigtunar og mælingar 50% m/ákv. hámarki, sbr. að ofan
15 03 06 Hjálpartæki til að skera, hakka og aðskilja 50%
(s.s. sérhannaðir hnífar (t.d. rafmagnshnífar), skurðarbretti, ostaskerar, laukhaldarar og grænmetisjárn)
15 03 09 Hjálpartæki til að þrífa og snyrta 50%
(s.s. kartöfluhaldarar)
15 03 12 Hjálpartæki til bökunar 50%
(s.s. kökukefli fyrir notkun einnar handar)
15 03 18 Hjálpartæki til að sjóða og steikja 50%
(s.s. pottahaldarar, síu- og steikarlok, grænmetiskörfur, steikartangir)

***1506 Hjálpartæki við uppþvott.***
15 06 06 Uppþvottaburstar með festingu 50%
15 06 15 Borðtuskuvindarar 50%

***1509 Hjálpartæki við borðhald.***
15 09 03 Framreiðsluhjálpartæki, t.d. bakkar fyrir einhenta 50%
15 09 13 Sérhönnuð hnífapör og sogrör 100% (m.a. þung hnífapör og gafflar fyrir einhenta)
15 09 16 Sérhannaðar drykkjarkönnur, bollar og glös 100%
15 09 18 Sérhannaðir diskar og smurbretti 100%
15 09 21 Diskakantar 100%
15 09 24 Eggjabikarar með festingu 100%

***1515 Hjálpartæki við saum og fataviðgerðir.***
15 15 21 Sérhönnuð skæri 50%

**18 Húsbúnaður.**

TR hefur gert samninga um kaup á sjúkrarúmum og fylgihlutum (þeir taka einnig til frístandandi rúmgálga, sjá 123009 og snúningshjálpartækja, sjá 1233).

TR gefur út hefti sem hefur að geyma tæmandi yfirlit yfir allar þær tegundir hjálpartækja sem samningarnir hér að ofan ná til og sem TR tekur þátt í kaupum á fyrir þá sem eru sjúkratryggðir skv. ATL. Við hvert og eitt hjálpartæki í vörulistanum í heftinu kemur einnig fram hvaða fyrirtæki er með samning við TR um kaup á viðkomandi tæki. Þátttaka TR í kaupum á ákveðnu hjálpartæki er háð því að tækið sé fengið hjá tilgreindu samningsbundnu fyrirtæki.

***1803 Borð.***

TR hefur gert samninga um kaup á les- og rúmborðum, sbr. ofangreint.

18 03 06 Lesborð 100%
18 03 15 Rúmborð 100%
18 03 90 Viðgerðir á borðum 100%
18 03 91 Breytingar á borðum 100%

***1809 Stólar.***

Stólar eru almennt greiddir af TR fyrir þá sem eru með sjúkdóma sem valda alvarlegri lömun eða hrörnun.

TR greiðir að jafnaði fyrir stóla vegna þeirra sem eru með sjúkdóma sem valda alvarlegri lömun eða hrörnun, t.d. MS, MND og aðra vöðvarýrnunarsjúkdóma, helftarlömun, Parkinsonsjúkdóm, illvíga RA liðagigt og Spina bifida. Einnig geta einstaklingar með lungna- og/eða hjartasjúkdóm á háu stigi fengið greidda stóla, einkum standstóla. Metið er eftir færni hvort og hvenær viðkomandi eigi rétt á stól, t.d. göngufærni, úthaldi, stand- og/eða setjafnvægi. Greitt er fyrir stóla ef þeir leiða til aukinnar sjálfbjargargetu/færni við athafnir daglegs lífs en ekki til að nota eingöngu í frístundum eða til afþreyingar. Val á stól fer eftir þörf sem er metin eftir færni og sjúkdómi.

TR greiðir ekki fyrir stóla sem hafa almennt notkunargildi, en heimilt er að taka þátt í kostnaði vegna tiltekins aukabúnaðar eða séraðlögunar ef þess er þörf, t.d. vegna alvarlegrar skekkju/aflögunar í hrygg og/eða mjöðmum.

Stólar af lager hjálpartækjamiðstöðvar TR ganga fyrir nýkaupum á stólum.

*Endurnýjun stóls.*

TR metur hverju sinni hvort forsendur eru breyttar (t.d. líkamsstærð/sjúkdómur/færni) og hvort hagkvæmt er að gera við stól.

*Séraðlögun/sérsmíði.*

TR metur í einstökum tilvikum hvort þörf sé á séraðlögun og/eða sérsmíði til varnar frekari skaða/skekkju/aflögun og/eða til að viðhalda/auka færni.

*Viðgerðir á stólum.*

TR sér um viðgerðarþjónustu á stólum notendum að kostnaðarlausu. Flutningskostnaður utan af landi/út á land er greiddur af TR.

18 09 03 Vinnustólar 100%
18 09 06 Standstólar 100%
18 09 09 Gigtarstólar („arthrodesustólar“) 100%
(stólar með skiptri setu, framhluti stillanlegur í einu eða tvennu lagi)

18 09 12 Lyftistólar/lyftisetur („katapultstólar/-sæti“) 100%
(stólar/setur með eiginleikum til að auðvelda að standa upp eða að setjast, seta lyftist upp að aftan)
18 09 15 Hvíldarstólar 100%
18 09 21 Sérstakir stólar (m.a. stólar fyrir börn, gólfsæti) 100%
18 09 27 Fótskemlar/fótstuðningur 100%
18 09 31 Sérsmíðað sæti, setur og/eða bök (með áklæði) (í hjólastóla) 100%
18 09 39 Tilbúin setkerfi (í hjólastóla) 100%
18 09 42 Sætispúðar/undirlag 100%
(innfelur einnig púða og undirlag til varnar legusárum)
18 09 45 Bakpúðar/undirlag 100%
18 09 90 Viðgerðir á stólum 100%
TR greiðir ekki endurnýjun áklæðis á hvíldarstólum
18 09 91 Breytingar á stólum 100%
18 09 92 Mótorar í stóla 100%
18 09 93 Ver með sérstökum eiginleikum utan um púða sérstaklega í hjólastóla 100%
18 09 94 Aukahlutir á stóla 100%

***1812 Rúm.***

TR hefur gert samninga um kaup á sjúkrarúmum og fylgihlutum, sjá fremst í þessum kafla.

Rúm og/eða önnur tæki tilheyrandi rúmi eru einungis greidd af TR vegna fjölfatlaðra, hjarta- og lungnasjúklinga með sjúkdóm á háu stigi sem verða að hafa hátt undir höfði og sjúklinga sem þarfnast mikillar umönnunar í rúmi. Rúmdýnur eru greiddar 100%, hámark kr. 20.000 í sjúkrarúm með öllu tilheyrandi, annars 70% hámark kr. 14.000. Leguundirlag/yfirdýnur til varnar legusárum eru greiddar 100%. Ekki er greitt fyrir sérútbúnað í venjuleg rúm, nema þau uppfylli þær kröfur sem sérútbúnaðurinn krefst. Ekki er greitt fyrir sérútbúnað, s.s. rafmagnsstillanlegan rúmbotn og rúmlyftu, fyrir tvíbreið rúm. Ýmist er greitt fyrir sjúkrarúm með öllu tilheyrandi (t.d. sjúkrarúm nr. 181295 fyrir aldraða sem þarfnast mikillar umönnunar, sbr. framangreint og fyrir þá sem eru í líknarmeðferð) eða rúm samsett úr ákveðnum rúmhlutum, s.s. rúmgrind og rúmbotni eða rúmgrind og rúmlyftu, allt eftir þörfum umsækjanda.

Barnarúm með háum göflum og hliðargrindum (sérhönnuð/sérsmíðuð rúm) eru í undantekningartilfellum greidd 100% fyrir börn sem eru hættuleg sjálfum sér.

18 12 07 Rúmbotnar, handstillanlegir 100%
18 12 10 Rúmbotnar, rafmagnsstillanlegir 100%
18 12 12 Rúmlyftur 100%
18 12 18 Rúmdýnur 70/100%, hámark kr. 14.000/20.000
(innifalið er einnig leguundirlag/yfirdýnur til varnar legusárum 100%)
18 12 24 Stillanlegt höfða- og/eða fótalag 100%
18 12 27 Rúmgálgar 100%
18 12 90 Viðgerðir á rúmum 100%
18 12 91 Breytingar á rúmum 100%
18 12 93 Skápúðar í rúm 100%
18 12 94 Mótorar í rúm 100%
18 12 95 Sjúkrarúm (innifalin eru rúmbotnar, rúmgrindur og rúmlyftur) 100%
18 12 96 Rúmgrindur 100% hámark kr. 36.000
18 12 97 Barnarúm með háum göflum og hliðargrindum 100%

18 12 98 Hliðargrindur og/eða stuðningshandföng á rúm 100%
18 12 99 Ver með sérstökum eiginleikum utan um rúmdýnur 100%

***1815 Aukabúnaður fyrir húsgögn.***
18 15 03 Upphækkunarklossar/-fætur 100%
(vegna slysahættu eru einungis greiddir klossar undir rúm og sófa ef fætur mynda 90° horn við gólf)
18 15 06 Hjólabúnaður 100%

***1818 Stuðningsbúnaður.***
18 18 03 Handrið/stuðningsgrip 100%
18 18 06 Handföng 100%
18 18 09 Stoðir 100%
18 18 90 Uppsetning á handföngum/handriðum/stoðum 100%

***1821 Dyra- og gluggaopnarar/lokarar.***
Fjarstýrðir dyraopnarar að íbúð/húsnæði eru greiddir fyrir þá sem eru alvarlega fatlaðir og ráða ekki við að opna/loka dyrum og eru að jafnaði einir á ferð. Gluggaopnarar eru að jafnaði greiddir fyrir þá sem búa einir og þurfa þá með vegna færniskerðingar. Bílskúrsdyraopnari er einungis greiddur ef bílskúr er notaður sem inngangur að heimili.
18 21 03 Dyraopnarar/lokarar 100%
18 21 06 Gluggaopnarar/lokarar 100%
18 21 90 Bílskúrsdyraopnarar/lokarar 50%
18 21 91 Uppsetningar á dyra- og gluggaopnurum/lokurum 100%
18 21 92 Viðgerðir á dyra- og gluggaopnurum/lokurum 100%

***1830 Stokkalyftur, hjólastólalyftur, sætislyftur í stiga og skábrautir.***
TR leitar ætíð tilboða í lyftur. Að jafnaði er ekki greitt fyrir lyftur nema upp á aðra hæð.
Heimilt er að greiða lyftur fyrir hjólastólanotendur og þá sem eru með mjög skerta göngugetu og nota gönguhjálpartæki. Skilyrði er að umsækjandi þurfi nauðsynlega að nýta báðar hæðir húsnæðis (vegna frumþarfa), að húsnæðið henti m.t.t. fötlunar/færniskerðingar umsækjanda að öðru leyti og að ekki sé möguleiki á að skipta um húsnæði. Greiðsluþátttaka TR nær ekki til kaupa á lyftum í nýbyggingar nema færniskerðing sé til komin það seint í byggingarferlinu að ekki sé unnt að breyta húsnæðinu. TR er heimilt að greiða fyrir stigaklifrara ef ekki er hægt að koma fyrir lyftu eða til bráðabirgða vegna biðtíma eftir öðru húsnæði.
18 30 03 Stokkalyftur í hús (ákveðið hámark) 100%
18 30 06 Hjólastólalyftur í stiga/tröppur (ákveðið hámark) 100%
18 30 09 Sætislyftur í stiga (ákveðið hámark) 100%
18 30 12 Stigaklifrarar 100%
18 30 15 Skábrautir, flytjanlegar 100%
18 30 18 Skábrautir, fastar 100%
18 30 90 Uppsetning á lyftum 90%
18 30 91 Varahlutir í lyftur 100%
18 30 92 Viðgerðir á lyftum 100%
18 30 93 Eftirlit á lyftum (lögbundið) 100%

*1833 Öryggisbúnaður á heimili.*

18 33 06 Öryggisgrindur og stigastólpar 50%
(Grindur og stólpar sem festir eru við tröppur, hurðir og glugga til að koma í veg fyrir fall)

**21 Hjálpartæki til tjáskipta, upplýsinga og viðvörunar.**

*2110 Úttaksbúnaður fyrir tölvur.*

Útbúnaður fyrir tölvutal (talgervill) er greiddur sem hjálpartæki fyrir fjölfatlaða, sem geta ekki tjáð sig munnlega og þegar notagildið er ótvírætt og jafnvel eina leiðin til tjáskipta.

21 10 06 Prentarar 100% (hámarksstyrkur skv. verðkönnun hverju sinni)

21 10 09 Útbúnaður fyrir tölvutal (talgervill) 100% (hámarksstyrkur skv. verðkönnun hverju sinni)

*2112 Tölvur.*

TR greiðir einungis fyrir tölvur sem eru hjálpartæki til tjáskipta vegna mjög mikilla örðugleika við munnleg og/eða skrifleg tjáskipti enda sé mikill sérútbúnaður forsenda fyrir notkun tölvunnar eða viðkomandi býr einn og notar tölvu sem einu tjáskiptaleiðina. Mat sérfræðings, s.s. iðjuþjálfa, sálfræðings eða sérkennara, verður að liggja fyrir á því hvort viðkomandi geti nýtt sér tölvu til tjáskipta, s.s. færnimat, þroskamat og greindarpróf. Tölvur eru ekki greiddar fyrir einstaklinga sem hafa greindarvístölu undir 50. Áður en tölvu er úthlutað til þroskahefts og/eða einhverfs einstaklings þarf að hafa farið fram lágmarksþjálfun og vera komin nægileg reynsla á hvort tölva auðveldi og bæti tjáskipti.

Að jafnaði eru tölvur ekki greiddar fyrir fjölfötluð börn fyrr en á því almanaksári sem þau ná sex ára aldri.

Almennt viðhald tölvu og prentara er á kostnað notanda en TR greiðir viðgerðir á sérútbúnaði.

21 12 03 Borðtölvur 100% (hámarksstyrkur skv. verðkönnun hverju sinni)

21 12 12 Viðbótarminniseining og/eða diskdrif 100% (hámarksstyrkur skv. verðkönnun hverju sinni)

21 12 91 Viðgerðir á tölvubúnaði 100%

21 12 93 Tölvutjáskiptabúnaður í rafknúna hjólastóla 100% (hámarksstyrkur skv. verðkönnun hverju sinni)

21 12 94 Vinna vegna tölvubúnaðar 100% (hámarksstyrkur skv. verðkönnun hverju sinni)

*2124 Skriftar- og teiknihjálpartæki.*

21 24 03 Sérhannaðir pennar 50% (t.d. fyrir einstaklinga með liðagigt eða Parkinsonsjúkdóm)

*2127 Lestrarhjálpartæki.*

21 27 03 Blaðflettarar 100%

21 27 06 Bókagrindur og haldarar 100%

21 27 90 Viðgerðir á blaðfletturum 100%

***2139 Hljóðflutningskerfi.***

21 39 15 Kallkerfi (dyrasímar, dyrasímastyrksstillar og einföld innanhúskallkerfi/ hringkerfi) 50%
21 39 90 Uppsetningar á dyrasíma 50%
21 39 91 Breytingar á dyrasíma 50%

***2142 Samtalshjálpartæki.***

21 42 03 Bókstafa- og táknsett 100%
21 42 06 Bókstafa- og tákntöflur 100%
21 42 09 Samtalstæki, flytjanleg 100%

***2148 Viðvörunarhjálpartæki.***

21 48 18 Merkibúnaður 100%
(t.d. bjöllur og blikkljós)

***2151 Viðvörunarkerfi.***

*Öryggiskallkerfi:*

TR hefur gert samninga um öryggiskallkerfisþjónustu. Greiðsla TR er háð því að þjónusta sé fengin hjá samningsbundnum fyrirtækjum.

Eftirfarandi gildir um greiðsluþátttöku TR um styrk til kaupa á þjónustu vaktstöðvar fyrir þá sem búa einir:

1. TR er heimilt að taka þátt í kaupum á þjónustu viðurkenndrar vaktstöðvar fyrir einstakling sem er svo sjúkur að honum er nauðsyn á slíkri þjónustu og býr einn eða samvistaraðili er af heilsufarsástæðum ófær um að veita aðstoð eða vinnur úti fullan vinnudag. Greiðsluþátttaka er til allt að þriggja ára í senn. Greiðsluþátttaka getur verið vegna miðtaugakerfissjúkdóma/skaða, sem hafa í för með sér lömun eða flog eða alvarlegra hjarta- og lungnasjúkdóma.
2. Notendur eru flokkaðir í tvo áhættuhópa eftir sjúkdómseinkennum. Í öðrum þeirra eru notendur með sjúkdómsástand sem kallar á sérstök viðbrögð við neyðarboði, en í hinum eru notendur með sjúkdómsástand, sem að jafnaði kallar á almenn viðbrögð við neyðarboði.
3. Greiðsluþátttaka TR tekur aðeins til einkaheimila, en ekki til þjónustuíbúða á vegum sveitarfélaga eða stofnana eða neins forms sambýlis eða stofnana, þar sem TR eða aðrir opinberir aðilar greiða kostnað af rekstrinum eða annast þjónustu/gæslu að verulegu leyti.
4. Greiðsluþátttaka TR skal nema kr. 6.250 vegna frumuppsetningar á viðvörunarkerfi, sem vaktstöð á og þjónustar og TR hefur samþykkt. TR greiðir vaktstöð kr. 5.000 fyrir mánaðarlega þjónustu vegna notkunar viðvörunarkerfisins og viðbragða við boðum. Vaktstöð krefur notanda um það sem mögulega vantar á heildarfjárhæð mánaðarlegs þjónustugjalds.
5. Áður en til greiðslu TR kemur skal liggja fyrir samþykkt umsókn, byggð á nákvæmu vottorði læknis um sjúkdómsástand og þörf fyrir þjónustuna.
6. Eftirtaldar lágmarkskröfur eru gerðar varðandi búnað og þjónustu vaktstöðvar:

a) Allur búnaður skal vera viðurkenndur af þar til bærum aðilum. Boðyfirfærslukerfið skal vera tengt með símalínu við vaktstöð sem starfar allan sólarhringinn og skal það bjóða upp á flutning neyðarboðs ásamt talsambandi við vaktstöð. Annaðhvort skal ástand símalínu og búnaðar prófað með sjálfvirku prófunarboði til vaktstöðvar einu sinni á sólarhring ásamt því að tæki hjá notanda vakti innkomandi línu eða sambandið milli sendibúnaðar notanda og vaktstöðvar skal vera sívaktað. Til við-

bótar þessu skal kerfið prófað einu sinni í mánuði með prófunarboðum notenda og auk þess skulu notendur heimsóttir a.m.k. tvisvar á ári til að ganga úr skugga um að þeir kunni að nota búnaðinn.

b) Viðbrögð við neyðarboði, sem leiðir til útkalls, skulu vera í því fólgin, að starfsmaður vaktstöðvar, sem hefur lykla að viðkomandi húsnæði, eða annar þar til bær aðili, fari tafarlaust á staðinn og grípi til viðeigandi ráðstafana.

*Viðvörunarbúnaður vegna hættu:*

TR er heimilt að taka þátt í greiðslu vegna viðvörunarbúnaðar vegna hættu, s.s. af völdum hita, elds eða reyks, fyrir þá sem eru með minnisskerðingu vegna elliglapa eða heilaskaða.

21 51 03 Öryggiskallkerfi (til ytra kalls í gegnum símakerfi), fastur styrkur m/ákv. hámarki kr. 6.250 í frumuppsetningu og kr. 5.000 í mánaðargjaldi
21 51 06 Krampaviðvörunartæki fyrir flogaveika 70%
21 51 09 Viðvörunarbúnaður vegna hættu, s.s. af völdum hita, elds eða reyks 50% (t.d. fyrir eldavélar)

**24 Hjálpartæki til að meðhöndla tæki eða hluti.**

***2406 Opnarar.***

24 06 03 Opnarar til að opna flöskur, dósir og önnur ílát 50% (s.s. skrúfuloksopnarar, opnarar fyrir þrýstilok/fjaðurlok)

***2409 Stjórntæki.***

24 09 18 Rofar 100%
24 09 90 Viðgerðir á rofum 100%
24 09 91 Breytingar á rofum 100%
24 09 92 Varahlutir í rofa 100%

***2410 Inntaksbúnaður fyrir tölvur.***

24 10 06 Músatæki 100% (s.s. stýristautar (stýripinnar), snertiskjáir og stýrikúlur)

***2412 Hjálpartæki til stjórnunar á umhverfi.***

24 12 03 Fjarstýrikerfi 100%
24 12 06 Forrit fyrir fjarstýrikerfi 100%
24 12 90 Uppsetning á fjarstýrikerfi 100%
24 12 91 Breytingar á fjarstýrikerfi 100%
24 12 92 Viðgerðir á fjarstýrikerfi 100%

***2418 Hjálpartæki vegna skertrar færni í höndum/fingrum.***

24 18 06 Aðlöguð grip 50% (geta aðlagast að stærð og formi, t.d. fyrir krana, hnappa og takka)
24 18 09 Haldarar, líkamsbornir, fyrir ennis-, höku- og munnpinna 100%
24 18 12 Statíf (t.d. vökvastatíf vegna næringar um slöngu eða í æð) 100%
24 18 15 Stýripinnar (s.s. ennis-, höku- og munnpinnar) 100%
24 18 18 Bendiljós 100%
24 18 27 Framhandleggsstuðningur 100%
24 18 90 Lyklaborðshlíf 100%

***2421 Tæki til framlengingar.***
24 21 03 Griptangir 100%
24 21 09 Framlengingar án grips 100%

***2424 Tæki til skorðunar.***
24 24 03 Grindur/haldarar 100%
(t.d. haldarar fyrir bolla/glös/hnífapör)

***2427 Búnaður til að hlutir renni ekki til.***
24 27 06 Stamar mottur 50%
(stamar baðmottur eru ekki innifaldar)

***2436 Hjálpartæki til að flytja hluti.***
24 36 09 Farangurs-/innkaupavagnar 50%
24 36 12 Hjólaborð 100%

Nr. 461 22. maí 2003

# REGLUGERÐ

**um slátrun og meðferð sláturafurða.**

I. KAFLI
**Almennt.**
1. gr.
*Gildissvið.*

Reglugerð þessi nær yfir heilbrigðis- og hreinlætisskilyrði við slátrun dýra, sbr. 3. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Hún gildir einnig um stykkjun, úrbeiningu og vinnslu sláturafurða í sláturhúsum, frystingu, geymslu, flutninga, aðstöðu og meðferð afurða á útflutningshöfn, svo og heilbrigðisskoðun á sláturdýrum og sláturafurðum.

Reglugerðin nær ekki til vinnslu sláturafurða utan sláturhúsa, nema afurðirnar séu ætlaðar til útflutnings.

Reglugerðin gildir ekki um áframhaldandi vinnslu á kjöti í sláturhúsum eins og söltunar, reykingar og kryddunar, en um slíka vinnslu gildir reglugerð nr. 522/1994, um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Reglugerðin gildir ekki um alifuglasláturhús um þau gildir reglugerð nr. 260/1980, um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun, með áorðnum breytingum.

Reglugerðinni fylgir viðauki I sem skoðast sem hluti reglugerðarinnar.

2. gr.
*Orðskýringar.*

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

*Dreifingarstöð:* Aðstaða til að umpakka og geyma pakkaðar sláturafurðir vegna útflutnings.

*Flutningsbúnaður:* Flutningstæki, flutningsgámur og annað rými ætlað til flutninga á sláturafurðum.

*Ferskt kjöt:* Kjöt, þar með talið kjöt í lofttæmdum og loftskiptum umbúðum, sem að frátalinni kælingu og/eða frystingu hefur ekki verið meðhöndlað til að lengja geymsluþolið.

*Heilbrigðismerki:* Merki sem táknar að afurðir hafi verið heilbrigðisskoðaðar.

*Kjöt:* Allir ætir hlutar af nautgripum, svínum, sauðfé, geitfé, hrossum, öðrum dýrum sem slátrað er til manneldis og villibráð.

*Kjötfrystihús:* Frystihús sem löggilt er af landbúnaðarráðuneytinu til frystingar og geymslu á kjöti.

*Kjötmarningur:* Kjöt sem er unnið vélvirkt af beinum eftir úrbeiningu á kjöti í viðurkenndri pökkunarstöð. Undanskilin eru hausbein, hryggsúla og bein af útlimum fyrir neðan framhné og hækil.

*Kjötmatsmaður:* Einstaklingur sem fengið hefur sérstaka viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins sem slíkur.

*Kjötpökkunarstöð:* Vinnslustöð sem er löggilt til vinnslu á fersku kjöti á erlendan og innlendan markað.

*Kjötskrokkur:* Skrokkur sláturdýrs að lokinni hefðbundinni slátrun og snyrtingu.

*Kjötskoðunarlæknir:* Héraðsdýralæknir eða annar opinber dýralæknir, sem samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis annast kjötskoðun og heilbrigðiseftirlit í sláturhúsi og kjötpökkunarstöð.

*Kjötvinnsla:* Hver sú aðstaða sem hefur verið löggilt til vinnslu sláturafurða eða til útflutnings afurða á erlendan markað.

*Líffæri:* Líffæri úr brjóst-, kviðar- og grindarholi, að meðtöldum barka, vélinda og eistum.

*Pökkun:* Pökkun á kjöti í innri og ytri umbúðir.

*Sláturafurðir:* Kjöt og sláturmatur af öllum sláturdýrum.

*Sláturmatur:* Afurðir af sláturdýri, aðrar en kjötskrokkur, sem nýttar eru til manneldis.

*Sláturdýr:* Sauðfé, nautgripir, hross, svín, geitfé, hreindýr og önnur dýr sem slátrað er til manneldis.

*Sláturúrgangur:* Afurðir sem falla til við slátrun og ekki eru nýttar til manneldis.

*Slátureining:*

a) fullorðinn nautgripur og hestur, 12 mánaða og eldri er 1,0 slátureining;
b) aðrir nautgripir og hross eru 0,5 slátureiningar;
c) svín, þyngri en 100 kg, eru 0,2 slátureiningar;
d) svín, undir 100 kg, eru 0,15 slátureiningar;
e) sauðfé, geitfé og ungkálfar eru 0,1 slátureining.

*Sláturleyfishafi:* Rekstraraðili sem á eða hefur samning um notkun á löggiltu sláturhúsi og fengið hefur leyfi frá embættis yfirdýralæknis til að reka sláturhús.

*Umbúðir:* Innri og ytri umbúðir.

*Útflutningshöfn:* Útflutningshöfn og útflutningsflugvöllur.

## II. KAFLI
## **Löggilding.**
### 3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið löggildir sláturhús, kjötgeymslur og kjötvinnslustöðvar, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, til fimm ára í senn, í samræmi við ákvæði laga nr. 96/1997.

Umsóknir um löggildingu á sláturhúsum, kjötpökkunarstöðvum, kjötkæli- og kjötfrystigeymslum og dreifingarstöðvum skal senda landbúnaðarráðuneytinu. Umsóknum skulu fylgja sem ítarlegastar upplýsingar um fyrirkomulag húsanna, staðsetningu þeirra,

vatnsból, frárennsli, útbúnað, áætlað umfang slátrunar eða annarrar starfsemi og fjölda starfsfólks.

Allar sláturafurðir sem á að dreifa og selja á innanlandsmarkaði eða flytja á erlendan markað, skulu vera af sláturdýrum, sem slátrað er í löggiltum sláturhúsum með viðurkenndum kælum og frystum. Afurðirnar skulu geymdar í viðurkenndum kjötkæli- og kjötfrystigeymslum.

Hver sá sem hyggst byggja eða útbúa húsnæði eða gera meiri háttar breytingar á byggingum og búnaði í framangreindum tilgangi skal senda landbúnaðarráðuneytinu teikningu af fyrirhuguðum framkvæmdum. Landbúnaðarráðuneytið, að fenginni umsögn yfirdýralæknis, skal veita samþykki sitt áður en framkvæmdir hefjast.

4. gr.

Löggilt sláturhús, kjötpökkunarstöð, kjötfrystihús og dreifingarstöð þarf að uppfylla kröfur í viðauka I við reglugerð þessa um fyrirkomulag, búnað og hreinlæti og ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

5. gr.

Við löggildingu úthlutar landbúnaðarráðuneytið sláturhúsinu löggildingarnúmeri og skal það notað við heilbrigðismerkingu á afurðum fyrirtækisins.

Héraðsdýralæknar skulu árlega skoða ítarlega húsnæði og búnað sláturhúsa, kjötpökkunarstöðva, kjötfrystihúsa, kjötvinnslustöðva og dreifistöðva, meðferð á afurðunum, innra eftirlit og annað sem yfirdýralæknir gefur fyrirmæli um.

Héraðsdýralæknir skal skila ítarlegri skýrslu um skoðun sína til eiganda fyrirtækisins og yfirdýralæknis.

Ef fyrirtæki uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir löggildingu að mati yfirdýralæknis fellir landbúnaðarráðuneytið löggildinguna niður, sbr. 7. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

Í löggiltum sláturhúsum, kjötfrystihúsum, kjötpökkunarstöðvum og dreifingarstöðvum má einungis fara fram sú starfsemi sem þau eru löggilt til, nema að fengnu leyfi yfirdýralæknis, og vinnslusali má einungis nota til þeirrar starfsemi sem þeir hafa leyfi fyrir. Í sláturhúsi má einungis slátra dýrum sem sláturhúsið er löggilt til að slátra, vinna og geyma afurðir af.

## III. KAFLI
## Sláturleyfi.

6. gr.

Rekstraraðili sláturhúss skal hafa sláturleyfi frá embætti yfirdýralæknis, sbr. 20. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Sækja skal um sláturleyfi áður en starfsemi hefst og þegar eigandaskipti verða. Skilyrði fyrir sláturleyfisveitingu eru m.a.:

1. Sláturleyfishafi skal eiga eða hafa samning um notkun á löggiltu sláturhúsi vegna starfseminnar.
2. Sláturleyfishafi skal starfrækja innra eftirlit samkvæmt reglugerð nr. 40/1999, um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra.

Í sláturleyfi skal tilgreina til hvaða starfsemi það nær, svo og hversu umfangsmikil starfsemi megi fara fram í sláturhúsinu, t.d. hve mörgu sauðfé eða öðrum sláturdýrum megi slátra á dag miðað við húsrými og búnað.

Sláturleyfishafi skal sækja um endurnýjun leyfis ef:

1. Gerðar eru meiri háttar breytingar á innra eftirliti.
2. Forsendur fyrir starfsleyfinu breytast á annan hátt.
3. Nýr rekstraraðili tekur við starfseminni.

Þegar nýr aðili tekur við rekstri fyrirtækis skal tilkynna það skriflega til embættis yfirdýralæknis og má nýr rekstraraðili ekki hefja starfsemi fyrr en honum hafa verið veitt sláturleyfi.

7. gr.

Bannað er að senda til slátrunar í löggiltum sláturhúsum sjúka gripi sem grunur leikur á að séu haldnir smitandi sjúkdómi eða beri smit eða dýr sem bera leifar lyfja eða annarra aðskotaefna, sem geta verið hættuleg heilsu neytenda.

Yfirdýralækni er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að uppfylltum skilyrðum um meðferð dýranna, slátrun þeirra, sýnatökur og meðferð afurða, sem tryggi að neytendum stafi ekki hætta af neyslu þeirra.

IV. KAFLI

**Ferskt kjöt og sláturmatur.**

8. gr.

Ferskt kjöt sem boðið er til sölu á opinberum markaði í heilum skrokkum, hálfum skrokkum eða í fjórðungum, skal uppfylla eftirfarandi kröfur, sbr. viðauka I:

1. Vera af dýrum sem slátrað er í löggiltu sláturhúsi.
2. Vera af sláturdýrum sem hafa verið heilbrigðisskoðuð af kjötskoðunarlækni fyrir slátrun og reynst heilbrigð.
3. Hafa verið meðhöndlað við fullnægjandi hreinlætisaðstæður.
4. Hafa verið heilbrigðisskoðað af kjötskoðunarlækni eftir slátrun og reynst heilbrigt.
5. Hafa heilbrigðismerki.
6. Hafa verið metið af kjötmatsmanni og hlotið viðeigandi merkingu samkvæmt reglugerð nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða.
7. Hafa verið geymt við fullnægjandi hreinlætisskilyrði.
8. Hafa verið undir opinberu eftirliti í flutningum og geymslu.
9. Hafa verið flutt við fullnægjandi aðstæður og því skal fylgja farmbréf og heilbrigðisvottorð ef um útflutning er að ræða.

9. gr.

Ferskt kjöt sem boðið er til sölu stykkjað eða úrbeinað, pakkað eða ópakkað, skal:

1. Vera úrbeinað eða stykkjað í kjötpökkunarstöð sem er löggilt skv. 3. gr. og með starfsleyfi skv. 6. gr. þessarar reglugerðar eða kjötvinnslu sem hefur starfsleyfi skv. 3. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Stykkjað kjöt til útflutnings skal alltaf unnið í kjötpökkunarstöð löggiltri skv. 3. gr. þessarar reglugerðar.
2. Koma frá kjötpökkunarstöð sem starfrækir innra eftirlit samkvæmt reglugerð nr. 40/1999, um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra eða kjötvinnslu sem starfrækir innra eftirlit samkvæmt reglugerð nr. 522/1994, um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.
3. Vera af sláturdýrum sem uppfylla skilyrði 1.-9. töluliðar 8. gr. eða vera flutt til landsins í samræmi við reglur þar um. Vinnubrögð við vinnslu skulu uppfylla skilyrði þar að lútandi í viðauka I.
4. Vera geymt í geymslum sem löggiltar eru, sbr. 3. gr. og uppfylla skilyrði í viðauka I.
5. Vera undir opinberu eftirliti, sbr. 12.-14. gr.
6. Uppfylla kröfur í viðauka I um pökkun og frágang.

10. gr.

Ekki má dreifa né bjóða til sölu sláturmat á almennum markaði nema eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

1. Afurðirnar komi frá sláturhúsum sem eru löggilt samkvæmt 3. gr. og hafa sláturleyfi skv. 6. gr.
2. Afurðirnar komi frá sláturhúsum þar sem starfrækt er innra eftirlit skv. reglugerð nr. 40/1999, um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra.
3. Hreinlæti við vinnslu, pökkun og flutning skal fylgja sömu kröfum og gildir um ferskt kjöt, sbr. 8. gr.

Vinnsla á fersku kjöti og sláturmat í vinnslustöðvum utan sláturhúsa, sem ekki á að flytja á erlendan markað, skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994, um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

V. KAFLI

**Vottorð og farmbréf.**

11. gr.

Öllum sláturafurðum sem seldar eru til útlanda skal fylgja uppruna- og heilbrigðisvottorð. Heilbrigðisvottorð skulu gerð eftir fyrirsögn yfirdýralæknis á sérstök eyðublöð sem hann skal hafa tiltæk.

Í heilbrigðisvottorði skal koma fram, að afurðir þær sem tilgreindar eru á vottorðinu séu af íslenskum gripum er hafi hlotið heilbrigðisskoðun fyrir og eftir slátrun og reynst heilbrigðir og að meðferð afurðanna hafi verið í samræmi við ítrustu heilbrigðiskröfur.

Heilbrigðisvottorð skulu útfyllt svo sem við á hverju sinni og í samræmi við kröfur innflutningslandsins og undirrituð af yfirdýralækni eða fulltrúa hans, að fengnum nauðsynlegum upplýsingum, staðfestum af viðkomandi kjötskoðunarlækni eða fulltrúa hans og útflytjanda.

Á heilbrigðisvottorði skal tilgreina til hvaða tegundar afurða vottorðið nær til. Ennfremur skal tilgreina fjölda skrokka og stykkja, þyngd þeirra, auðkenni eða númer. Þá skal greina á vottorðinu númer og nafn sláturhúss, sláturmánuð og ár, frystimánuð og ár, eftir því sem við á, sendanda vöru og móttakanda sem og flutningstæki.

Kjötskoðunarlæknir eða fulltrúi hans skal fylgjast með hleðslu gáma og sjá um að þeir séu innsiglaðir á viðhlítandi hátt, strax og hleðslu er lokið.

Heilbrigðisvottorð skulu samin á ensku eða þeirri tungu sem innflytjandi óskar eftir. Frekari upplýsingar má tilgreina á vottorðinu teljist það nauðsynlegt eða sé þess óskað.

Farmbréf skulu fylgja öllum sláturafurðum sem seldar eru á innanlandsmarkaði. Á farmbréfinu skal tilgreina hvaða tegund afurða það nær til. Ennfremur skal tilgreina fjölda skrokka og stykkja, þyngd þeirra og auðkenni eða númer. Þá skal greina á farmbréfinu númer sláturhúss og nafn, sláturmánuð og ár, sendanda vöru og móttakanda sem og flutningstæki.

VI. KAFLI

**Eftirlit.**

12. gr.

Kjötskoðunarlæknar hjá embætti yfirdýralæknis skulu hafa eftirlit með sláturhúsum, kjötfrystihúsum, kjötpökkunarstöðvum og dreifingarstöðvum.

Kjötskoðunarlæknir skal hafa eftirlit með því að hreinlæti sé um hönd haft í sláturhúsi, kjötpökkunarstöð, kjötfrystihúsi og dreifistöð, að vinnslurými séu þrifaleg og að afurðir óhreinkist ekki eða sóttmengist.

Í hið minnsta árlega skal kjötskoðunarlæknir gera úttekt á innra eftirliti og fylgjast

reglubundið með því að það sé virkt. Hann skal sjá til þess að sláturleyfishafi veiti starfsfólki í sláturhúsum fræðslu, sbr. lög nr. 95/1993, um matvæli og reglugerð nr. 40/1999, um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra. Hann skal annast heilbrigðisskoðun á sláturdýrum fyrir slátrun og á afurðum eftir slátrun.

13. gr.

Viðveruskylda kjötskoðunarlæknis er sem hér segir:

Í sláturhúsum skal kjötskoðunarlæknir vera viðstaddur meðan á slátrun stendur sé slátrun meiri en 20 slátureiningar á viku eða 1000 slátureiningar á ári. Sé slátrunin minni en það skal kjötskoðunarlæknir framkvæma skoðun á lifandi sláturdýrum og skoðun á afurðum eftir slátrun og reglulega hafa eftirlit með hreinlæti við slátrun.

Í kjötpökkunarstöðvar skal kjötskoðunarlæknir koma að minnsta kosti einu sinni á dag meðan á vinnslu stendur.

Kjötskoðunarlæknir á að hafa reglulegt eftirlit með kjötfrystihúsi.

Kjötskoðunarlæknir á að hafa reglulegt eftirlit með dreifistöðvum.

Héraðsdýralæknir getur í samráði við yfirdýralækni ráðið aðstoðarfólk til að skoða kjöt og innyfli, taka frá það sem er afbrigðilegt en kjötskoðunarlæknir fellir endanlega úrskurð.

Þóknun fyrir heilbrigðisskoðun skal greidd úr eftirlitssjóði landbúnaðarráðuneytisins skv. 11. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu og gæðamat á sláturafurðum og reglugerð nr. 708/1996, um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum.

14. gr.

Yfirdýralæknir getur fyrirskipað rannsóknir til að tryggja öryggi afurða. Hann ákveður hvaða sýni á að taka, hvað á að rannsaka, hvernig og hvar, meðal annars samkvæmt reglugerð nr. 650/2001, um sýnatökur og rannsóknir á kóligerlum í sauðfjárafurðum í sláturhúsum sem hafa leyfi til útflutnings til Bandaríkja Norður–Ameríku.

Sláturleyfishafi greiðir kostnað vegna sýnatöku og rannsókna.

## VII. KAFLI

15. gr.

*Neyðarslátrun.*

Neyðarslátrun kallast það þegar dýr er aflífað utan sláturhúss, samkvæmt ákvörðun dýralæknis, vegna slyss eða af öðrum ástæðum og gert er að dýrinu í sláturhúsi og gera má ráð fyrir að afurðirnar verði nýttar til manneldis.

Dýrið skal heilbrigðisskoðað af dýralækni fyrir slátrun. Dýrið skal deytt, stungið og blóðtæmt á staðnum. Síðan skal það flutt eins fljótt og auðið er í sláturhús á viðurkenndu flutningstæki.

Innanúrtaka skal framkvæmd eigi síðar en þremur klst. eftir aflífun. Dýrinu skal fylgja yfirlýsing dýralæknis sem fyrirskipaði aflífun, þar sem a.m.k. skal koma fram ástæða neyðarslátrunar og lyfjagjöf og skal hún afhent kjötskoðunarlækni. Við heilbrigðisskoðun í sláturhúsi skal framkvæmd sýklarannsókn á afurðunum.

16. gr.

*Sláturúrgangur.*

Öllum sláturafurðum, sem ekki eru nýttar til manneldis eða í dýrafóður, og líffærum og kjöti, sem kjötskoðunarlæknir dæmir óhæft, skal fargað á tryggilegan hátt samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 660/2000, um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi.

Sláturafurðir sem dæmdar hafa verið óhæfar skulu auðkenndar og geymdar í læstum geymslum, uns þeim er eytt.

17. gr.

*Innra eftirlit.*

Sláturleyfishafar skulu starfrækja innra eftirlit skv. reglugerð nr. 40/1999, um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum.

Sláturleyfishafa er skylt að tilkynna kjötskoðunarlækni um það, ef rannsóknarniðurstöður eða aðrar upplýsingar sem hann hefur, benda til hættu á heilsutjóni fyrir neytendur.

Ef bráð hætta er fyrir neytendur skal sláturleyfishafi í samráði við kjötskoðunarlækni kalla inn allar afurðir sem hætta getur stafað af og ráðstafa þeim á öruggan hátt undir eftirliti kjötskoðunarlæknis. Sláturleyfishafa er skylt að halda skrá yfir notkun á merkimiðum og umbúðum með heilbrigðismerki fyrirtækisins.

18. gr.

*Undanþágur.*

Landbúnaðarráðuneytið getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, heimilað notkun kjöts sem ekki uppfyllir ákvæði þessarar reglugerðar sem sýnishorns eða til sérstakra rannsókna.

19. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum ef sakir eru miklar, sbr. 21. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

20. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og 20. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli og tekur gildi 1. janúar 2004. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 205/1967, um útbúnað sláturhúsa, kjötfrystihúsa, kjötverkunarstöðva og meðferð og flutning sláturafurða og reglugerð nr. 188/1988, um slátrun, mat og meðferð sláturafurða.

Ákvæði XI. kafla I. viðauka reglugerðarinnar, um heilbrigðismerkingar og 8. gr. þessarar reglugerðar taka gildi 15. ágúst 2003. Samhliða þeirri gildistöku falla úr gildi 13. gr. reglugerðar nr. 168/1970, um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, er fjallar um heilbrigðisflokkun og merkingu á sláturafurðum og reglur yfirdýralæknis um merkingu á kjöti við læknisskoðun frá 15. febrúar 1988.

Ákvæði reglugerðarinnar um hangandi fláningu í l-lið 14. töluliðar II. kafla I. viðauka taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 2008.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 22. maí 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

VIÐAUKI I

I. KAFLI

Almennar kröfur um byggingar og búnað sláturhúsa, kjötfrystihúsa, kjötpökkunarstöðva og dreifingarstöðva.

Í fyrirtækjum sem vinna sláturafurðir skal að lágmarki gera kröfur um eftirfarandi:

1.

Vinnslusvæði þar sem sláturafurðir eru unnar, meðhöndlaðar eða geymdar auk flutningsleiða fyrir slíkar afurðir skulu að lágmarki hafa:

a) Gólf úr slitsterku efni sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa og lagt þannig að vatn renni greiðlega að niðurföllum sem skulu vera með vatnslásum og ristum;
b) slétta, slitsterka og vatnsþétta veggi sem eru klæddir ljósu efni sem auðvelt er að þvo og sótthreinsa. Klæðningin skal ná í minnst 2 metra hæð almennt og 3 metra hæð í slátursal og í kælum en í geymslum skal veggklæðning ná jafnhátt upp og vöruhleðslur. Mót veggja og gólfs skulu vera aflíðandi. Það er þó ekki nauðsynlegt í frystigeymslu;
c) hurðir úr slitsterku efni sem auðvelt er að þvo og sótthreinsa;
d) lyktarlaus tæringarþolin einangrunarefni;
e) fullnægjandi loftræstingu þannig að ekki setjist þéttivatn á loft, veggi og innréttingar og loft berist ekki milli mengaðs og ómengaðs svæðis. Loftræstikerfi þurfa að vera þannig hönnuð að auðveldlega megi skipta um og þrífa síur og annan búnað sem fylgir kerfinu;
f) fullnægjandi lýsingu sem ekki hefur áhrif á liti;
g) loftklæðningu sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa.

2.

a) Nægan fjölda viðeigandi hreinlætistækja með heitu vatni til handþvotta og þvotta og sótthreinsunar á handverkfærum eins nálægt vinnustaðnum og unnt er. Handlaugar skulu hafa kalt og heitt vatn eða hæfilega heitt blandað vatn, mega ekki hafa handstýrða krana og frárennsli skulu vera lokuð. Við þær skal vera fljótandi sápa og sótthreinsiefni, einnota handþurrkur og ílát fyrir notaðar þurrkur eða annað sambærilegt;
b) búnað til þess að sótthreinsa verkfæri með 82°C heitu vatni.

3.

Viðeigandi búnað til varnar meindýrum s.s. skordýrum, rottum og músum.

4.

a) Tæki og búnað, svo sem skurðarborð, ílát, hnífa, sagir og færibönd úr tæringarþolnum, ryðvörðum eða ryðfríum efnum sem auðvelt er að þvo og sótthreinsa. Fletir sem snerta afurðir eða geta komist í snertingu við þær skulu vera sléttir og gildir það einnig um suður og samskeyti. Öll notkun á verkfærum úr tré er bönnuð;
b) bretti eða annað undirlag úr sterkum tæringarþolnum efnum sem auðvelt er að þvo og sótthreinsa. Undirlagið skal koma í veg fyrir að afurðir eða ílát með afurðum snerti gólffleti;
c) búnað og fyrirkomulag sem tryggir hreinleg vinnubrögð við inn- og útskipun s.s. hentug móttöku- og útkeyrslusvæði;
d) sérstök tæringarþolin, lagarheld ílát, sem hægt er að loka og læsa, fyrir úrgang sem ekki er ætlaður til manneldis. Sé um mikið magn að ræða skal geyma hann í læsanlegu herbergi. Sé úrgangur sem þessi fluttur gegnum rör skal gæta þess að hann geti ekki á neinn hátt mengað afurðir ætlaðar til manneldis;
e) sérstaka umbúðageymslu með viðeigandi búnaði.

5.
Kælibúnað sem tryggir að hitastig í vinnslusölum þar sem fram fer skurður, úrbeining og pökkun á fersku kjöti fari aldrei yfir 12°C meðan á vinnslu stendur. Þess skal jafnframt gætt að kjarnahitastig í kjöti verði aldrei hærra en 7°C meðan á vinnslu stendur. Búnaðurinn skal vera þannig gerður að unnt sé að leiða frá honum þéttivatn án þess að hætta sé á að afurðir mengist.

6.
Lagnakerfi með dælu, ef þörf krefur, til að veita köldu vatni af neysluvatnsgæðum um sláturhúsið, sbr. reglugerð nr. 536/2001, um neysluvatn. Yfirdýralækni er heimilt að veita undanþágu til að notað sé vatn sem ekki er af neysluvatnsgæðum til gufuframleiðslu, kælingar á vélum, eldvarna og þess háttar, enda sé vatnslögnum þannig fyrir komið að útilokað sé að vatnið verði tekið til annarra nota eða hætta á að afurðir geti mengast af því. Leiðslur sem ekki innihalda neysluvatn skulu auðkenndar þannig að auðvelt sé að þekkja þær frá öðrum leiðslum.

7.
Nægjanlegt magn af heitu vatni af neysluvatnsgæðum, sbr. reglugerð nr. 536/2001, um neysluvatn.

8.
Fastan úrgang skal flytja í gámum eða flutningatækjum sem samþykktir hafa verið af kjötskoðunarlækni. Flutningatæki skulu vera lagarheld og lokuð. Þau skal þrífa og sótthreinsa reglulega.
Sérstakt aðskilið frárennsli skal vera frá salernum og frá vambasal.

9.
Læsanlegt herbergi með viðeigandi búnaði til afnota fyrir kjötskoðunarlækni vegna heilbrigðiseftirlits í fyrirtækinu í samræmi við umfang og eðli eftirlitsins.

10.
Búnað og aðstöðu þannig að unnt sé að framkvæma heilbrigðiseftirlit á viðunandi hátt, samkvæmt reglugerð nr. 168/1970, um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum með áorðnum breytingum og tölulið 14. c. í II. kafla þessa viðauka.

11.
Nægjanlega mörg búningsherbergi með sléttum, vatnsþéttum veggjum og gólfum, handlaugum, sturtum og salernum sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa. Þau skal innrétta þannig að ekki geti borist mengun inn í vinnslusali meðal annars með því að tryggja aðskilnað á úti- og vinnufatnaði. Óheimilt er að hafa beinan aðgang frá salerni út í vinnslusal og handlaugar skulu vera stutt frá salernum.
Handlaugar skulu hafa kalt og heitt vatn eða hæfilega heitt blandað vatn, fljótandi sápu og sótthreinsiefni, einnota handþurrkur og ílát fyrir notaðar þurrkur eða annað sambærilegt. Ekki er nauðsynlegt að koma upp sturtum í fyrirtækjum sem eingöngu meðhöndla pakkaðar vörur.

12.
Búnað og aðstöðu til þess að þrífa og sótthreinsa kjötflutningatæki.
Sláturhús skulu hafa sérstakan búnað og aðstöðu með heitu og köldu háþrýstu vatni, góðu frárennsli og góðri lýsingu til þess að þrífa og sótthreinsa gripaflutningabíla.

13.
Sérstaka geymslu á hentugum stað fyrir hreinsi- og sótthreinsiefni og aðrar ræstivörur.

## II. KAFLI
## Sérstakar kröfur til sláturhúsa.

14.
Auk almennra krafna skulu sláturhús að lágmarki hafa:

a) Yfirbyggða, vel loftræsta og vel skipulagða rétt sem er útbúin við hæfi hverrar búfjártegundar sem slátrað er í sláturhúsinu. Í réttum svína- og stórgripasláturhúsa skal vera aðstaða til að stía sundur einstökum sláturdýrum eða samstæðum hópum eftir því sem best á við og þar skal vera unnt að tryggja hæfilegt hitastig, 8-13°C. Í sláturhúsarétt skal vera góð aðstaða til brynningar og fóðrunar, ef þörf krefur. Réttir skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að halda sláturdýrum hreinum og veggir og gólf skulu vera úr slitsterku, vatnsþéttu efni sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa. Í rétt skal vera sjúkrastía. Henni skal vera þannig komið fyrir að auðvelt sé að koma sjúkri skepnu þangað óhindrað beint af gripaflutningatæki og þannig útbúin að hægt sé að þvo og sótthreinsa hana auðveldlega, frárennsli aðskilið og unnt sé að læsa henni.

   Sjúkum dýrum eða dýrum sem grunuð eru um að vera sjúk, skal slátra síðast á sláturdegi og afurðirnar skal geyma aðskildar í kæli þar til niðurstaða fæst um heilbrigði þeirra. Áður en slátrun á heilbrigðum dýrum hefst aftur skal þvo og sótthreinsa sláturssal og búnað og verkfæri vandlega og skal kjötskoðunarlæknir votta að svo hafi verið gert. Heimilt er að nota timbur í réttum sem byggðar eru fyrir gildistöku reglugerðarinnar en nota skal slitsterk, vatnsþétt efni í nýbyggingar og við endurnýjun í réttum;

b) banaklefa, þar sem eingöngu aflífun er framkvæmd. Skal búa svo um, að gripir, sem slátrunar bíða, sjái ekki inn í banaklefann og gripum þeim, sem aflífa á, sé byrgð öll útsýn í slátursal;

c) slátursal sem skal vera svo rúmgóður að auðvelt sé að halda þar öllu í góðri reglu og vinna hvert starf á sem hagkvæmastan hátt. Sé svínum og öðrum dýrategundum slátrað í sama sal skal innrétta sérstaka aðstöðu fyrir hitakar, afbyrstingu og svíðingu eða slátrun aðskilin í tíma og þrifið og sótthreinsað milli svína og annarra tegunda.

   Í slátursal skal útbúa hverja starfsstöð þannig að þar sé handlaug og sótthreinsikassi fyrir þau verkfæri sem notuð eru. Hreinlætisaðstöðunni skal þannig fyrir komið að sérhver starfsmaður hafi greiðan aðgang að henni. Aðstaða til heilbrigðisskoðunar á sláturafurðum skal vera þannig að ætíð sé unnt að rekja saman líffæri og skrokka og taka frá afurðir sem þarfnast ítarlegri skoðunar. Sérstakur læsanlegur kælir sé fyrir afurðir sem bíða endanlegrar niðurstöðu úr heilbrigðisskoðun og fullnægjandi aðstaða til að geyma og flytja úr sláturhúsi afurðir sem dæmdar eru sjúkar þannig að ekki sé hætta á smitdreifingu;

d) sérstakan, aðskilinn innyflasal til aðgreiningar, snyrtingar og kælingar á sláturmat. Afurðir skulu strax að lokinni vinnslu kældar í 0-4°C.

   Veggir, gólf og búnaður í innyflasal skulu vera úr slitsterku, vatnsþéttu efni sem auðvelt er að þvo og sótthreinsa. Vatn skal leiða í niðurföll með vatnslás og rist. Fyrir hendi séu handlaugar með heitu og köldu vatni, fljótandi sápu og sótthreinsiefni, einnota handþurrkum og íláti fyrir notaðar þurrkur eða annað sambærilegt.

   Í innyflasal skal vera fullnægjandi aðstaða til pökkunar og frágangs á sláturmat;

e) garna- og vambaklefa sem skal vera aðskilinn frá öðrum vinnslusölum sláturhússins. Þar fer fram hreinsun og þvottur á görnum, vömbum o.s.frv. Svo skal um búa, að þaðan berist ekki óþefur eða óhreinindi á kjöt eða aðrar sláturafurðir, sem ætlaðar eru til manneldis. Vanda skal sérstaklega til frárennslis frá þessum vinnustað, svo gor og vatn

safnist þar ekki fyrir. Þá skal vera sérstakt herbergi til áframhaldandi vinnslu á vömbum og görnum, sé slík vinnsla í sláturhúsinu;

f) sérstakan hausaklefa með kæli til vinnslu á sviðahausum;
g) sérstaka aðstöðu til vinnslu á öðrum sláturafurðum s.s. blóði, kirtlum og fleiru sé slík vinnsla í sláturhúsinu;
h) aðstöðu til geymslu á húðum og gærum þar sem það á við;
i) kjötfrysti- og kjötkæligeymslur sem hæfa starfseminni. Búnaður geymslnanna skal vera úr slitsterkum efnum og þannig hannaður að afurðir komist ekki í snertingu við gólf eða veggi;
j) búnað sem gerir stjórnendum kleift að fylgjast með umferð að og frá sláturhúsi;
k) greinilegan aðskilnað milli hreinna og óhreinna svæða í sláturhúsinu þannig að mögulegt sé að koma í veg fyrir mengun þeirra fyrrnefndu;
l) færibönd þannig að sláturverkun eftir deyfingu geti farið fram á skrokknum hangandi. Búnaður til fláningar á liggjandi sláturdýrum skal þó leyfður til 1. janúar 2008, að því tilskildu að verkun afurða sé fullnægjandi og að innra eftirlit sýni eftirfylgni með verkun og hreinlæti.
   Óvarið kjöt má ekki undir neinum kringumstæðum snerta ósótthreinsaða fleti fyrr en eftir heilbrigðisskoðun;
m) Heimilt er að beita raförvun til að flýta fyrir dauðastirðnun í sauðfjár- og stórgripakjöti. Þá skal nota lágspennt raförvunartæki, sem uppfyllir kröfur reglugerðar nr. 264/1971, um raforkuvirki, ásamt síðari breytingum. Raförvun skal fara fram innan 5 mínútna frá aflífun og eftir blóðstungu og vara í 30 – 60 sek.

## III. KAFLI
## Sérstakar kröfur til kjötpökkunarstöðva.

15.

Kjötpökkunarstöðvar skulu að lágmarki hafa:

a) nægjanlega rúmgóðan kæliklefa til að taka á móti og geyma kjöt;
b) sérstakan kæliklefa fyrir pakkað kjöt;
c) sal til kjötskurðar, úrbeiningar og pökkunar í innri umbúðir. Hitasíriti skal vera í rýminu;
d) sal til pökkunar í ytri umbúðir með sérstakri umbúðageymslu.

Pökkun í ytri umbúðir má þó fara fram í kjötskurðarsal ef starfsemi er lítil.

## IV. KAFLI
## Sérstakar kröfur til kjötkæli- og kjötfrystigeymslna.

16.

Geymslur fyrir kælt kjöt skulu að lágmarki hafa:

a) Rúmgóðan kæli sem auðvelt er að þrífa og þar sem hægt er að geyma ferskt kjöt við 0-4°C;
b) hitamæla og hitasírita sem skal prófa og stilla reglulega.

17.

Geymslur fyrir frosið kjöt skulu að lágmarki hafa:

a) Nægjanlega stóra frystigeymslu sem auðvelt er að þrífa og með öflugum frystibúnaði;
b) hitamæla og hitasírita í öllum geymslum þar sem sláturafurðir eru frystar og geymdar. Þá skal prófa og stilla reglulega.

V. KAFLI
## Hreinlæti starfsmanna og búnaðar.

18.
Gæta skal fyllsta hreinlætis við sláturstörf og meðhöndlun afurða. Þetta á jafnt við um persónulegt hreinlæti og þrif á búnaði og húsnæði.

a) Starfsfólk sem vinnur við slátrun, vinnslu á afurðum eða pökkun á slíkri vöru skal klæðast ljósum hlífðarfatnaði. Til hlífðarfatnaðar teljast hárnet, fótabúnaður, buxur og sloppur eða skyrta. Annan hlífðarbúnað skal nota eftir því sem aðstæður gefa tilefni til.

   Starfsfólk sem vinnur við slátrun eða vinnslu afurða skal klæðast hreinum fatnaði í upphafi dags og skipta um fatnað sé það nauðsynlegt til að fyllsta hreinlætis sé gætt.

   Starfsfólk skal reglulega þvo og sótthreinsa hendur og alltaf áður en vinna hefst í upphafi dags, eftir hlé og eftir salernisferðir. Hendur skal ávallt þvo og sótthreinsa umsvifalaust, hafi þær mengast af óhreinindum eða sýktum afurðum. Við sláturstörf skal alltaf skola eða þvo hendur og skola og sótthreinsa handverkfæri milli skrokka frá og með stungu til og með heilbrigðisskoðun. Við áframhaldandi vinnslu skal þvo hendur og skola og sótthreinsa verkfæri reglulega.

   Í vinnslurýmum og geymslum auk svæða þar sem fram fer móttaka eða útkeyrsla afurða, er óheimilt að reykja og neyta matar eða drykkjar. Einnig er með öllu óheimilt að færa þangað inn persónulega muni fólks;

b) öllu óviðkomandi fólki skal banna aðgang að sláturhúsum. Innleggjendum er heimilt að fylgjast með innvigtun sláturafurða sinna enda valdi það ekki truflun á sláturstörfum. Á athafnasvæði sláturhúsa skal framleiðandi eða umboðsmaður hans hlíta sömu reglum um klæðnað, vinnubrögð og umgengni og annað starfsfólk;

c) öll tæki, búnaður og ílát, sem notuð eru við störf í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum, skulu vera hreinleg og í góðu lagi. Allan búnað skal þrífa og sótthreinsa reglulega meðan á vinnslu stendur, þegar vinnslu lýkur og áður en vinnsla hefst, hafi búnaðurinn mengast í millitíðinni.

19.
Vinnslusvæði, verkfæri og búnað má aðeins nota til vinnslu á fersku kjöti.
Þessi krafa gildir þó ekki varðandi:

a) Frystigeymslur þegar kjötið er pakkað;
b) vinnslu á öðrum afurðum en fersku kjöti, en slík vinnsla skal aðskilin í tíma og fullkomin þrif og sótthreinsun fara fram áður en ferskt kjöt er aftur unnið að fengnu leyfi yfirdýralæknis. Verkfæri ætluð til úrbeiningar og stykkjunar á kjöti má ekki nota til annarra starfa.

20.
Afurðir og ílát undir þær mega ekki vera í beinni snertingu við gólf.

21.
Nota skal vatn af neysluvatnsgæðum samkvæmt reglugerð nr. 536/2001 við alla vinnslu á sláturafurðum.

22.
Þegar þrifum og sótthreinsun er lokið skal skola alla fleti vandlega með vatni af neysluvatnsgæðum. Einungis má nota ræsti- og sótthreinsiefni sem viðurkennd hafa verið af Umhverfisstofnun.

23.
Allir starfsmenn sem vinna við slátrun eða meðhöndlun á sláturafurðum skulu sæta heilsufarsskoðun samkvæmt reglugerð nr. 40/1999, um innra eftirlit í sláturhúsum og pökkunarstöðvum þeirra.

VI. KAFLI
**Skoðun á lifandi sláturgripum.**

24.
Sláturdýr skulu fá hæfilega hvíld í sláturhúsrétt, allt eftir aðstæðum og dýrategund og mati kjötskoðunarlæknis. Draga skal úr fóðrun sláturfjár síðasta sólarhring fyrir flutning. Óæskilegt er að svelta sláturfé fyrir slátrun lengur en í einn sólarhring og óheimilt er að svelta það lengur en í tvo sólarhringa fyrir slátrun. Sláturgripi skal skoða á fæti í síðasta lagi 24 klst. eftir komu þeirra í sláturhús og að hámarki 24 klst. áður en þeim er slátrað. Kjötskoðunarlæknir getur krafist þess að fá að skoða þá hvenær sem er. Sláturleyfishafa er skylt að leggja til nauðsynlega aðstöðu og aðstoð við skoðun sláturgripa á fæti. Ekki er heimilt að slátra dýrum fyrr en að lokinni skoðun dýralæknis nema með sérstakri heimild yfirdýralæknis.

Óheimilt er að slátra dýrum nema það hafi verið auðkennt eftir ákvæðum reglugerðar nr. 427/2002, um merkingar búfjár, þannig að ætíð sé unnt að ganga úr skugga um uppruna þess.

25.
a) Kjötskoðunarlæknir skal skoða lifandi dýr samkvæmt reglugerð nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun með áorðnum breytingum;
b) kjötskoðunarlæknir skal fullvissa sig um að farið hafi verið eftir öllum reglum um dýravernd við flutning dýra í sláturhús og í sláturhúsrétt.

26.
Skoðun skal leiða í ljós:
a) Hvort dýr séu haldin sjúkdómi sem getur borist í fólk eða dýr, eða sýni einkenni sem gefa tilefni til að óttast að upp geti komið faraldur af slíkum sjúkdómi;
b) hvort dýr sýni einkenni sjúkdóms eða almennt heilsufar þeirra geri afurðir óhæfar til manneldis. Við skoðunina skal einnig beina athygli að því hvort dýrunum hafi verið gefin lyf eða þau fengið önnur efni, sem gætu gert afurðirnar hættulegar fyrir neytendur;
c) hvort dýrin séu þreytt, æst eða slösuð.

27.
a) Þreytt eða æst dýr skulu fá hvíld í minnst 24 klst., nema kjötskoðunarlæknir ákveði annað;
b) dýrum sem greinst hafa með einhvern af sjúkdómum sem tilgreindir eru í 26. tölulið a og b hér að ofan má ekki slátra og hirða afurðirnar til manneldis;
c) kjötskoðunarlæknir getur ákveðið að dýrum sem grunur leikur á að haldin séu einhverjum þeirra sjúkdóma sem nefndir eru í 26. tölulið a og b skuli slátrað í sérstakri aðstöðu eða að lokinni venjulegri slátrun til að auðvelda greiningu sjúkdómsins og að smitdreifing eigi sér ekki stað.

VII. KAFLI
**Hreinlætisreglur við slátrun dýra og meðhöndlun á fersku kjöti.**

28.
Aflífun hvers konar sláturfénaðar skal fara fram í samræmi við gildandi reglur og skal ávallt velja örugga og samviskusama menn til þeirra starfa, sbr. dýraverndarlög nr. 15/1994. Þegar sláturfénaður hefur verið sviptur meðvitund skal háls- eða hjartastunga gerð og þess gætt að blóðtæming úr skrokknum geti orðið sem öruggust og best. Notkun á mænuteini er óheimil. Sláturstörfin, þ.e. blæðing, fláning eða afbyrsting og innanúrtaka skulu unnin þannig að afurðirnar mengist ekki.

29.
Gæta skal þess að sláturdýrum blæði vel og í að minnsta kosti 30 sek. áður en tekið er til við önnur sláturstörf. Blóði til manneldis skal safnað í hrein og sótthreinsuð ílát. Þegar blóði er safnað til manneldis skal sérstaklega gæta þess að það mengist ekki með innihaldi úr maga eða vömb.

30.
Þegar blæðingu er lokið skal fláning framkvæmd án tafar nema við svínaslátrun. Séu svínin ekki flegin skal afbyrsta þau tafarlaust. Hausa af svínum og sauðfé þarf ekki að flá enda sé tryggt að þeir mengi ekki aðrar afurðir.

31.
Innanúrtaka skal framkvæmd innan 45 mínútna frá deyfingu.
Öllum líffærum skal haldið til haga þannig að unnt sé að rekja saman skrokka og líffæri. við heilbrigðisskoðun. Umrædd líffæri skulu vera í nálægð við skrokkinn þar til skoðun er lokið. Séu engin merki um sjúklegar breytingar er þó heimilt að fjarlægja getnaðarlim og júgur strax. Hjá öllum dýrategundum skal losa nýrun úr nýrnafitunni. Hjá nautgripum, svínum og hrossum skal að auki fjarlægja nýrnahimnuna.

32.
Óheimilt er að stinga hnífum í kjötið, þvo það með tuskum eða öðrum verkfærum og blása upp hluta af skrokknum eða einstök líffæri.

33.
Sláturskrokka af hrossum og svínum og nautgripum sem eru eldri en 6 mánaða skal kljúfa fyrir heilbrigðisskoðun þannig að mænugöng opnist.

Kjötskoðunarlæknir getur krafist þess að allir skrokkar séu klofnir að endilöngu, sé það nauðsynlegt vegna heilbrigðisskoðunar.

34.
Skrokkar á sláturdýrum og líffæri mega ekki snertast fyrr en að lokinni heilbrigðisskoðun. Óheimilt er að hefja vinnslu á afurðum sem ekki hafa verið heilbrigðisskoðaðar.

35.
Afurðir sem hafa verið dæmdar óhæfar til manneldis mega ekki komast í snertingu við sláturafurðir sem ætlaðar eru til slíkrar notkunar. Afurðum sem dæmdar eru óhæfar til manneldis skal umsvifalaust komið fyrir í sérstökum læsanlegum ílátum sem eru þannig útbúin að öll mengun á öðrum sláturafurðum sé óhugsandi.

36.
Sé blóði eða líffærum frá fleiri en einu dýri komið fyrir í sama íláti fyrir heilbrigðisskoðun skal dæma allar afurðirnar óhæfar til manneldis komi í ljós við skoðun að einn af skrokkunum fær slíkan dóm.

37.
Við frekari verkun sláturskrokksins s.s. snyrtingu, bógbindingu og flutning í kæli og auk þess við vinnslu á sláturmat skal hafa í heiðri allar reglur um hreinlæti.

Pakkað og ópakkað kjöt má ekki geyma saman í kæligeymslum.

## VIII. KAFLI
## Skoðun eftir slátrun.

38.
Strax að lokinni slátrun skal skoða alla hluta sláturdýra, sbr. reglugerð nr. 168/1970, um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, með áorðnum breytingum, til að tryggja að afurðirnar séu hæfar til manneldis.

39.
Skoðun á afurðum eftir slátrun felur í sér:

a) Skoðun á skrokk og líffærum;
b) þuklun á líffærum samkvæmt reglugerð nr. 168/1970, um heilbrigðisskoðun með áorðnum breytingum;
c) ristur í ákveðin líffæri og í eitla, sjái kjötskoðunarlæknir ástæðu til þess. Komi í ljós sjúklegar breytingar við skoðun og þuklun á ákveðnum líffærum sem gætu leitt til mengunar á skrokkum, búnaði, starfsfólki eða vinnslurýmum, má ekki skera í skrokkinn eða líffærin í slátursalnum né annars staðar þar sem hætta er á að afurðirnar gætu mengast;
d) skoðun á frávikum í þéttleika, lit, lykt og ef til vill bragði;
e) rannsókn á leifum aðskotaefna, telji kjötskoðunarlæknir þess þörf.

40.
Kjötskoðunarlæknir skal framkvæma heilbrigðisskoðun samkvæmt reglugerð nr. 168/1970, um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum með áorðnum breytingum. Kjötskoðunarlæknir skal hafa eftirlit með því að hreinlæti sé um hönd haft í sláturhúsi, umgengni sé þrifaleg og að afurðir óhreinkist ekki eða sóttmengist. Verði hann var við alvarleg brot á hreinlætisreglum samkvæmt reglugerð þessari eða honum sé gert ókleift að framkvæma nauðsynlegt hreinlætis- og heilbrigðiseftirlit getur hann fyrirskipað minnkun vinnsluhraða, minnkun á dagslátrun, tímabundna stöðvun á slátrun eða annarri vinnslu eða bann við notkun á ákveðnum búnaði eða vinnslurýmum.

41.
Kjötskoðunarlæknir skal auk heilbrigðisskoðunar á sláturdýrum framkvæma sérstakar rannsóknir vegna ákveðinna sjúkdóma samkvæmt fyrirmælum frá yfirdýralækni.

## IX. KAFLI
## Reglur um kjötskurð.

42.
Heila skrokka, hálfa skrokka og fjórðunga af skrokkum skal stykkja og úrbeina í kjötpökkunarstöðvum eða í kjötvinnslum samkvæmt reglugerð nr. 522/1994, um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

43.
Fyrirtækið skal auðvelda opinbert eftirlit og sjá til þess að það geti farið fram meðal annars með aðgengi að skráningarkerfum.

Upplýsingar um uppruna kjötsins skulu aðgengilegar kjötskoðunarlækni þegar hann fer fram á að fá þær.

44.
a) Kjöt í kjötpökkunarstöðvum skal að jafnaði geymt í kæli og tekið til úrbeiningar og pökkunar í hæfilegum skömmtum.
b) áður en kjöt er tekið til stykkjunar og úrbeiningar skal það skoðað og óhreinindi skorin burtu á stað með góðri lýsingu og nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu;
c) við skurð, úrbeiningu og pökkun í innri og ytri umbúðir má kjarnahiti ekki fara yfir +7°C. Hiti í vinnslusal má ekki fara yfir +12°C. Við skurð og pökkun á sláturmat og hausum má hiti vörunnar ekki fara yfir +4°C.
d) skrokkar og hlutar skulu úrbeinaðir á þann hátt að kjötið mengist ekki. Fjarlægja skal beinflísar og storknað blóð. Kjöt sem er úrbeinað og ekki er ætlað til manneldis skal ráðstafað eins og segir í 14. tölulið c í viðauka þessum.

## X. KAFLI
## Heilbrigðiseftirlit með kjöti í vinnslu og geymslu.

45.
Kjötpökkunarstöðvar, kjötkæli- og kjötfrystigeymslur skulu vera undir eftirliti kjötskoðunarlæknis.

46.
Eftirlit kjötskoðunarlæknis felst í eftirfarandi:
a) Eftirliti með fersku kjöti sem kemur inn í og fer út úr fyrirtækinu;
b) heilbrigðiseftirliti á því ferska kjöti sem er í fyrirtækinu;
c) heilbrigðiseftirliti á fersku kjöti fyrir úrbeiningu og við flutning þess frá fyrirtækinu;
d) eftirliti með hreinlæti;
e) eftirliti með framkvæmd innra eftirlits samkvæmt reglugerð nr. 40/1999, um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra.

## XI. KAFLI
## Heilbrigðismerking.

47.
Kjötskoðunarlæknir ber ábyrgð á heilbrigðismerkingu afurða og skal fylgjast með því að misnotkun heilbrigðisstimpla, innsiglismiða, merkimiða og umbúða með heilbrigðismerki, eigi sér ekki stað.

48.
Heilbrigðismerkið skal vera sporöskjulagað með orðinu „ICELAND“ inni í efri hluta merkisins, löggildingarnúmeri viðkomandi sláturhúss í því miðju og einkennisstöfum Íslands, IS, neðst í merkinu. Breidd heilbrigðismerkisins skal vera 4,5 cm og lengd 6,5 cm, stafir sem næst 0,8 cm á hæð.

Skrokka skal merkja skýrt og greinilega eins og að neðan greinir og skal eingöngu nota viðurkennda kjötstimpilliti. Óheimilt er að merkja kjöt öðrum stimpilmerkjum en hér er gert ráð fyrir:

a) Kjötskrokka af sauðfé, geitfé, svínum, nautgripum, hrossum skal stimpla á 6 stöðum alls. Stimpla skal hvorn helming á þremur stöðum, þ.e. á bóg, ofarlega á síðu og læri;
b) skrokka af hreindýrum skal stimpla á sama hátt;
c) skrokka af kanínum skal stimpla á einum stað.

49.
Sláturafurðir af geithöfrum, hrútum og göltum, sem við loðir óþefur eða keimur, skal auk heilbrigðismerkis merkja með tegundarheiti með sérstökum stimpli.

50.
Eitt stimpilmerki skal setja á lifur úr svínum og stórgripum og eitt merki á hjarta úr stórgripum vegna útflutnings.

51.
Á aðrar sláturafurðir skal annaðhvort festa miða með heilbrigðismerki á umbúðir eða prenta heilbrigðismerki á umbúðir.

52.
Úrbeinað, pakkað kjöt og aðrar pakkaðar sláturafurðir skal merkja með heilbrigðismerki pökkunarstöðvar. Merkið skal setja á miða sem festur er á umbúðir eða prentað á þær þannig að það eyðileggist þegar umbúðir eru rofnar. Ef umbúðir eyðileggjast við opnun pakkninga þarf heilbrigðismerki ekki að eyðileggjast. Miðar með heilbrigðismerki skulu hafa raðnúmer.

53.
Ferskt kjöt sem pakkað er í neytendaumbúðir skal merkja með heilbrigðismerki samkvæmt lið 48. Heilbrigðismerki má smækka í réttum hlutföllum. Ef ferskt kjöt er endurpakkað skulu innri umbúðir vera með heilbrigðismerki þeirrar pökkunarstöðvar sem pakkaði vörunni, en ytri umbúðir skal merkja dreifingarstöð.

54.
Heilbrigðismerki fyrir sláturafurðir í öðrum heilbrigðisflokki:
Kjöt sem er dæmt hæft með skilyrðum um hitameðferð skal merkja með jafnhliða þríhyrningi með löggildingarnúmeri sláturhúss inni í merkinu.

55.
Sláturafurðir sem eru dæmdar óhæfar skal merkja með aflöngum ferhyrningi (6,5 x 3,5 cm) með orðinu „sjúkt“ innan í.

## XII. KAFLI
## Pökkun á fersku kjöti.

56.
Umbúðir skulu uppfylla allar hreinlætiskröfur og ákvæði reglugerðar nr. 537/1993, um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.

Þar með talið eftirfarandi:
a) Þær mega ekki menga kjötið né breyta bragði þess og lykt;
b) úr þeim mega ekki berast efni sem eru skaðleg heilsu fólks;
c) þær skulu vera heilar, hreinar, lekaheldar og nógu sterkar til þess að verja kjötið á fullnægjandi hátt í flutningum og meðhöndlun;
d) ekki má nota tré í umbúðir.

57.
Einungis má nota aftur umbúðir fyrir kjöt ef þær eru gerðar úr tæringarþolnu efni.

58.
Þegar kjöt og sláturmatur er sett í umbúðir skal það gert strax eftir stykkjun og skurð og uppfylla skal allar hreinlætiskröfur.

59.
Við flutning skal allt úrbeinað kjöt varið með innri umbúðum, nema það sé flutt hangandi eða í lokuðu magníláti.

60.
Sláturmat mismunandi sláturdýra má ekki pakka saman í umbúðir.

61.
Kjöt í innri umbúðum skal sett í ytri umbúðir sem koma í veg fyrir hnjask og mengun kjötsins.

62.
Heimilt er að stykkja, úrbeina og pakka í sama sal, ef eftirfarandi kröfum er fylgt:
a) Salurinn skal vera nægilega stór og innréttaður með þeim hætti að hreinlæti við starfsemina sé tryggt;
b) innri og ytri umbúðir skulu strax við framleiðslu settar í hlífðarumbúðir til varnar skemmdum í flutningi til kjötpökkunarstöðvar. Þær skulu geymdar í sérstöku rými í stöðinni þar sem skilyrðum um hreinlæti er fullnægt;
c) geymsla fyrir umbúðaefni skal vera laus við ryk og meindýr og ekkert loftstreymi skal vera milli hennar og rýma með efnum sem gætu mengað kjöt. Óheimilt er að geyma umbúðir á gólfi;
d) gæta skal fyllsta hreinlætis þegar umbúðum er safnað áður en þær eru fluttar inn í kjötskurðarsal;
e) gæta skal fyllsta hreinlætis þegar umbúðir eru fluttar inn í salinn og nota skal þær án tafar. Starfsfólk sem vinnur með ópakkað kjöt skal ekki meðhöndla þær;
f) flytja skal kjötið í viðeigandi geymslur strax eftir að því hefur verið pakkað.

63.
Í þeim umbúðum sem um getur í þessum kafla skal einungis vera stykkjað og úrbeinað kjöt af sömu dýrategund. Það á þó ekki við um neytendapakkningar.

## XIV. KAFLI
## **Geymsla á kjöti.**

64.
Ferskt kjöt skal kæla strax að lokinni skoðun eftir slátrun. Kjarnahiti í kjötskrokkum og skrokkhlutum skal vera minna en 4°C í kindakjöti og svínakjöti 24 klst. eftir slátrun og 48 klst. eftir slátrun í stórgripakjöti eigi að dreifa og selja kjötið kælt.

65.
Embætti yfirdýralæknis getur í einstaka tilfellum veitt undanþágu frá kröfu í tölulið 64, þegar um flutning til annarra kjötpökkunarstöðva og kjötvinnslustöðva í næsta nágrenni

sláturhússins er að ræða, svo framarlega sem flutningur vari ekki lengur en tvær klukkustundir og kjarnahitastig í afurðum sé lægra en 7°C.

66.
Sláturafurðir sem fluttar eru úr sláturhúsi að lokinni kælingu til frystingar annars staðar skulu fluttar rakleiðis frá sláturhúsi eða kjötpökkunarstöð í frystihús.

67.
Sláturafurðir má eingöngu frysta í frystum í sláturhúsi eða í löggiltum kjötfrystigeymslum.

68.
Kjöt sem ætlað er til frystingar skal frysta strax að lokinni kælingu. Úrbeinað kjöt sem ætlað er að meyrna fyrir frystingu skal frysta strax að lokinni meyrnun.

69.
Kjarnahiti í kjöti eftir frystingu skal vera -18°C eða lægri. Eftir frystingu skal það geymt við -18°C eða lægri hita og hitastig í frystigeymslum skal vera stöðugt.
Fersku kjöti sem er fryst skulu fylgja upplýsingar um frystingarmánuð og ár.

70.
Ekki má geyma aðrar vörur í kjötgeymslum nema tryggt sé að ekki stafi frá þeim mengun.

## XV. KAFLI
## **Flutningur.**

71.
Flutningsbúnaður fyrir sláturafurðir skal vera þéttur, með búnaði til að viðhalda hitastigi sem krafist er í XIV. kafla og innsiglaður þegar um útflutningsafurðir er að ræða.

72.
Embætti yfirdýralæknis getur við ákveðnar aðstæður veitt undanþágur vegna hitastigs við flutning á fersku kjöti samkvæmt 65. lið þessa viðauka.

73.
Flutningsbúnaður fyrir ferskt kjöt skal standast eftirfarandi kröfur:
a) Innveggir eða aðrir hlutar sem eru í snertingu við kjötið skulu vera úr tæringarþolnu efni og sem hvorki hefur áhrif á skynræna eiginleika kjötsins eða gerir það skaðlegt heilsu manna. Innveggir skulu vera sléttir og auðveldir að þrífa;
b) hann skal vera lekaþéttur og þannig búinn að kjötið sé varið fyrir ryki;
c) við flutninga á ópökkuðu kjöti skal hann útbúinn upphengibúnaði í þeirri hæð að kjötið snerti ekki gólf. Þetta á þó ekki við um loftflutninga svo framarlega að notaður sé tæringarþolinn búnaður til hleðslu, geymslu og losunar á kjötinu;
d) flutningstæki sem notuð eru fyrir kjöt má aldrei nota til að flytja lifandi dýr eða vörur sem geta haft áhrif á eða mengað kjötið.

74.
Vörur sem geta mengað kjötið og valdið óþrifum má ekki flytja í sama flutningstæki eða samtímis kjöti nema gripið sé til sérstakra öryggisráðstafanna.

Þegar flytja skal ópakkaðar afurðir skal tryggja fullkominn aðskilnað frá öðrum varningi.

75.
Óheimilt er að flytja kjöt í ökutæki eða gámi sem ekki er hreint og hefur ekki verið sótthreinsaður og er ekki með kæli- og frystibúnaði.

76.
Ætíð skal flytja heila og hálfa skrokka og fjórðunga hangandi, að undanskildu frystu kjöti sem pakkað er í samræmi við hreinlætiskröfur, nema þegar um loftflutninga er að ræða.

77.
Hengja skal önnur stykki og sláturafurðir upp eða setja á stoðir, ef þau eru ekki innpökkuð eða í tæringarþolnum ílátum. Slíkar stoðir, pakkningar eða ílát, skulu fullnægja hreinlætiskröfum og ákvæðum til umbúða í reglugerð þessari. Einungis er heimilt að nota þau á ný að lokinni hreinsun og sótthreinsun. Garnir skal ætíð flytja í lekaþéttum umbúðum eða ílátum, sem ekki má nota aftur fyrr en að hreinsun og sótthreinsun lokinni.

78.
Fyrir hleðslu skal kjötskoðunarlæknir ganga úr skugga um að flutningstækin og aðstæður við fermingu uppfylli hreinlætiskröfur þessa kafla.

5. júní 2003 Nr. 462

# REGLUGERÐ

## um Ábyrgðasjóð launa.

### I. KAFLI
### Almenn ákvæði.

1. gr.

*Gildissvið.*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist greiðslu á kröfum um vangoldin laun, bætur vegna slita á ráðningarsamningi, orlof, bætur vegna vinnuslysa og lífeyrisiðgjöld í bú vinnuveitanda sem hefur staðfestu og rekur starfsemi hér á landi. Í þeim tilvikum sem vinnuveitandi hefur staðfestu í fleiri en einu ríki ábyrgist sjóðurinn kröfur vegna þeirra launamanna sem að öllu leyti eða að jafnaði inna af hendi starfsskyldur sínar hér á landi, enda njóti kröfur þeirra ekki ábyrgðar í öðru ríki.

Ábyrgð sjóðsins er háð því skilyrði að kröfur skv. 1. mgr. hafi verið viðurkenndar sem forgangskröfur skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með fyrirvara um takmarkanir og frávik sem kveðið er á um í II., III. og IV. kafla laga um Ábyrgðasjóð launa nr. 88/2003.

Fari um skipti á búi vinnuveitanda samkvæmt lögum annars ríkis gilda ákvæði reglugerðar þessarar eftir því sem við á um meðferð krafna sem njóta ábyrgðar skv. 1. mgr.

2. gr.

*Kröfugerð á hendur Ábyrgðasjóði launa.*

Um form og efni kröfugerðar á hendur Ábyrgðasjóði launa fer samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð þessari. Stjórn sjóðsins getur ákveðið að heimila að kröfum verði skilað á rafrænu formi, sbr. IX. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum.

Þegar lýst er kröfu um vangoldin laun, bætur vegna launamissis í uppsagnarfresti eða orlofslaun, sbr. 7.-9. gr. og IV. kafla þessarar reglugerðar, skal lýsa kröfu um heildarlaun án frádráttar opinberra gjalda. Ábyrgðasjóður launa gerir skil á staðgreiðslu til skattyfirvalda, sbr. 22. gr., að teknu tilliti til framlagðs skattkorts launamanns þegar við á.

Ábyrgð sjóðsins á kröfum skv. 2. mgr. takmarkast við hámarksfjárhæð sem ákveðin er í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa.

3. gr.
*Ábyrgðartímabil o.fl.*

Ábyrgð sjóðsins tekur til krafna sem taldar eru upp í 1. gr. og fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir úrskurðardag eða réttur hefur unnist til á því tímabili. Þó er heimilt að miða ábyrgðartímabil við frestdag ef sú niðurstaða er hagstæðari fyrir kröfuhafa.

Í sérstökum undantekningartilvikum er sjóðnum heimilt að ábyrgjast kröfur sem gjaldfallið hafa utan ábyrgðartímabils skv. 1. mgr., að því tilskildu að eðlilega hafi verið staðið að innheimtu þeirra.

Sjóðstjórn er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að ábyrgjast kröfur án undangenginna gjaldþrotaskipta á búi vinnuveitanda, enda liggi fyrir að vinnuveitandi hafi sannanlega hætt rekstri og tilraunir kröfuhafa til að koma fram gjaldþrotaskiptum á búi hans hafi ekki borið árangur eða kostnaður af að koma fram gjaldþroti yrði að mati sjóðstjórnar óeðlilega mikill.

Beiting heimilda skv. 2.-3. mgr. skal ekki leiða til þess að ábyrgðartímabil verði lengra en 18 mánuðir.

4. gr.
*Undanþágur frá ábyrgð.*

Kröfur framkvæmdastjóra og stjórnarmanna hins gjaldþrota fyrirtækis njóta ekki ábyrgðar sjóðsins. Sama gildir um kröfur launamanns sem var eigandi, einn eða ásamt maka sínum eða öðrum nákomnum, að verulegum hlut í hinu gjaldþrota fyrirtæki og hafði umtalsverð áhrif á rekstur þess.

Ábyrgðasjóði launa er heimilt að hafna kröfum maka þeirra einstaklinga sem taldir eru upp í 1. mgr., annarra skyldmenna eða þeirra sem nákomnir eru þeim að öðru leyti, ef sýnt er fram á að kröfur þeirra séu óréttmætar með tilliti til framangreindra tengsla.

Heimilt er að lækka greiðslu úr sjóðnum miðað við gerða kröfu ef krafan telst óeðlilega há miðað við það starf sem kröfuhafi gegndi, starfstíma hans og þau launakjör sem tíðkast í viðkomandi starfsgrein eða eftir atvikum í hinu gjaldþrota fyrirtæki.

Ákvæði 1.–3. mgr. taka ekki til bótakrafna skv. 10. gr.

## II. KAFLI
## **Kröfur launamanna um greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa.**

5. gr.
*Kröfulýsing launamanns.*

Kröfulýsing launamanns á hendur Ábyrgðasjóði launa skal vera á sérstöku eyðublaði sem sjóðurinn lætur í té. Í kröfulýsingu skal greina eftirfarandi:

a. nafn, kennitölu og heimilisfang þess sem kröfu gerir auk bankareiknings kröfuhafa,
b. nafn, kennitölu og heimilisfang vinnuveitanda, hvenær bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta og hver frestdagur var,

c. hvaða starfi launamaður gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, launakjör og upplýsingar um á hvaða samningum þau voru byggð,
d. sundurliðun kröfu í höfuðstól, kostnað og vexti vegna hverrar einstakrar kröfu og upplýsingar um til hvaða tímabils hver krafa nær,
e. yfirlýsingu þess er kröfuna gerir, sem gefin er að viðlögðum drengskap, að þau atvik sem greinir í 4. gr. séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

6. gr.
*Fylgigögn með kröfulýsingu launamanns.*

Eftirtalin gögn skulu fylgja kröfulýsingu launamanns til Ábyrgðasjóðs launa, eftir því sem við getur átt:
a. kröfulýsing í þrotabú vinnuveitanda,
b. launaseðlar,
c. ráðningarsamningur eða ráðningarbréf,
d. upplýsingar um atvinnutekjur í uppsagnarfresti þegar gerð er krafa skv. 8. gr,
e. læknisvottorð eða önnur viðeigandi gögn, og
f. gögn um innheimtuaðgerðir, svo sem kröfubréf, aðfararbeiðni, gjaldþrotaskiptabeiðni, árituð stefna eða endurrit dóms.

Telji sjóðurinn að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt skal gefa þeim er kröfuna gerir kost á úrbótum innan hæfilegs frests. Berist sjóðnum ekki tilskilin gögn innan þess tíma skal líta svo á að kröfuhafi hafi fallið frá kröfu sinni.

7. gr.
*Ábyrgð á launakröfum.*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfu launamanns um vangoldin vinnulaun fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans í þjónustu vinnuveitanda. Til vinnulauna teljast greiðslur vegna umsamins vinnuframlags launamanns, þ. á m. launauppbætur, í hlutfalli við þann tíma sem krafa nýtur ábyrgðar sjóðsins.

Kröfur um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar, svo sem vegna ferða launamanns í þágu vinnuveitanda, njóta ekki ábyrgðar skv. 1. mgr.

8. gr.
*Ábyrgð á launum í uppsagnarfresti.*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfu launamanns um bætur vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsamningi.

Kröfu skv. 1. mgr. skulu fylgja gögn sem með ótvíræðum hætti sýna fram á að kröfuhafi hafi verið á vinnumarkaði og ástundað virka atvinnuleit í uppsagnarfresti. Við beitingu þessa ákvæðis skal miða við að atvinnuleit, svo sem skráning hjá opinberri vinnumiðlun, hefjist innan tveggja vikna frá starfslokum og standi markvisst yfir allan þann tíma sem ábyrgðar sjóðsins nýtur við.

Um uppgjör lífeyrisiðgjalda af kröfum skv. 1. mgr. gildir ákvæði 8. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar.

9. gr.
*Ábyrgð á kröfum um orlofslaun.*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfu launamanns um vangoldin orlofslaun sem launamaður á rétt á samkvæmt lögum, kjarasamningi eða venju, og áunnin eru á ábyrgðartímabili, sbr. 4. gr.

10. gr.

*Bætur vegna vinnuslyss eða dauðsfalls launamanns.*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfu launamanns um bætur vegna tjóns af völdum vinnuslyss og kröfu þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launamanns, enda taki tryggingar vinnuveitanda ekki til bótakröfunnar.

Hafi ekki fallið dómur um réttmæti kröfu skv. 1. mgr. á Ábyrgðasjóður launa sömu varnir og vinnuveitandi óháð því hvort skiptastjóri hafi viðurkennt kröfu sem forgangskröfu í þrotabú vinnuveitanda.

III. KAFLI

**Ábyrgð á kröfum um vangoldin lífeyrisiðgjöld.**

11. gr.

*Ábyrgð á lífeyrisiðgjöldum.*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfu lífeyrissjóðs og aðila sem hafa heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, um vangoldin lífeyrisiðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á ábyrgðartímabili skv. 3. gr. þessarar reglugerðar.

Ábyrgð sjóðsins takmarkast við kröfur um greiðslu á:

a. 10% lágmarksiðgjaldi skv. 2. gr. laga nr. 129/1997,
b. allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd, sbr. 9. gr. laga nr. 129/1997, eða
c. allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvæðum kjarasamnings í þeim tilvikum sem ekki hefur verið gerður samningur milli launamanns og vinnuveitanda skv. b-lið þessarar málsgreinar.

Um undanþágur frá ábyrgð vegna einstakra launamanna fer skv. 4. gr. þessarar reglugerðar.

12. gr.

*Kröfulýsing vegna lífeyrisiðgjalda.*

Kröfulýsing á hendur Ábyrgðasjóði launa samkvæmt þessum kafla skal vera á sérstöku eyðublaði sem sjóðurinn lætur í té. Í kröfulýsingu skal greina eftirfarandi atriði, eftir því sem við á:

a. nafn og kennitölu hvers launamanns sem krafa er gerð vegna,
b. nafn, kennitölu og heimilisfang vinnuveitanda, hvenær bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta og hver frestdagur var,
c. sundurliðun kröfu vegna hvers launamanns skipt niður í iðgjaldatímabil,
d. sundurliðun kröfu um viðbótarlífeyrissparnað vegna hvers launamanns skipt niður í iðgjaldatímabil,
e. sundurliðun áfallins kostnaðar.

13. gr.

*Fylgigögn með kröfulýsingu.*

Kröfulýsingu skv. 12. gr. skulu fylgja eftirtalin gögn, eftir því sem við á:

a. skilagreinar lífeyrisiðgjalda,
b. samningur um viðbótarlífeyrissparnað,
c. upplýsingar um ákvæði kjarasamnings sem greiðslukrafa er byggð á,
d. launaseðlar, hafi skilagreinar verið útbúnar á grundvelli þeirra,
e. önnur viðeigandi gögn, og
f. gögn um innheimtuaðgerðir kröfuhafa ásamt yfirliti um kostnað.

Telji sjóðurinn að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt skal gefa þeim er kröfuna gerir kost á úrbótum innan tiltekins frests. Berist sjóðnum ekki tilskilin gögn innan hæfilegs frests skal líta svo á að kröfuhafi hafi fallið frá kröfu sinni.

14. gr.

*Yfirlit til sjóðfélaga, o.fl.*

Ábyrgð sjóðsins á kröfum samkvæmt þessum kafla er háð því skilyrði að kröfuhafi sýni fram á að hann hafi uppfyllt skyldur sínar um upplýsingagjöf gagnvart sjóðfélaga og innheimtuaðgerðir vegna vanskila í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, sbr. reglugerð nr. 391/1998, með síðari breytingum.

Til að krafa um greiðslu vangoldinna iðgjalda vegna viðbótarlífeyrissparnaðar geti notið ábyrgðar sjóðsins skal vörsluaðili eigi sjaldnar en á hálfs árs fresti senda sjóðfélögum yfirlit um greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum.

Ábyrgð sjóðsins á iðgjaldakröfum samkvæmt þessum kafla er háð því skilyrði að eðlilega hafi verið staðið að innheimtutilraunum af hálfu lífeyrissjóðs eða vörsluaðila. Við beitingu þessa ákvæðis skal við það miðað að innheimtuaðgerðir vegna vangoldinna iðgjalda samkvæmt innsendum skilagreinum hefjist innan þriggja mánaða frá eindaga kröfu og að innheimtuaðili geti sýnt fram á að málinu hafi verið fram haldið á eðlilegum hraða eftir þann tíma.

Iðgjöld í vanskilum sem sanna má með skilagrein, byggðri á innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og iðgjöld samkvæmt skilagrein vinnuveitanda. Lokaaðvörun til vinnuveitanda skal send innan 90 daga frá dagsetningu reglulegs yfirlits. Um innheimtu fer að öðru leyti skv. 3. mgr.

Hafi lífeyrissjóður eða vörsluaðili hafið innheimtu á grundvelli áætlunar um upphæð vangoldinna iðgjalda, byggðri á síðustu skilagrein vinnuveitanda eða samningi um viðbótarlífeyrissparnað, og sú áætlun er síðar staðfest að hluta eða að fullu með launaseðlum launamanns eða á annan hátt sem Ábyrgðasjóður launa metur fullnægjandi, skal fara um ábyrgð skv. 3. mgr.

Ef sérstaklega stendur á er Ábyrgðasjóði launa heimilt að viðurkenna kröfu lífeyrissjóðs um lágmarksiðgjald, grundvallaða á launaseðlum, þó ekki hafi verið gætt þeirra fresta sem að framan greinir, svo sem ef viðkomandi lífeyrissjóður hefur ekki í tæka tíð getað sent sjóðfélaga lögboðið yfirlit eða hafið innheimtu á grundvelli áætlunar, þar eð honum hafi ekki verið kunnugt um launagreiðandann og tilvist iðgjaldskröfunnar.

IV. KAFLI

**Orlof vegna greiðsluerfiðleika vinnuveitanda.**

15. gr.

*Ábyrgð á orlofi vegna greiðsluerfiðleika.*

Standi vinnuveitandi ekki í skilum með greiðslu orlofslauna skv. 7. eða 8. gr. laga um orlof, nr. 30/1987, án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, getur launamaður eða hlutaðeigandi stéttarfélag í umboði hans snúið sér til Ábyrgðasjóðs launa með orlofskröfuna.

Kröfulýsing launamanns skv. 1. mgr. skal vera á sérstöku eyðublaði sem sjóðurinn lætur í té. Í kröfulýsingu skal greina eftirfarandi:

a. nafn, kennitölu og heimilisfang þess er kröfu gerir auk reikningsnúmers,
b. nafn, kennitölu og heimilisfang vinnuveitanda,
c. til hvaða tímabils krafan nær,
d. hvaða starfi launamaður gegnir eða gegndi hjá vinnuveitanda, og

e. yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að þau atvik sem greinir í 4. gr. þessarar reglugerðar séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

Kröfu um greiðslu orlofs skulu fylgja fullnægjandi gögn um fjárhæð hennar, þ.m.t. launaseðlar, og vottorð vinnuveitanda, löggilts endurskoðanda hans eða önnur staðfesting, sem sjóðurinn metur fullnægjandi, um réttmæti kröfunnar.

16. gr.

*Afstaða Ábyrgðasjóðs launa til orlofskröfu.*

Ef krafa launamanns uppfyllir skilyrði 15. gr. skal Ábyrgðasjóður launa þegar í stað skora á vinnuveitanda að greiða kröfuna eigi síðar en þremur vikum frá dagsetningu áskorunar.

Komi fram andmæli af hálfu vinnuveitanda sem sjóðurinn telur réttmæt, svo sem um að krafan hafi þegar verið greidd eða hún niður fallin af öðrum ástæðum, skal sjóðurinn vísa kröfunni frá. Kröfu skal einnig vísað frá ef fram er komin beiðni um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda.

Standi ákvæði 2. mgr. því ekki í vegi skal sjóðurinn innleysa kröfu launamanns eigi síðar en fimm vikum frá dagsetningu áskorunar skv. 1. mgr. Um ábyrgð sjóðsins fer að öðru leyti skv. ákvæðum 4. og 8. gr. reglugerðar þessarar og 6. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, eftir því sem við á.

## V. KAFLI
## Kröfulýsingafrestur og umsögn skiptastjóra.

17. gr.

*Frestur til að gera kröfu.*

Krafa á hendur Ábyrgðasjóði launa verður því aðeins tekin til greina að hún berist sjóðnum innan sex mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í bú vinnuveitanda í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

Hafi skiptum á dánarbúi vinnuveitanda verið lokið vegna eignaleysis, án þess að það hafi verið tekið til opinberra skipta, verður greiðslukrafa á hendur Ábyrgðasjóði launa að berast innan sex mánaða frá þeim málalokum. Ábyrgðasjóði er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

18. gr.

*Form og efni umsagnar.*

Skiptastjóri í þrotabúi eða dánarbúi skal svo fljótt sem auðið er láta Ábyrgðasjóði launa í té skriflega umsögn um hverja þá kröfu í búið sem til álita kemur að njóti ábyrgðar sjóðsins. Skiptastjóri skal gefa álit sitt um hverja kröfu fyrir sig, þ. á m. varðandi það hvort ákvæði 4. gr. þessarar reglugerðar geti átt við um kröfuhafa. Þá skulu eftirfarandi atriði koma fram í umsögninni:

a. úrskurðardagur gjaldþrots,
b. frestdagur,
c. nafn skiptabeiðanda,
d. lok kröfulýsingarfrests,
e. skrá yfir lýstar kröfur í búið, þar sem fram kemur hvort og að hvaða marki viðurkenndur hafi verið forgangsréttur í búið, og
f. upplýsingar um eignastöðu búsins.

Þegar um er að ræða þær aðstæður er greinir í 2. mgr. 17. gr. skal Ábyrgðasjóður launa leita umsagnar sýslumanns, sem skiptin áttu undir, um þau atriði sem hann getur vottað varðandi kröfuna, á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

Ef fyrir liggur umsögn skiptastjóra án þess að greiðslukrafa hafi borist skal Ábyrgðasjóður launa gera viðkomandi aðila eða umboðsmanni hans viðvart og veita nauðsynlegar leiðbeiningar um kröfugerð á hendur sjóðnum.

19. gr.
*Bráðabirgðaumsögn skiptastjóra.*

Hafi skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitanda til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna, en skiptastjóri lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar kröfunnar að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu, er heimilt að fara með kröfu launamanns á hendur Ábyrgðasjóði launa eins og fullnægt væri skilyrðum 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar.

Hafi krafa verið greidd úr Ábyrgðasjóði launa á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptastjóra, en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið, verður sú fjárhæð sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafin. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða atvik sem greinir í 28. gr.

20. gr.
*Aðilaskipti að rekstri.*

Ef atvinnurekstur hefur í heild eða að hluta verið framseldur til nýs aðila, í skilningi laga nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, áður en úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp skal skiptastjóri láta sjóðnum í té sérstaka umsögn um öll þau atvik sem honum er kunnugt um og skipt geta máli við mat á því hvort ábyrgð sjóðsins á kröfum starfsmanna kunni af þeim sökum að falla brott.

## VI. KAFLI
## Afgreiðsla og stjórnsýsla.

21. gr.
*Ákvörðun um greiðslu.*

Ábyrgðasjóður launa skal að jafnaði taka afstöðu til framkominnar kröfu innan fjögurra vikna frá því að umsögn skiptastjóra skv. 18. gr. berst sjóðnum. Ef ekki er unnt að taka afstöðu til kröfu innan frests, svo sem vegna frekari gagnaöflunar, skal tilkynna það kröfuhafa eða umboðsmanni hans og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við sjóðinn og leggja fram frekari gögn. Sjóðurinn getur óskað eftir skýringum kröfuhafa um einstaka þætti kröfu hans ef nauðsyn krefur.

Komi fram í umsögn skiptastjóra að ágreiningur sé um réttmæti kröfu hefst frestur skv. 1. mgr. þann dag sem sjóðnum berst tilkynning um lyktir ágreiningsins.

22. gr.
*Greiðslur.*

Þegar Ábyrgðasjóður launa hefur tekið ákvörðun um greiðslu kröfu skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr búi vinnuveitandans.

Um uppgjör á kröfum, þ.m.t. frádrátt vegna greiðslna frá vinnuveitanda og vegna atvinnutekna í uppsagnarfresti, fer skv. 6. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa.

Krafa skv. II. og IV. kafla skal greidd beint til viðkomandi launamanns nema hann hafi gefið öðrum umboð til að taka við greiðslu.

Krafa skv. III. kafla skal greidd lögmanni eða öðrum umboðsmanni viðkomandi lífeyrissjóðs.

Innheimtukostnaður skal greiddur lögmanni eða öðrum umboðsmanni launamanns, á grundvelli viðmiðunarreglna sem settar verða skv. 3. mgr. 9. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa.

Um greiðslu vaxta fer skv. 8. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa.

Ábyrgðasjóði launa ber að reikna staðgreiðslu skatta á kröfur launamanna sem sjóðurinn hefur samþykkt og skila til innheimtuaðila í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Við uppgjör kröfu skv. 1. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar skal Ábyrgðasjóður launa greiða til lífeyrissjóðs framlag vinnuveitanda og launamanns skv. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, óháð því hvort lýst hefur verið kröfu lífeyrissjóðs vegna launa í uppsagnarfresti. Sama máli gegnir um viðbótarlífeyrissparnað samkvæmt samningi vinnuveitanda og launamanns eða samkvæmt kjarasamningi.

Ábyrgðasjóður launa skal með sannanlegum hætti tilkynna þeim er kröfu gerir og skiptastjóra í búi vinnuveitandans niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins. Í tilkynningu skal sundurliða þá fjárhæð sem ábyrgðar nýtur skv. II.-IV. kafla þessarar reglugerðar.

23. gr.
*Málskot.*

Afgreiðslu Ábyrgðasjóðs launa má skjóta til stjórnar sjóðsins innan mánaðar frá móttöku tilkynningar skv. 9. mgr. 22. gr.

Stjórnin skal að jafnaði taka afstöðu til framkominnar kæru innan tveggja mánaða frá því að kæra berst. Skorti gögn eða nánari skýringar til að unnt sé að taka afstöðu til kröfu skal miða upphaf frests við þann dag sem þessar upplýsingar berast.

Heimilt er að kæra ákvarðanir stjórnar samkvæmt lögum þessum til félagsmálaráðuneytis innan tveggja mánaða frá því að aðila barst tilkynning um ákvörðunina. Þetta skerðir þó ekki rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum.

24. gr.
*Innlausn kröfu og fyrirsvar.*

Frá því að skiptastjóra berst tilkynning Ábyrgðasjóðs launa um innlausn kröfu, sbr. 9. mgr. 22. gr., fer sjóðurinn með fyrirsvar kröfu gagnvart búi vinnuveitanda að því leyti sem hann leysir kröfuna til sín. Nýtur krafa sjóðsins sömu stöðu í skuldaröð í búinu og hún hefði ella notið.

Sá sem gerir kröfu á hendur Ábyrgðasjóði launa á grundvelli reglugerðar þessarar má ekki aðhafast neitt það sem rýrt gæti endurkröfurétt sjóðsins á hendur búi vinnuveitanda. Er honum óheimilt að samþykkja, án sérstaks leyfis stjórnar sjóðsins, að kröfur fái komist að við gjaldþrotaskipti sem ekki hefur verið lýst fyrir lok kröfulýsingarfrests. Brjóti kröfuhafi eða umboðsmaður hans gegn þessu ákvæði hefur það í för með sér að ábyrgð samkvæmt reglugerð þessari fellur niður.

VII. KAFLI
**Ýmis ákvæði.**
25. gr.
*Fyrirsvar.*

Stjórn Ábyrgðasjóðs launa annast fyrirsvar fyrir sjóðinn og gætir hagsmuna hans í umboði félagsmálaráðherra.

Vinnumálastofnun annast daglega umsýslu og reikningshald sjóðsins, á grundvelli

þjónustusamnings. Stofnunin skal reglulega vinna yfirlit um afkomu sjóðsins og birta á heimasíðu sjóðsins.

Stjórn Ábyrgðasjóðs launa er heimilt að gefa út yfirlýsingu til skiptastjóra um ábyrgð á greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi og/eða Hæstarétti vegna mála er varða hagsmuni sjóðsins. Sá sem óskar eftir slíkri yfirlýsingu skal rökstyðja þá ósk og gera grein fyrir þeim hagsmunum sem hann telur að Ábyrgðasjóður launa hafi af viðkomandi máli.

26. gr.
*Framsal.*

Hafi launamaður framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitanda var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ábyrgðar sjóðsins. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi eða Atvinnuleysistryggingasjóði.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. og IV. kafla þessarar reglugerðar.

27. gr.
*Upplýsingar.*

Stjórnvöldum, vinnuveitendum og öðrum hlutaðeigandi aðilum er skylt að láta Ábyrgðasjóði launa í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna afgreiðslu sjóðsins á einstökum kröfum.

28. gr.
*Endurkrafa.*

Hafi greiðslu verið aflað úr Ábyrgðasjóði launa með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar eða leynt hafi verið atriðum, sem leitt hefðu til synjunar eða lækkunar á greiðslu úr sjóðnum samkvæmt lögum þessum, ber þeim er greiðsluna fékk að endurgreiða þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

Krafa um endurgreiðslu skv. 1. mgr. fellur úr gildi fyrir fyrningu þegar tvö ár eru liðin frá því að greiðsla átti sér stað.

Telji stjórn Ábyrgðasjóðs launa að greiðslu hafi verið aflað eða reynt hafi verið að afla greiðslu úr sjóðnum með saknæmum hætti skal málinu vísað til opinberrar rannsóknar.

VIII. KAFLI
**Önnur ákvæði.**

29. gr.
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 27. gr. laga nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 33/1995, um lífeyrissjóðsgreiðslur ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. júní 2003.*

**Árni Magnússon.**

*Gylfi Kristinsson.*

# REGLUGERÐ

**um merkingar búfjár.**

1. gr.
*Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja rekjanleika búfjárafurða frá upprunahjörð og/eða fæðingu viðkomandi dýrs til sölu afurða og skapa með því grundvöll að markvissu matvæla- og búfjáreftirliti, skráningu búfjársjúkdóma og meðhöndlun þeirra.

2. gr.
*Orðskýringar.*

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð merkingu sem hér segir:

1. *Búfé:* Hross, nautgripir, svín og alifuglar.
2. *Búsnúmer:* Landnúmer auk býlisskotts.
3. *Eftirlitsaðili:* Héraðsdýralæknir eða hver annar sem hefur með höndum eftirlit með framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar.
4. *Einstaklingsnúmer:* Einkvæmt númer/bókstafir fyrir hvern ásetningsgrip á landsvísu.
5. *Eldisnúmer:* Fjögurra stafa númer grísa samsett af tveggja stafa framleiðandanúmeri og tveggja stafa vikunúmeri.
6. *Framleiðandanúmer:* Tveggja stafa númer svínahjarðar ákveðið af landbúnaðarráðuneytinu.
7. *Vikunúmer:* Tveggja stafa númer vikunnar sem spenagrísinn er fæddur í.
8. *Gripanúmer:* Númer grips innan hjarðar sem jafnframt er síðasti hluti einstaklingsnúmers.
9. *Grís:* Spenagrís, fráfærugrís eða eldisgrís.
10. *Gylta:* Gylta sem hefur gotið.
11. *Heilsukort:* Safn upplýsinga með gögnum um meðhöndlun sjúkdóma og fyrirbyggjandi aðgerðir.
12. *Hjarðbók:* Gagnagrunnur eða skýrsluhaldsform sem umráðamanni búfjár, að alifuglum undanskildum, er skylt að skrá í tilgreindar upplýsingar um dýr í hans umsjón.
13. *Hjörð:* Hópur tiltekinnar búfjártegundar frá sama býli.
14. *Hópnúmer:* Ellefu stafa númer hóps í alifuglabúi.
15. *Landmarkaskrá:* Sjá reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.
16. *Líf-/ásetningsdýr:* Dýr sem sett eru á til undaneldis og/eða nytja.
17. *Merki:* Plötumerki, frostmerki, örmerki, rafræn merki, húðflúr eða önnur skráning sem yfirdýralæknir viðurkennir fyrir einstakar búfjártegundir.
18. *Skráningaraðili:* Aðili sem annast skráningu upplýsinga í umboði landbúnaðarráðuneytisins, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
19. *Stofn:* Sérstök ræktunarlína innan sömu búfjártegundar.
20. *Tölvuskráningarkerfi:* Skráningarkerfi sem yfirdýralæknir hefur eftirlit með.
21. *Svín:* Ásett lífdýr, gyltur og geltir.
22. *Valnúmer:* Númer sem umráðamaður nautgripa velur.
23. *Umráðamaður búfjár:* Eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þess í samræmi við lög nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.
24. *Slátrun:* Varðar bæði slátrun í sláturhúsi og heimaslátrun til eigin nota á lögbýli.

3. gr.

*Skráningarskylda.*

Umráðamaður búfjár skal senda upplýsingar til skráningaraðila í samræmi við ákvæði viðauka I við reglugerðina.

Allir umráðamenn búfjár skulu vera skráðir í tölvuskráningarkerfi fyrir merkingar búfjár, sbr. ákvæði 4. og 13. gr.

Skráningaraðili skal hafa lokið skráningu upplýsinga innan 5 virkra daga frá móttöku þeirra.

4. gr.

*Merkingarskylda.*

Umráðamaður búfjár ber ábyrgð á að allt búfé sem alið er á hans vegum sé merkt innan tilskilins tíma frá fæðingu með viðurkenndu merki, sem fylgir dýrinu alla ævi þess, sbr. ákvæðin fyrir einstakar búfjártegundir.

Ákvæði þessi gilda ekki um merkingar sauðfjár og geitfjár.

Óheimilt er að breyta eða fjarlægja einstaklingsnúmer/merki dýrs eða eldishóps, nema það sé orðið ólæsilegt eða skemmt. Missi dýr merki, glatist það, eða það er orðið ólæsilegt, skal umráðamaður án tafar endurmerkja dýrið með sams konar merki og sama númeri. Nýja merkið skal vera forprentað með upplýsingunum skv. a-d lið 6. gr. og með bókstafnum N aftan við búsnúmer, sem sýnir að um nýtt merki sé að ræða. Ef dýr ferst eða týnist skal það tilkynnt skráningaraðila.

5. gr.

*Kröfur um gerð plötumerkja fyrir ásetningsdýr.*

Plötumerki skulu þannig gerð að ekki sé unnt að nota þau aftur eftir að þau hafa verið fjarlægð. Upplýsingar á merkjum skal prenta fyrirfram með skýru letri sem ekki er hægt að breyta. Plötumerki til notkunar samkvæmt reglugerð þessari skulu viðurkennd af yfirdýralækni.

6. gr.

*Kröfur um upplýsingar á plötumerkjum ásetningsdýra.*

Eftirfarandi upplýsingar skal forprenta á merki fyrir nautgipi og svín:

a. YD-einkennisstafi embættis yfirdýralæknis.
b. IS-einkennisstafi Íslands.
c. Búsnúmer, þ.e. landnúmer og býlisskott.
d. Gripanúmer. Fyrir framan gripanúmer svína má þó prenta tveggja stafa framleiðandanúmer.
e. Heimilt er að litaskipta merkjum svína eftir stofni skv. reglum sem landbúnaðarráðuneytið setur.

Ekki er krafist einstaklingsmerkja á sláturgrísi og alifugla. Hafi grís/grísir fengið lyfjameðhöndlun skulu þeir auðkenndir við upphaf lyfjagjafar og skulu þær upplýsingar aðgengilegar eftirlitsaðila.

Heimilt er að nota eigin valnúmerakerfi fyrir nautgripi til viðbótar forprentuðum upplýsingum.

Óheimilt er að nota númer sem þegar eru í notkun innan hjarðarinnar. Líða skulu 10 ár milli notkunar á sama einstaklingsnúmeri innan hjarðar.

7. gr.
*Hjarðbók.*

Umráðamaður búfjár er ábyrgur fyrir færslu upplýsinga um öll dýr hjarðarinnar, annaðhvort í gagnagrunn eða á skýrsluform, sem skráningaraðili lætur í té, og viðurkennt er af yfirdýralækni.

Eftirfarandi upplýsingar um nautgripi skal skrá:

a. Fæðingardag/fæðingarmánuð og ár.
b. Einstaklingsnúmer dýrs.
c. Valnúmer, ef um slíkt er að ræða.
d. Kyn og stofn dýrsins. Einstaklingsnúmer móður og föður.
e. Dagsetningu slátrunar og ef dýrið ferst eða glatast.
f. Alla flutninga lífdýra til og frá hjörð, bæði varanlega og tímabundna og auk þess;
   i) nafn, heimilsfang og eigenda- eða bæjarnúmer sendanda og móttakanda;
   ii) fjölda dýra sem flutt/seld eru;
   iii) einstaklingsnúmer dýra sem eru flutt.
g. Dagsetning flutnings.
h. Móttekin plötumerki.

Eftirfarandi upplýsingar um svín skal skrá í hjarðbók:

a. Einstaklingsnúmer.
b. Fæðingardag.
c. Einstaklingsnúmer móður og föður.
d. Stofn.
e. Dagsetningu dauða eða slátrunar.
f. Alla svína og grísaflutninga til og frá hjörð, bæði varanlega og tímabundna og auk þess;
   i) nafn, heimilisfang og framleiðandanúmer sendanda og móttakanda;
   ii) fjölda dýra sem flutt/seld eru;
   iii) dagsetningu flutnings;
   iv) nafn og kennitölu flutningsaðila.

Þegar nýtt svín kemur inn í hjörð skal skrá einstaklingsnúmer þess. Þegar nýir grísir koma inn í hjörð skal skrá eldisnúmer þeirra.

8. gr.
*Heilsukort.*

Umráðamaður búfjár er ábyrgur fyrir að sjúkdómar í búfé hans og meðhöndlun þeirra sé skráð, sem og fyrirbyggjandi aðgerðir. Upplýsingar skulu skráðar á eyðublöð sem yfirdýralæknir viðurkennir eða í tölvuskrár. Við flutning dýra milli hjarða skal afrit heilsukorts fylgja dýrinu til móttakanda.

9. gr.
*Varðveisla hjarðbókar og heilsukorta.*

Hjarðbækur og heilsukort skulu umráðamenn búfjár varðveita í a.m.k. 10 ár. Sama gildir þótt framleiðslu sé hætt. Umráðamaður búfjár, skal að ósk héraðsdýralæknis, veita allar umbeðnar upplýsingar um uppruna, númer og eftir því sem við á, áfangastað þeirra dýra sem hann hefur átt, alið, selt á fæti eða slátrað.

10. gr.
*Ábyrgð sláturhúsa.*

Að dagsslátrun lokinni tilkynnir umsjónarmaður sláturhúss skráningaraðila á tölvutæku formi, hvaða dag slátrun fór fram, númer dýrs eða dýra, fjölda, uppruna þeirra, auk nafns og heimilisfangs sláturhúss.

Svínaafurðum sem fluttar eru frá sláturhúsi til frekari vinnslu og sölu í heilum skrokkum og/eða skrokkhlutum skal fylgja eldisnúmer, eða einstaklingsnúmer dýrs.

Kjúklingaafurðum sem fluttar eru til frekari vinnslu, sbr. 2. mgr. skal fylgja hópnúmer.

Hrossa- og nautgripaafurðum sem fluttar eru til frekari vinnslu, sbr. 2. mgr., skal fylgja einstaklingsnúmer dýrs, eftir því sem við á.

11. gr.
*Óskráð dýr.*

Komi í ljós að skráningu dýra í tiltekinni hjörð sé ábótavant skal stöðva allan flutning dýra frá hjörðinni þar til úr hefur verið bætt.

12. gr.
*Grunur um smitsjúkdóm.*

Vakni grunur um smitsjúkdóm í hjörð skal umráðamaður búfjár þegar í stað tilkynna það héraðsdýralækni, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og ákvæði reglugerðar nr. 665/2001, um viðbrögð við smitsjúkdómum.

13. gr.
*Tölvuskráningarkerfi.*

Vegna skráningar á upplýsingum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal vera til staðar samræmt tölvuskráningarkerfi sem aðgengilegt er öllum sem ala dýr til slátrunar og skulu umráðamenn búfjár hafa aðgang að upplýsingum er varða eigin gripi.

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón með rekstri skráningarkerfisins en felur Bændasamtökum Íslands eða öðrum til þess bærum aðilum að hafa umsjón með skráningu upplýsinga í tölvuskráningarkerfið skv. ákvæðum reglugerðar þessarar. Yfirdýralæknir hefur eftirlit með skráningu upplýsinga í kerfið f.h. landbúnaðarráðuneytisins.

Upplýsingar úr skráningarkerfi skv. 1. mgr. skulu heimilar yfirdýralækni, og öðrum aðilum, að fengnu leyfi frá landbúnaðarráðuneytinu.

14. gr.
*Merkingar nautgripa.*

Nautgripi skal merkja með plötumerki eða rafrænu merki innan 30 daga frá fæðingu eða áður en þeir eru fluttir frá viðkomandi hjörð. Kálfar sem slátrað er fyrir þann tíma skulu auðkenndir þannig að númer móður sé gefið upp við slátrun.

15. gr.
*Merkingar alifugla.*

Framleiðandi skal einkenna hvern alifuglahóp í útungunarstöð með sérstöku hópnúmeri. Númer þetta skal vera minnst ellefu tölustafir og þannig uppbyggt að fyrstu þrír tölustafirnir merkja alifuglaframleiðandann, síðan koma tveir tölustafir fyrir árið, tveir fyrir vikuna sem ungarnir eru klaktir í, tveir fyrir raðnúmer eldishópsins innan viku og loks tveir fyrir húsnúmer.

16. gr.
*Merkingar grísa og svína.*

Allir spenagrísir skulu merktir innan 20 daga frá fæðingu með fjögurra stafa eldisnúmeri (húðflúri) í eyra. Húðflúrið skal vera sýnilegt alla ævi dýrsins. Aðkeypt svín skulu merkt skv. 6. gr. í upprunahjörð. Heimaaldar ásetningsgyltur skal merkja skv. 6. gr. við tilhleypingu. Heimaalda ásetningsgelti skal merkja skv. 6. gr. eigi síðar en við 6 mánaða aldur.

17. gr.
*Merkingar hrossa.*

Öll ásetningsfolöld skulu einstaklingsmerkt við hlið móður fyrir 10 mánaða aldur. Folöld sem slátrað er fyrir þann tíma skulu auðkennd þannig að fæðingarnúmer móður sé gefið upp við slátrun.

Ekki er gerð krafa um að hross sem fædd eru fyrir 1. janúar 2003 séu merkt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar nema sérstakar markaðsaðstæður krefjist.

18. gr.
*Eftirlit.*

Eftirlit með framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar er í höndum yfirdýralæknis.

19. gr.
*Kostnaður.*

Kostnað sem hlýst af framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar bera eigendur búfjár, þó bera sláturleyfishafar þann kostnað sem af ákvæðum 2. mgr. 10. gr. hlíst.

20. gr.
*Refsiákvæði.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

21. gr.
*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. tl. 17. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum.

Reglugerðin er auk þess sett með hliðsjón af reglugerð þingsins og ráðsins, nr. 1760/2000/EB, reglugerðum ráðsins nr. 2628/1997/EB og 2629/1997/EB, reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar nr. 2630/1997/EB og 494/98/EB, tilskipunum ráðsins nr. 64/432/EBE og 92/102/EBE.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur jafnframt úr gildi eldri reglugerð um sama efni nr. 427/2002.

22. gr.
*Ákvæði til bráðabirgða.*

Gildistaka fyrir nautgripi: Allir kálfar, fæddir eftir 1. september 2003, skulu merktir samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Frá 1. janúar árið 2005 skulu allir nautgripir merktir samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Gildistaka fyrir alifugla: Allir alifuglar, sem slátrað er eftir 1. september 2003, skulu merktir samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Gildistaka fyrir svín og grísi: Allir grísir, sem slátrað er eftir 1. september 2003 skulu merktir samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 11. júní 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

VIÐAUKI I
**Skráningarfrestir/tímamörk.**

Í eftirfarandi töflu er ávallt miðað við virka daga:

| | |
|---|---|
| *Fæðingar* | Dagar eftir fæðingu |
| Kálfar | 30 |
| Grísir | 7 |
| Folöld | 30 |
| Alifuglar | Enginn, nema meðhöndlaða. |
| *Sendingar af búi* | Dagar eftir sendingu |
| Nautgripir | 7 |
| Hross | 7 |
| Svín | 7 |
| Alifuglar | Enginn |
| *Móttaka á bú* | Dagar eftir móttöku |
| Nautgripir | 7 |
| Hross | 7 |
| Svín | 7 |
| *Umráðamannaskipti* | |
| Dagar eftir skipti | 7 |
| Hver skráir | Seljandi |
| *Slátrun* | |
| Dagar eftir slátrun | 1 |
| Hver skráir | Sláturleyfishafi |
| *Dauði gripa* | |
| Dagar eftir dauða/týnist/brottskr. | 30 |
| *Sjúkdómsgreining* | |
| Dagar eftir greiningu | 2 |
| *Meðhöndlun dýralæknis* | |
| Dagar eftir meðhöndlun | 2 |
| *Hjarðmeðhöndlun* | |
| Dagar eftir meðhöndlun | 2 |

| | |
|---|---|
| *Sláturfrestur/nýting afurða* | |
| Dagar eftir slátrun | 2 |
| *Flutningsfrestur gripa* | |
| Dagar eftir flutning | 2 |
| *Flutningsfrestur á bú* | |
| Dagar eftir flutning | 2 |
| *Einstaklingsnúmeramerking* | |
| Aldur lífdýra | Innan |
| Nautgripir | 30 daga |
| Hross | Fyrir 10 mánaða aldur |
| Svín | 7 daga eftir tilhleypingu |
| Alifuglar | Enginn, nema meðhöndlun |
| *Slátrun á óinnskráðum unggripum* | |
| Nýskráðir dagar eftir slátrun: | 30 |

Nr. 464 20. júní 2003

# SAMÞYKKT

## um hundahald í Fellahreppi.

1. gr.

Hundahald í Fellahreppi sætir þeim takmörkunum sem getur í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í sveitarfélaginu leyfi til hundahalds með ákveðnum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi, og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem heimildin er gefin út fyrir.

Eftirfarandi skilyrði gilda í þéttbýli Fellahrepps í skipulögðum sumarhúsahverfum, á öðrum útivistarsvæðum og á merktum göngustígum:

a) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal umsókninni fylgja skriflegt samþykki allra eigenda íbúða í stigaganginum, svo og leigutaka, ef um leiguíbúðir er að ræða. Leigjandi þarf jafnan að framvísa samþykki leigusala síns.
b) Leyfisgjald vegna hundahalds skal greiða árlega til sveitarsjóðs, eftir samþykktri gjaldskrá sveitarstjórnar, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Heimilt er sveitarstjórn að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa, minnkahunda o.þ.h. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjóndaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga, fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

c) Við greiðslu gjalds skv. b-lið ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að hundurinn hafi verið hreinsaður af bandormum og hringormum. Hundar skulu færðir til hreinsunar ár hvert.
d) Ábyrgðartrygging hjá viðurkenndu vátryggingafyrirtæki er skilyrði fyrir skráningu, og skal vottorð þar um fylgja umsókn. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð er kr. 10.000.000 (tíu milljónir).
e) Hundinn skal örmerkja hjá dýralækni.
f) Hund skal ávallt hafa í taumi utanhúss og í fylgd manns sem hefur fullt vald yfir honum. Sé hundur tjóðraður á lóð, skal festarlengdin miðast við að fólk geti óhindrað gengið að aðaldyrum húss.
g) Leyfishafa ber að sjá svo um að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, eða raski ró manna. Hundeiganda er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
h) Ekki má hleypa hundi inn í skóla, leikvelli, íþróttavelli eða aðra þá staði sem um getur í hollustuháttareglugerð nr. 941/2002.
i) Óheimilt er að fara með hunda á almennar útisamkomur.
j) Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en tvo mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
k) Óheimilt er að hafa fleiri en tvo hunda eldri en tveggja mánaða gamla á sama heimilinu.
l) Ákvæði stafaliða h og i hér að framan sem takmarka umferð og lausagöngu hunda, eiga ekki við um nytjahunda að störfum.

Eftirfarandi skilyrði gilda í dreifbýli Fellahrepps:
a) Íbúar utan þéttbýlis í Fellahreppi þurfa ekki að sækja um leyfi fyrir hundahaldi, nema fleiri en tveir fullorðnir hundar séu á heimilinu.
b) Ekki þarf að greiða leyfisgjald af hundum. Þó skulu eigendur hunda greiða þann kostnað sem af lögbundnum hreinsunum og læknisaðgerðum hlýst, sbr. c-lið í 2. mgr. eftir því sem við á. Sömuleiðis ber eiganda að greiða þann kostnað sem af hlýst, ef hundurinn er tekinn í vörslu eða hann aflífaður, sbr. 6. gr.
c) Hundar í dreifbýli mega ganga lausir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. mgr. eftir því sem við á.

3. gr.

Umsóknir um leyfi til hundahalds skal leggja fram á skrifstofu Fellahrepps á þar til gerðum eyðublöðum.

4. gr.

Fellahreppur getur ráðið sérstakan dýraeftirlitsmann. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði sveitarfélagsins. Hann tekur óskilahunda í vörslu og þá aðra hunda sem eru í sveitarfélaginu í leyfisleysi.

Halda skal skrá yfir hunda sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um hundinn og eiganda hans. Skráin skal vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti og dýraeftirlitsmanni, sé hann starfandi.

5. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu. Alvarleg eða ítrekuð brot geta leitt til leyfissviptingar. Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir þar sem það er óheimilt, er heimilt að handsama og færa í vörslu. Hunda sem leyfi er fyrir og eru teknir í vörslu, er heimilt að afhenda leyfishafa, gangi hann eftir því innan einnar viku, og þá gegn yfirlýsingu leyfishafa þess efnis að hann viðurkenni að skulda áfallinn kostnað af vörslunni.

Sé ómerktur eða leyfislaus hundur tekinn í vörslu, skal auglýsa eftir eigandanum. Gefi sig enginn umráðamaður eða eigandi fram innan einnar viku, má færa hundinn til aflífunar. Sveitarsjóður ber kostnað af vörslu og aflífun hunds, en á endurkröfu á eiganda hans.

Hunda sem sannanlega ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja þegar í stað, og er lögreglu eða dýraeftirlitsmanni heimilt að færa þá til aflífunar án frekari tafa.

7. gr.

Samþykkt þessi sem sett er af sveitarstjórn Fellahrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Austurlands staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Fellahreppi nr. 652/1980.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir sem halda hunda við gildistöku samþykktarinnar, en hafa ekki leyfi fyrir þeim, skulu sækja um leyfi fyrir hundum sínum samkvæmt samþykkt þessari fyrir 1. ágúst 2003.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. júní 2003.*

F. h. r.
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 465 10. júní 2003

# REGLUR

## um (3.) breytingu á reglum nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þurfi umsækjandi um örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri að takast á hendur ferð til að mæta í viðtal eða skoðun vegna færnimats, örorkumats eða mats á endurhæfingarmöguleikum sem Tryggingastofnun ríkisins telur nauðsynlegt að fari fram, er heimilt að endurgreiða ferðakostnað samkvæmt ákvæðum 3. gr.

2. gr.

4. mgr. 6. gr. orðast svo:

Ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt 2. og 3. mgr. skal að jafnaði liggja fyrir áður en ferð er farin nema um bráðatilvik sé að ræða.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru af tryggingaráði á grundvelli stafliðs i í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. og 3. mgr. 36. gr. sömu laga, staðfestast hér með og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. júní 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

11. júní 2003 Nr. 466

# REGLUGERÐ

## um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila samkvæmt raforkulögum.

1. gr.
*Skipan.*

Sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila skal starfa í tengslum við eftirlit Orkustofnunar samkvæmt raforkulögum.

Iðnaðarráðherra skipar sex menn í samráðsnefndina til þriggja ára í senn eftir tilnefningu Samorku.

Nefndin velur sér formann. Skal nefndin tilkynna iðnaðarráðherra og Orkustofnun um formann nefndarinnar og aðsetur.

2. gr.
*Hlutverk.*

Samráðsnefndin er vettvangur eftirlitsskyldra aðila til þess að geta komið á framfæri viðhorfum til framkvæmdar og þróunar í eftirliti Orkustofnunar samkvæmt raforkulögum, s.s. umfang eftirlitsins, starfshátta og reksturs. Nefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum Orkustofnunar.

3. gr.
*Fundir með Orkustofnun.*

Fulltrúar Orkustofnunar skulu eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Skal Orkustofnun boða til fundar með nefndinni að minnsta kosti tvisvar á ári. Á fundunum skal annars vegar fjalla um stefnu og helstu áhersluþætti í starfsemi Orkustofnunar sem fram fer á grundvelli raforkulaga og hins vegar skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna þeirrar starfsemi skv. 4. gr. Samráðsnefndin getur jafnframt að eigin frumkvæði óskað eftir fundi með Orkustofnun til að fjalla um einstök mál.

4. gr.
*Álit á áætluðu rekstrarumfangi.*

Fyrir 15. september ár hvert skal Orkustofnun gefa iðnaðarráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna eftirlits á grundvelli raforkulaga. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun eftirlitsins undangengin þrjú ár.

Skýrslu Orkustofnunar skal fylgja umsögn samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila um áætlað rekstrarumfang vegna eftirlitsins næsta ár ásamt áliti orkumálastjóra á umsögninni.

Til að samráðsnefndin geti gefið umsögn skal Orkustofnun eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um framkvæmd eftirlitsins og kostnað vegna þess vegna næst liðins árs og áætlað rekstrarumfang næsta ár ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta gjaldtöku samkvæmt raforkulögum skal iðnaðarráðherra leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi. Skýrsla Orkustofnunar ásamt áliti samráðsnefndar skulu fylgja frumvarpinu sem viðaukar.

5. gr.
*Kostnaður.*

Hvorki ráðuneytið né Orkustofnun skulu bera kostnað af starfi samráðsnefndarinnar.

6. gr.
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með vísan til 2. mgr. 24. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og öðlast hún þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 11. júní 2003.*

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Kristín Haraldsdóttir.*

Nr. 467 19. júní 2003

# REGLUR

## um breyting á reglum nr. 6/2003, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2003.

1. gr.

Við kafla 3.2. Frádráttur á móti dagpeningum, bætist eftirfarandi:

*Frádráttur á móti dagpeningum innanlands.*

| | júní - september | október - desember |
|---|---|---|
| Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring | 15.400 kr. | 12.900 kr. |
| Fyrir gistingu í eina nótt | 10.000 kr. | 7.700 kr. |
| Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag | 5.400 kr. | 5.200 kr. |
| Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag | 2.700 kr. | 2.600 kr. |

2. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 19. júní 2003.*

F. h. r.
**Erla Þ. Pétursdóttir.**

*Ólafur Páll Gunnarsson.*

# AUGLÝSING

## um deiliskipulag frístundahúsa í landi Forsætis III í Vestur-Landeyjum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra, þann 31. maí 2003, deiliskipulag frístundahúsa í landi Forsætis III, Vestur-Landeyjum, Rangárþingi eystra.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 3 frístundahúsa ásamt vegagerð að svæðinu.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 13. júní 2003.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Rúnar Guðmundsson** byggingarfulltrúi.

18. júní 2003 Nr. 469

# AUGLÝSING

## um breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis III, Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar þann 20. maí 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis III frá 17. september 1991.

Breytingin felst í því að á lóðinni Kiðagil 1 verði byggð 4 tveggja hæða fjölbýlishús í stað eins þriggja hæða húss með blandaðri notkun.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Akureyri, 18. júní 2003.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalín,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

20. júní 2003 Nr. 470

# SAMÞYKKT

## um kattahald í Fellahreppi.

1. gr.

Kattahald í Fellahreppi sætir þeim takmörkunum sem getur í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í þéttbýli Fellahrepps leyfi til kattahalds með ákveðnum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem það er gefið út fyrir.

Kattahald í dreifbýli sætir að öllu jöfnu ekki takmörkunum. Þó getur sveitarstjórn, telji hún, heilbrigðiseftirlit eða héraðsdýralæknir brýna þörf á, takmarkað kattahald í dreifbýli.

Eftirfarandi skilyrði gilda í þéttbýli Fellahrepps og skipulögðum sumarhúsahverfum:

a) Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi, skal umsókninni fylgja skriflegt samþykki allra eigenda íbúða í stigaganginum, svo og leigutaka, ef um leiguíbúðir er að ræða. Leigjandi þarf jafnan að framvísa samþykki leigusala síns.
b) Leyfisgjald vegna kattahalds skal greiða árlega til sveitarsjóðs, eftir samþykktri gjaldskrá sveitarstjórnar, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu kattarins, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga, fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
c) Við greiðslu gjalds skv. b-lið ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum.
d) Ábyrgðartrygging hjá viðurkenndu vátryggingafyrirtæki er skilyrði fyrir skráningu. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns sem kötturinn kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð er kr. 10.000.000 (tíu milljónir).
e) Við skráningu skal örmerkja köttinn hjá dýralækni.
f) Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna.
g) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en þrjá mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
h) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.
i) Leyfishöfum ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta m.a. að næturlagi.
j) Ekki má hleypa köttum inn í skóla, leikvelli, íþróttavelli eða aðra þá staði sem um getur í hollustuháttareglugerð nr. 941/2002.
k) Leyfishafa ber að hafa sandkassa fyrir köttinn á sinni lóð.

3. gr.

Umsóknir um leyfi til kattahalds skal leggja fram á skrifstofu Fellahrepps á þar til gerðum eyðublöðum.

4. gr.

Fellahreppur getur ráðið sérstakan dýraeftirlitsmann. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði sveitarfélagsins og heilbrigðisnefndar. Hann tekur óskilaketti og flækingsketti í vörslu.

Halda skal skrá yfir ketti sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um köttinn og eiganda hans. Skráin skal vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti og dýraeftirlitsmanni, sé hann starfandi.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta fanga í búr ómerkta og leyfislausa ketti, enda sé framkvæmdin auglýst með áberandi hætti með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.

Sé kvartað undan ágangi katta í íbúðahverfum er heimilt að láta veiða þá í búr og fanga ómerkta og leyfislausa ketti, án þess að það sé auglýst sérstaklega.

Sé fangaðra katta ekki vitjað innan einnar viku, er heimilt að láta aflífa þá.

6. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi kattarins sæta skriflegri áminningu. Endurtekin eða alvarleg brot geta leitt til leyfissviptingar.

Leyfishafa er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

7. gr.

Ketti sem leyfi er fyrir og teknir eru í vörslu er heimilt að afhenda leyfishafa, gangi hann eftir því innan einnar viku, og þá gegn yfirlýsingu þess efnis að hann viðurkenni að skulda áfallinn kostnað af vörslunni.

Sé ómerktur eða leyfislaus köttur tekinn í vörslu, skal auglýsa eftir eigandanum með áberandi hætti. Gefi sig enginn umráðamaður eða eigandi fram innan einnar viku, er heimilt að færa köttinn til aflífunar.

Sveitarsjóður ber kostnað af vörslu og aflífun katta, en á endurkröfu á eigendur þeirra.

8. gr.

Samþykkt þessi sem sett er af sveitarstjórn Fellahrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Austurlands staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 172/1995 um kattahald í Fellahreppi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir sem halda ketti við gildistöku samþykktarinnar, en hafa ekki leyfi fyrir þeim, skulu sækja um leyfi fyrir þeim samkvæmt samþykkt þessari fyrir 1. ágúst 2003.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. júní 2003.*

F. h. r.
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

26. maí 2003 Nr. 471

# AUGLÝSING

## um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Jófríðarstaði – Skuld“ í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 13. maí 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Jófríðarstaði - Skuld“. Breytingin gerir m.a. ráð fyrir þremur nýjum íbúðarhúsalóðum, deiliskipulagi fyrir tvær lóðir var frestað.

Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 26. maí 2003.*

F.h. Hafnarfjarðarbæjar og Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,

**Lilja Grétarsdóttir** arkitekt.

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag íbúðarsvæðis Vaðlabyggðar í landi Veigastaða I, Svalbarðsstrandarhreppi.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 6. maí 2003 samþykkt deiliskipulag íbúðarsvæðis í landi Veigastaða I.

Deiliskipulagið tekur til 10 einbýlishúsalóða á um 4 ha svæði.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Svalbarðseyri, 19. júní 2003.*

F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps,

**Árni K. Bjarnason** sveitarstjóri.

Nr. 473 18. júní 2003

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Sandgerði, Miðtún og umhverfi.**

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 8. maí 2002 samþykkt deiliskipulag íbúðar-, útvistar- og athafnasvæðis o.fl. við Miðtún og umhverfi.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Sandgerði, 18. júní 2003.*

F.h. Sandgerðisbæjar,

**Guðfinnur G. Þórðarson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 474 25. júní 2003

# REGLUGERÐ

**um útgáfu kennitölu við skráningu í fyrirtækjaskrá.**

1. gr.

Við skráningu í fyrirtækjaskrá skal hinum skráða gefin kennitala.

Einstaklingar með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu þó auðkenndir í fyrirtækjaskrá með kennitölu þeirra samkvæmt þjóðskrá.

Við nýskráningu í fyrirtækjaskrá ásamt útgáfu á kennitölu skal taka sérstakt skráningargjald kr. 5.000.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá öðlast gildi 1. júlí 2003.

*Fjármálaráðuneytinu, 25. júní 2003.*

F. h. r.
**Maríanna Jónasdóttir.**

*Ragnheiður Snorradóttir.*

25. júní 2003 Nr. 475

# AUGLÝSING

## um breytingu á deiliskipulagi í Sjálandi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi í Sjálandi í Garðabæ.

Í breytingunni felst að a) tvær lóðir, Strandvegur 2 og Strandvegur 4, 8 og 10, eru sameinaðar í eina lóð og b) þrjár lóðir, Norðurbrú 1 - Norðurbrú 3, 5, Strandvegur 18, 20 og 22 og Strandvegur 12, 14 og 16, eru sameinaðar í eina lóð. Heildarfjöldi íbúða og heildarflatarmál húsa á sameinuðum lóðum verður óbreytt. Skilmálar hverfisins eru óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 25. júní 2003.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

23. júní 2003 Nr. 476

# AUGLÝSING

## ríkisskattstjóra nr. 9/2003 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2004.

Á árinu 2004 verður sérstakur tekjuskattur lagður á tekjur ársins 2003 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2004 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 2003 til desember 2003. Fyrirframgreiðslan er ákveðin við álagningu á árinu 2003 og skal vera 5% af tekjuskattstofni umfram 4.089.450 kr. hjá einstaklingi og 8.178.900 kr. hjá hjónum samkvæmt skattframtali ársins 2003 vegna tekna á árinu 2002. Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða ef hann getur sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hefur orðið hjá honum milli áranna 2002 og 2003. Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um umsóknir um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2004:

1. gr.

Telji skattaðili að tekjur hans muni lækka verulega á árinu 2003 frá því sem var á árinu 2002 getur hann sent skattstjóra rökstudda umsókn, studda nauðsynlegum gögnum, þar sem

óskað er eftir lækkun á fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2004. Umsóknin skal hafa borist skattstjóra fyrir 31. desember 2003.

2. gr.

Skattstjóri skal taka umsókn til greina og lækka þegar ákveðna fyrirframgreiðslu ef ætla má að hún sé að minnsta kosti 20.000 kr. hærri en hún yrði miðað við rökstudda áætlun um tekjur ársins 2003.

3. gr.

Skattstjóri skal úrskurða um umsókn skv. 1. gr. innan 15 daga frá því umsókn barst honum. Ákvörðun skattstjóra er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 23. júní 2003.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

Nr. 477 20. júní 2003

# SAMÞYKKT

## um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps nr. 806/2002.

1. gr.

Í stað orðsins „fyrsta" í 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar kemur: annan.

2. gr.

11. tölul. 52. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

*Landbúnaðarnefnd.* Þrír aðalmenn og þrír til vara. Landbúnaðarnefnd fer með málefni sveitanna, einkum hvað varðar landbúnaðarmál og samgöngumál í dreifbýli, er til ráðgjafar varðandi búfjáreftirlit í samræmi við lög nr. 103/2002 og reglugerð nr. 743/2002, fer með fjallskilamál samkvæmt lögum um afréttamálefni nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur nr. 472/1991, gerir tillögur um fyrirkomulag refa- og minkaveiða og annast þau mál önnur er sveitarstjórn felur henni.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Djúpavogshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. júní 2003.*

F. h. r.
**Garðar Jónsson.**

*Guðjón Bragason.*

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.

1. gr.

Í stað orðanna: „Hollustuverndar ríkisins" í 1. mgr. 3. gr. og hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

2. gr.

1. tölul. 6. gr. orðast svo:

Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og óþægindi af völdum hávaða.

3. gr.

Á eftir 6. gr. reglugerðarinnar koma þrjár nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (7. gr.)

Þegar meta skal heilsuspillandi áhrif hávaða, skal sérstaklega hafa í huga:

a. Styrk hávaðans mældan í decibel(A).
b. Tónhæð hávaðans.
c. Hvort hávaðinn er stöðugur eða breytilegur.
d. Daglega tímalengd hávaðans.
e. Tíma sólarhringsins er hávaðinn varir.
f. Heildartímabil sem ætla má að hávaðinn vari (dagar, vikur).

Líta ber á 85 decibel(A) sem hámark leyfilegs viðvarandi hávaða, en þó ber að meta hvert tilvik í samræmi við 1. mgr.

Heilbrigðisnefnd getur krafist sérstaks útbúnaðar á veitinga- og samkomuhúsum til að fyrirbyggja að gestir verði fyrir óþægindum/heyrnarskaða af völdum hávaða.

4. gr.

b. (8. gr.)

Heilbrigðisnefnd getur bannað mjög hávaðasömum flutninga- og farartækjum umferð um tilteknar götur í íbúðahverfum og í nágrenni sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana að kvöldlagi, um nætur eða allan sólarhringinn eftir atvikum.

Heilbrigðisnefnd getur gefið fyrirmæli varðandi hljómflutningstæki og önnur tæki á almannafæri, sem valdið geta hávaða og ónæði.

5. gr.

c. (9. gr.)

Flugvelli má ekki staðsetja eða breyta þeim þannig, að heilsuspillandi hávaði hljótist af eða truflun á einkalífi manna, vinnufriði eða næturró.

Sérstakt tillit ber hér að taka til sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana.

Bannað er að byggja íbúðarhús í nágrenni flugvalla í aðflugsstefnu flugbrauta þar sem hætta er á slysum og að hávaði fari yfir leyfileg mörk.

Sveitarstjórn getur, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, takmarkað flugtök og lendingar flugvéla við ákveðna tíma sólarhrings á flugvöllum nálægt byggð og bannað alveg lendingar og flugtök þeirra flugvélagerða, sem eru sérstaklega hávaðasamar.

Við flugvelli skulu gilda hávaðatakmarkanir vegna flugumferðar og sé flugi jafnan hagað svo að sem minnstri truflun valdi íbúum nærliggjandi byggða.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. júní 2003.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

Nr. 479 26. júní 2003

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

*Lækjargata 6b, Kvosin.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. júní 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Lækjargötu 6b.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Spöngin.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. apríl 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Spöngina.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Keilufell, Breiðholt III.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 1. apríl 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Keilufell.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Sigtún 38, Grand Hótel.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. september 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Sigtún 38.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 26. júní 2003.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

**Stjórnartíðindi B 74, nr. 450–479. Útgáfudagur 30. júní 2003.**

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 468 | 13. júní | Auglýsing um deiliskipulag frístundahúsa í landi Forsætis III í Vestur-Landeyjum | 1529 |
| 469 | 18. júní | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis III, Akureyri | 1529 |
| 470 | 20. júní | Samþykkt um kattahald í Fellahreppi | 1529-1531 |
| 471 | 26. maí | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Jófríðarstaði – Skuld" í Hafnarfirði | 1531 |
| 472 | 19. júní | Auglýsing um deiliskipulag íbúðarsvæðis Vaðlabyggðar í landi Veigastaða I, Svalbarðsstrandarhreppi | 1532 |
| 473 | 18. júní | Auglýsing um deiliskipulag í Sandgerði, Miðtún og umhverfi | 1532 |
| 474 | 25. júní | Reglugerð um útgáfu kennitölu við skráningu í fyrirtækjaskrá | 1532-1533 |
| 475 | 25. júní | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Sjálandi í Garðabæ | 1533 |
| 476 | 23. júní | Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 9/2003 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2004 | 1533-1534 |
| 477 | 20. júní | Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps nr. 806/2002 | 1534 |
| 478 | 24. júní | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 933/1999 um hávaða | 1535-1536 |
| 479 | 26. júní | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík | 1536 |